


skoðun 14

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Fólk
Séreignarsparnaður










# FRÉTTABLAÐIÐ

Þriðjudagur
27. mars 2012
73. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup júlí - september 2011




## Leikhúsið út á jaðarinn

*Alþjóðlegur dagur leiklistar er haldinn í dag. María Kristjánsdóttir telur leikhúsið hafa færst út á jaðarinn.*

tímamót 16

## Þrjár stjörnur fyrir Gnarr

*Hótel Volkswagen er vel leikin en innihaldsrýr segir gagnrýnandi Fréttablaðsins.*

menning 22



## Gylfi náði ekki metinu

*Eiður Smári Guðjohnsen á áfram einn metið yfir flest mörk í einum mánuði.*

sport 26

## veðrið í dag




**ALLHVASST N-TIL** í dag en annars hægari. Skúrir um landið vestanvert en nokkuð bjart A-til. Hiti 2-10 stig, hlýjast NA-til.

VEÐUR 4

# Vilja reisa Búlandsvirkjun

**Suðurorka segir Búlandsvirkjun í biðflokki vegna óljósra hugmynda um stækkun þjóðgarðs. Var metin einn hagkvæmasti virkjanakosturinn í fyrri hluta rammaáætlunar. Er á aðalskipulagi og matsáætlun til.**

**VIRKJANIR** Búlandsvirkjun í Skaftárhreppi var metin einn hagkvæmasti virkjanakosturinn í fyrri hluta Rammaáætlunar um vernd og nýtingu náttúrusvæða. Virkjunin er þó ekki í nýtingarflokki heldur sett í biðflokk, sem þýðir að afstaða verður tekin til hennar síðar.

Suðurorka ehf. hefur gert samninga við stærstan hluta vatnsréttarhafa vegna virkjunarinnar. Þá hefur fyrirtækið keypt rannsóknargögn af Landsvirkjun og Rarik og hyggur á 150 megawatta virkjun á svæðinu. Það yrði stærsta vatnsaflsvirkjun í einkaeigu hér á landi. Guðmundur Valsson, framkvæmdastjóri Suðurorku, segir mikil vonbrigði að virkjunin sé sett í biðflokk, þrátt fyrir að hafa verið metin einn af þremur bestu kostunum.

„Efnislegu rökin fyrir að setja okkur í bið voru frekar slöpp. Hluti af því voru umræður um stækkun Vatnajökulsþjóðgarðs á meðan við vorum að meta þetta.“ Umræðan hafi leitt til þess að kosturinn var ekki metinn almennilega.

„Þetta eru ekki efnislegg rök og það pirrar okkur ansi mikið að hugleiðingar sveitarstjórnarmanna um risastóran þjóðgarð hafi orðið til þess að einn kostur sé ekki metinn almennilega.“

> Efnislegu rökin fyrir að setja okkur í bið voru frekar slöpp.
>
> **GUÐMUNDUR VALSSON**
> FRAMKVÆMDASTJÓRI SUÐURORKU

Guðmundur segir virkjunina vera á aðalskipulagi Skaftárhrepps sem vanti sárlega búbót. Þá sé matsáætlun lokið og færi virkjunin í nýtingarflokk gæti umhverfismati verið lokið um mitt næsta ár.

Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að reynt sé að afla stuðnings við þingsályktunartillögu um að færa virkjunina í nýtingarflokk. Hvorki Björgvin G. Sigurðsson né Róbert Marshall, þingmenn Samfylkingarinnar í Suðurkjördæmi, munu vera meðflutningsmenn slíkrar tillögu. Róbert vill kostinn í verndarflokk en Björgvin segist myndu taka afstöðu til tillögunnar í þinglegri meðferð, kæmi hún fram.

Sigurður Ingi Jóhannsson, þingmaður Framsóknarflokksins í Suðurkjördæmi, vill skoða málið betur. „Mér líst í sjálfu sér vel á virkjanakostinn. Hann skoraði mjög hátt í fyrstu rammaáætlun en endar svo í biðflokki, raunar eins og allar aðrar virkjanir í Skaftárhreppi.“ **- kóp**



**ÓVENJULEG UMFERÐ** Drengur í frönsku borginni Brignoles reynir að komast leiðar sinnar með litlum árangri. Franskir smalar hafa síðustu daga blásið til mótmæla vegna ákvörðunar þarlendra stjórnvalda um að standa vörð um hópa úlfa sem hafa gert Frakkland að heimkynnum sínum. Úlfar hurfu úr franskri náttúru á fyrri hluta síðustu aldar en þeir hafa komið inn í landið á ný á síðustu árum. NORDICPHOTOS/AFP



**FURÐULEGT** Ragnar Hansson leikstjóri segir skrítið að fá ekki að taka upp grín í Leifsstöð. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Mið-Ísland ósátt við Isavia:

## Fengu ekki að grína í Leifsstöð

**FÓLK** Grínhópurinn Mið-Ísland fékk ekki að taka upp atriði fyrir sjónvarpsþátt sinn í Leifsstöð í haust. Ragnar Hansson, leikstjóri þáttanna, segir mjög skrítið að fá ekki aðgang að einu millilandaflugstöð landsins.

„Við vorum ekki að biðja um leyfi fyrir að taka upp á stöðum sem hefur ekki verið tekið upp á áður,“ segir hann.

Friðþór Eydal, talsmaður Isavia, segir ekki leyfilegt að taka upp við öryggishlið flugstöðvarinnar af öryggisástæðum. „Við förum eftir ákveðnum starfsreglum í þessum málum og skoðum hvert tilvik sérstaklega.“

**- áp /** **sjá síðu 30**

Nýtt kvótafrumvarp gerir ráð fyrir tuttugu ára leigutíma með framsali:

# Kvótinn verður sameign þjóðarinnar

**SJÁVARÚTVEGUR** Tryggja á að auðlindir í hafi verði ævarandi eign þjóðarinnar með nýju frumvarpi um fiskveiðistjórnun. Steingrímur J. Sigfússon, land-búnaðar- og sjávarútvegsráðherra, og Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra kynntu frumvarpið í gær. Þau vonuðust til að það væri grundvöllur fyrir sátt um sjávarútvegsmál.

Frumvarpið gerir ráð fyrir því að gerðir verði nýtingarsamningar til 20 ára um aflaheimildir. Ákveðið framsal er heimilt á þeim tíma. Að honum loknum verður hægt að framlengja samningum til eins árs í senn. Þá er aflaheimildum skipt í tvo flokka, nýtingarleyfi til útgerða og til ríkisins. Síðarnefndi flokkurinn fer í leigu, strandveiðar og fleira.

„Aðalatriðið er að það er reynt að ganga frá því í eitt skipti fyrir öll að hér sé um ævarandi sameiginlega auðlind í eigu þjóðarinnar að ræða,“ segir Steingrímur.

Sett verður á fast veiðigjald og ofan á það auðlindarenta sem tekur mið af afkomu útgerðarinnar.



STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON



SIGURÐUR INGI JÓHANNSSON



FRIÐRIK J. ARNGRÍMSSON

Sigurður Ingi Jóhannsson, þingmaður Framsóknarflokksins, segir margt gott í frumvarpinu. Hækkun á veiðileyfagjaldi sé hins vegar úr öllu hófi.

Friðrik J. Arngrímsson, framkvæmdastjóri LÍÚ, segir gjaldið munu gera fjölda fyrirtækja gjaldþrota. „Þetta er ekki skattur á hagnað umfram það sem gerist í öðrum atvinnugreinum. Hér er farið beint í það sem er metinn hagnaður.“ **- kóp /** **sjá síðu 10**







## SPURNING DAGSINS



*Dóri, snýst blúsinn ekki meira um ógæfu?*

„Nei, hann snýst um að snúa ógæfu sér í hag. Það virkar þó ekki á alla.“

Halldór Bragason blúsari segir að gæfa fylgi þeim sem koma fram á Blúshátíð í Reykjavík sem verður haldin um páskana.

Nýjar tölur frá Hagstofunni sýna að tekjujöfnuður eykst jafnt og þétt milli ára:

# Launadreifing aldrei verið jafnari

**SAMFÉLAGSMÁL** Tekjur Íslendinga dreifðust jafnar í fyrra en þær hafa gert síðan mælingar Hagstofunnar hófust árið 2004. Bilið milli tekjuhópa í landinu hefur minnkað verulega frá árinu 2009. Upplýsingarnar koma úr nýrri lífskjarakönnun Hagstofunnar.

Tekjuhæsti fimmtungurinn er nú með 3,3 sinnum hærri tekjur en sá lægsti, en hlutfallið var 4,2 árið 2009. Kaupmáttur er svipaður og hann var árið 2004 hjá öllum tekjuhópum. Þetta er meðal þess sem fram kemur í nýjum Hagtíðindum um lágtekjumörk og tekjudreifingu 2011 sem Hagstofa Íslands gaf út í gær.

Í fyrra voru 13,6 prósent Íslendinga undir lágtekjumörkum eða í hættu á félagslegri einangrun. Til að falla í þann hóp þarf annað hvort að vera undir lágtekjumörkum, búa við verulegan skort á efnislegum gæðum eða búa á heimilum þar sem vinnuþátttaka er mjög lítil. Árið 2010 var Ísland með lægsta hlutfall meðal þeirra Evrópulanda sem standa að mælingunni. Hlutfall einstaklinga undir lágtekjumörkum var 9,2 en það hefur aldrei mælst lægra.



**JÖFNUÐUR** Dreifing launa í landinu hefur aldrei verið jafnari frá því mælingar hófust árið 2004.
FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Mælingin er grunnur að einu af fimm lykilmarkmiðum Evrópusambandsins fyrir árið 2020. - sv

Tengsl við vændishring:

## Strauss-Kahn ákærður í gær

**FRAKKLAND, AP** Dominique Strauss-Kahn, fyrrverandi framkvæmdastjóri Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS), var ákærður í Lille í Frakklandi í gær fyrir tengsl sín við vændishring þar í landi.

Dómarar yfirheyrðu Strauss-Kahn í margar klukkustundir í gær. Lögmaður hans sagði við fjölmiðla að hann væri sakaður um að hafa keypt sér vændi og hafa átt þátt í skipulagningu vændishringsins. Hann neitar öllum ásökunum. - sv



**NÝR FORSETI** Senegalar fögnuðu kjöri Macky Sall í embætti forseta.
NORDICPHOTOS/AFP

Forsetakosningar í Senegal:

## Sall velti Wade úr forsetastóli

**SENEGAL, AP** Macky Sall bar sigur úr býtum í forsetakjöri í Senegal og velti sitjandi forseta, Abdoulaye Wade úr sessi.

Wade hefur gegnt embættinu síðustu tólf ár, en uppskar mikla gagnrýni þegar hann ákvað að bjóða sig fram að nýju þvert á fyrri yfirlýsingar. Wade tók ósigrinum vel í gær og óskaði Sall velfarnaðar í embætti, en Sall var áður einn helsti bandamaður Wades og var forsætisráðherra um tíma. Senegal hefur löngum búið við eitt traustasta lýðræðisfyrirkomulag í Afríku og þykja þessar kosningar treysta þá ímynd. - þj

Brimborg innkallar Volvo:

## Gallaðir vírar í Volvo frá 2012

**NEYTENDUR** **Brimborg á Íslandi hefur ákveðið að kalla inn Volvo bifreiðar af gerðinni S60, V60, XC60, S80, V70, XC70 frá árinu 2012.**

**Sú hætta er fyrir hendi að rafmagnsvírar undir framsætum séu of slakir og geti því krækst í magnara þegar sætin eru færð fram og aftur. Ef vírarnir aftengjast getur komið til þess að loftpúðar í bílunum virki ekki eins og ætlast er til.**

**Neytendastofu barst tilkynning frá Brimborg um málið í dag. Búið er að hafa samband við eigendur þeirra bíla sem um er rætt og viðgerð hafin.** - sv

# Hertu viðurlög við alvarlegum spjöllum

**Alþingi samþykkti nýverið að herða viðurlög við alvarlegum umhverfisspjöllum. Meðal annars verður heimilt að gera bifreiðar umhverfissóða upptækar. Utanvegaakstur er vandamál á fjölda útivistarsvæða, þar á meðal Úlfarsfelli.**

**UMHVERFISMÁL** Alþingi hefur samþykkt að herða verulega viðurlög við spjöllum á náttúru Íslands. Opna lagabreytingarnar meðal annars á það að ökutæki verði gerð upptæk hafi þau verið notuð af eiganda þeirra við náttúruspjöll.



GUÐMUNDUR GUNNARSSON

Lagabreytingarnar munu taka gildi 1. maí næstkomandi en þær voru samþykktar samhljóða á Alþingi í lok síðasta mánaðar með 25 atkvæðum þingmanna úr öllum flokkum nema Sjálfstæðisflokki.

Kveða breytingarnar á um að þeir sem gerist sekir um alvarleg spjöll á náttúru landsins skuli sæta sektum, að lágmarki 350.000 krónur, eða fangelsi allt að fjórum árum. Lágmarkssektarfjárhæðin skal svo taka mánaðarlegum breytingum samkvæmt vísitölu neysluverðs.

Þá verður hinu opinbera heimilt að gera ökutæki brotamanns upptækt með dómi hafi ökutækið verið notað við framningu brots gegn ákvæðum laga um náttúruvernd.

Í greinargerð sem fylgdi frumvarpinu kemur fram að löggæslu- og umhverfisyfirvöld hafi séð ástæðu til þess að efna til átaksverkefna og starfrækja starfshópa með það að markmiði að vinna gegn utanvegaakstri. Þá hafi það komið fram í máli þeirra sem til þekkja að refsingar við utanvegaakstri séu of vægar.

Reglulega berast fregnir af utanvegaakstri sem veldur spjöllum á náttúru landsins. Guðmundur Gunnarsson, formaður Rafiðnaðarsambandsins, varð var við slíkt dæmi á Úlfarsfelli á sunnudag.



**ÚLFARSFELL** Guðmundur varð var við talsverðar skemmdir vegna utanvegaaksturs á Úlfarsfelli á sunnudag.
MYND/GUÐMUNDUR GUNNARSSON

„Það eiginlega gekk fram af mér í gær [á sunnudag] þegar ég sá þennan tiltekna bíl standa við hlið drullusvaðs eins og myndin sýnir,“ segir Guðmundur og heldur áfram: „Ég er einn af fjölmörgum sem nota Úlfarsfellið sem líkamsræktarstöð. Ég labba þarna mjög oft upp og mér stundum blöskrar að sjá hvernig fjórhjóla-, vélhjóla- og jeppamenn haga sér á þessu svæði.“

Guðmundur segir að vitaskuld haldi sig flestir á þeim leiðum sem á svæðinu sé að finna en það komi þó fyrir að menn séu að þvælast utan leiða. „Þá er voðinn vís, sérstaklega á þessum árstíma þegar frost er að fara úr jörðu og bílar svoleiðis sökkva ofan í jörðina.“

Guðmundur fjallaði um reynslu sína af utanvegaakstri á Úlfarsfelli á vefsíðu sinni á sunnudag og vakti umfjöllunin nokkra athygli í netheimum. Sendi Ferðaklúbburinn 4x4 frá sér fréttatilkynningu í tilefni umfjöllunarinnar þar sem athygli jeppaeigenda var vakin á því að fara sérstaklega varlega á meðan frost sé að fara úr jörðu. Þá væri mikilvægt að virða í einu og öllu bann við hvers konar akstri utan vega. Loks var tekið fram í tilkynningu klúbbsins að sá bílstjóri sem Guðmundur fjallaði um væri ekki félagsmaður í klúbbnum. magnusl@frettabladid.is

Fyrsta flugvélin lendir í dag:

## EasyJet hefur flug til Íslands

**VIÐSKIPTI** **Breska lággjaldaflugfélagið easyJet hefur flug til Íslands í dag. Þá flýgur flugvél á vegum easyJet frá London til Keflavíkur þar sem vélin lendir klukkan 08.40.**

**Fulltrúar ISAVIA og Ian Whitting, sendiherra Bretlands á Íslandi, munu taka á móti flugvélinni en við stjórnvölinn verður íslenskur flugmaður sem starfar hjá easyJet.**

**EasyJet tilkynnti á síðasta ári að flugfélagið hygðist hefja flug til Íslands. Fyrst um sinn var einungis ráðgert að fljúga hingað í sumar en vegna góðra viðtaka var ákveðið að flugi verði haldið áfram næsta vetur.** - mþl

Fleiri orðaðir við Bessastaði:

## Herdís íhugar forsetaframboð

**FORSETAKJÖR** Dr. Herdís Þorgeirsdóttir lögmaður íhugar að gefa kost á sér til embættis forseta Íslands. Í samtali við Stöð 2 í gær sagðist Herdís byggja ákvörðun sína meðal annars á því hversu mikla hvatningu hún fái.



HERDÍS ÞORGEIRSDÓTTIR

Herdís skrifaði grein í Fréttablaðið á laugardag þar sem sagði að kostnaður við framboð mætti ekki fæla frambjóðendur frá og það blasti við að Ólafur Ragnar Grímsson myndi sitja í tuttugu ár. Í kjölfarið var hún hvött af mörgum til að gefa kost á sér í embætti.

Hún er forseti Evrópusamtaka kvenlögfræðinga og starfar mikið fyrir Feneyjanefnd Evrópuráðsins á sviði mannréttinda. - sv


# Tækifærisverð



SIEMENS

HB23AB220S
Bakstursofn
**124.900 kr. stgr.**
(fullt verð: 159.900 kr.)
Einnig fáanlegur í stáli.



ET645EN11
Keramíkhelluborð
**99.900 kr. stgr.**
(fullt verð: 119.900 kr.)

SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

ATARNA


Bændasamtökin og SVÞ óánægð með frumvarp um búvöru- og tollalög:

# Óljós ákvæði og ósættanleg

**LANDBÚNAÐUR** Bændasamtök Íslands leggjast alfarið gegn samþykkt frumvarps um breytingu á búvörulöggjöf og tollalögum í óbreyttri mynd. Í umsögn samtakanna um frumvarpið segir að taka verði til endurskoðunar þau ákvæði þess sem lúta að skilgreiningu á hvenær framboð búvara er ekki nægjanlegt.

Í frumvarpinu segir að framboð teljist ekki nægjanlegt sé viðkomandi vara ekki til stöðugrar dreifingar í að lágmarki 90% magni af eftirspurn. Í athugasemdum með frumvarpinu segir jafnframt að vara sé ekki í boði á innanlandsmarkaði í nægjanlegu magni sé hún eingöngu fáanleg frá einum innlendum framleiðanda. Þetta segja Bændasamtökin ósættanlegt.

Benda þau á að íslenskir bændur hafi leitast við að auka hagkvæmni framleiðslu sinnar um árabil þannig að í sumum búgreinum sé jafnvel aðeins einn framleiðandi eða einn dreifingaraðili á tilteknum vörum. Samtökin segja einnig óljóst hvað 90% af eftirspurn þýði.

Samtök verslunar og þjónustu, SVÞ, telja viðmiðin hugsanlega ígildi tæknilegra hindrana og segja þau varhugaverð.



**KJÖTBORÐ** Óljóst þykir hvenær framboð búvara er ekki nægjanlegt.

Í umsögn SVÞ um frumvarpið segir að verði umrætt frumvarp samþykkt óbreytt liggi fyrir að viðhaldið verði flóknu tollakerfi. Til bóta yrði að taka umrætt tollakerfi til heildarendurskoðunar og í samráði við hagsmunaaðila. - ibs

# Landsbankinn hjálpar fyrirtæki þínu að vaxa

**Landsbankinn veitir fyrirtækjum** víðtæka þjónustu og ráðgjöf um allt land. Hjá okkur geta stærstu fyrirtæki landsins jafnt sem þau smæstu fengið alhliða fjármálaþjónustu og greiðan aðgang að faglegri ráðgjöf.

Þarfir fyrirtækja breytast og þróast með tímanum. Landsbankinn getur veitt þínu fyrirtæki alhliða fjármálaþjónustu og hjálpað því að takast á við ný verkefni og breytilegar aðstæður.

Hvort sem það er fjármögnun, ávöxtun lausafjár, fjölbreyttar kortalausnir eða metnaðarfullur netbanki beintengdur við bókhald, þá er Landsbankinn til þjónustu reiðubúinn.




JÓNSSON & LE'MACKS • JL.IS • SÍA

## GENGIÐ 26.03.2012

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 126,35 | 126,95 |
| Sterlingspund | 200,30 | 201,28 |
| Evra | 167,19 | 168,13 |
| Dönsk króna | 22,482 | 22,614 |
| Norsk króna | 21,976 | 22,106 |
| Sænsk króna | 18,734 | 18,844 |
| Japanskt jen | 1,5256 | 1,5346 |
| SDR | 194,73 | 195,89 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

229,2792

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Seðlabankinn, ekki ríkið, greiðir laun Más Guðmundssonar seðlabankastjóra:

# Tekist á um frávísun launadeilu Más

**DÓMSMÁL** Lögmaður Seðlabanka Íslands krafðist þess í gær að vísað yrði frá Héraðsdómi Reykjavíkur máli sem Már Guðmundsson seðlabankastjóri hefur höfðað á hendur bankanum. Már fer fram á að úrskurður kjararáðs um laun hans frá 2009 verði felldur úr gildi. Már og fleiri embættismenn ríkisins þurftu að taka á sig skerðingu þannig að föst laun þeirra væru ekki hærri en laun forsætisráðherra.

Karl Ólafur Karlsson, lögmaður Seðlabankans, sagði að röngum aðila væri stefnt í málinu, þar sem lögbundið hlutverk bankaráðs Seðlabankans væri annað en að vera í forsvari í málarekstri sem þessum. Fremur hefði átt að stefna efnahags- og viðskiptaráðherra fyrir hönd ríkisins. Þá bæri ríkið líka alla ábyrgð á fjárskuldbindingum Seðlabankans.

Þá vildi Karl meina að galli væri á málshöfðuninni því einungis væri farið fram á að felldur yrði úr gildi úrskurður sem sérstaklega sneri að kjörum seðlabankastjóra. Fara hefði þurft fram á ógildingu heildarúrskurðar kjararáðs.



**MÁR GUÐMUNDSSON** Seðlabankastjóri vill úrskurð kjararáðs felldan úr gildi.

Andri Árnason, lögmaður Más, hafnaði öllum málsástæðum lögmanns bankans. Hann benti meðal annars á sjálfstæði Seðlabankans, sem væri launagreiðandi Más eins og fram kæmi á launaseðli. Aðrir embættismenn fengju flestir greitt frá ríkinu. Hann sagði blasa við að formaður bankaráðs Seðlabankans svaraði fyrir málið og engin þörf á að kalla til ráðherra.

Þá væri „hártogun“ að líta þyrfti á úrskurð kjararáðs sem heild, deilt væri um gildistöku ákvörðunarinnar. Kjararáði hefði verið í lófa lagið að fresta gildistöku ákvörðunarinnar hvað seðlabankastjóra varðaði fram yfir skipunartíma hans.

Úrskurðar er að vænta eftir tvær til þrjá vikur. **- óká**

Einn tekinn á Suðurnesjum:

## Kvaðst eiga dóp en ekki sveðju

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á Suðurnesjum lagði hald á bæði fíkniefni og vopn við leit í heimahúsi um helgina.

Lögregla hafði fengið heimild til húsleitar með dómsúrskurði og þegar inn var komið fannst það sem talið er vera amfetamín, bæði í frysti og inni í örbylgjuofni, og í ofninum var einnig ætlað kannabis. Þá var hvítt duft í boxi á eldhúsborði. Uppi á háalofti fannst sveðja.

Maður á þrítugsaldri var handtekinn og játaði að eiga fíkniefnin. Hann kannaðist hins vegar ekki við sveðjuna. **- sh**

Loforð yfirvalda í Kína:

## Nota ekki lengur líffæri fanga

**KÍNA Kínversk yfirvöld hafa heitið því að hætta að nota líffæri dauðadæmdra fanga við líffæraígræðslur, að því er greint er frá á fréttavef BBC. Talsmaður kínversku stjórnarinnar segir að þetta verði gert innan fimm ára. Í staðinn eigi að koma á fót gjafabanka á landsvísu til að bregðast við skorti á líffæragjöfum.**

**Það var ekki fyrr en árið 2009 sem kínversk yfirvöld viðurkenndu notkun líffæra úr föngum. Árlega þurfa 1,5 milljónir Kínverja ný líffæri en aðeins hefur verið hægt að framkvæma 10 þúsund ígræðslur.** **- ibs**

### HALDIÐ TIL HAGA

Ekki er rétt að nær allur gjaldeyrisforði Seðlabankans hafi farið í lán bankans til Kaupþings í október 2008. Hið rétta er að þetta var um 20 prósent af gjaldeyrisforðanum. Fyrrverandi fjármálaráðherra hefur sagt það hafa verið stærstan hluta af gjaldeyrisforðanum hér heima.

# Ákærðir fyrir flókin og stórfelld fjársvik

**Sérstakur saksóknari ákærir fjóra unga menn fyrir að svíkja tugi milljóna út úr Íbúðalánasjóði og tveimur eignarhaldsfélögum. Málið hefur verið rannsakað frá því um sumarið 2009. Fölsuðu skjöl, slógu lán fyrir eignum og seldu.**

**DÓMSMÁL** Embætti sérstaks saksóknara hefur gefið út ákæru á hendur fjórum ungum mönnum fyrir stórfelld og flókin fjársvik og fjárdrátt sem í heild nema tugum milljóna króna. Lögregla hefur rannsakað málið frá því um sumarið 2009, eða í rúmlega tvö og hálft ár.

Mennirnir eru fæddir á árunum 1986 til 1990. Tveir þeirra voru handteknir 22. júlí 2009 og hinir tveir nokkrum dögum seinna við komuna frá Spáni. Þeir sátu allir í gæsluvarðhaldi um skeið. Málið var upphaflega rannsakað af efnahagsbrotadeild Ríkislögreglustjóra, en færðist til sérstaks saksóknara við sameiningu embættanna.

Svikin sem þeir hafa verið ákærðir fyrir voru flókin og kröfðust margþætts undirbúnings.

Þeir byrjuðu á því að taka yfir stjórn tveggja eignarhaldsfélaga með fölsuðum tilkynningum til Fyrirtækjaskrár.

Með tilkynningunum skipuðu þeir sjálfa sig í stjórnir félaganna og gerðu sig að prókúruhöfum án vitundar eigendanna. Til þess þurftu þeir að falsa undirskriftir raunverulegra forsvarsmanna félaganna. Þeir drógu sér síðan fé af reikningum félaganna tveggja.

Þá eru þeir ákærðir fyrir að hafa falsað kaupsamninga að tveimur íbúðum í eigu félaganna í miðbæ Reykjavíkur. Á samningana skrifuðu þeir nöfn einstaklinga sem komu þeim, húsnæðinu eða félögunum ekkert við, og síðan slógu þeir lán fyrir kaupunum hjá Íbúðalánasjóði í nafni fólksins.

### Aldrei séð neitt þessu líkt

Skúli Jónsson, forstöðumaður Fyrirtækjaskrár, sagði í samtali við Fréttablaðið í júlí 2009 að svik mannanna væru ótrúlega úthugsuð og að hann hefði aldrei séð neitt þessu líkt.

Það var raunar samdóma álit flestra sem Fréttablaðið ræddi við á þeim tíma að svo ungir menn – þeir voru þá allir nema einn um eða undir tvítugu – hefðu tæpast getað lagt á ráðin um fléttuna einir síns liðs. Þess vegna snerist rannsókn lögreglu meðal annars um það hverjir hefðu fengið þá til verksins.

Um tíma beindist athyglin að vélhjólasamtökunum Fáfni, sem nú eru Hells Angels, enda tengdust mennirnir þeim samtökunum lauslega. Eldri bróðir eins þeirra, sem er liðsmaður í Hells Angels, var handtekinn vegna málsins og talinn viðriðinn það, en fljótlega sleppt. Hann er ekki ákærður.





**ÍBÚÐALÁNASJÓÐUR** Guðmundur Bjarnason, framkvæmdastjóri Íbúðalánasjóðs, sagðist sumarið 2009 ætla að leita leiða til að endurheimta féð sem mennirnir sviku út. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Lánin tvö námu samtals ríflega fjörutíu milljónum króna, sem mennirnir eru ákærðir fyrir að hafa stungið undan.

Misferlið sem mennirnir sæta ákæru fyrir nemur samkvæmt heimildum blaðsins í heild um fimmtíu milljónum króna.

Ákæran hefur ekki verið birt sakborningunum og Fréttablaðið hefur hana ekki undir höndum. Hún verður þingfest í næstu viku. Samkvæmt heimildum blaðsins eru tveir mannanna ákærðir fyrir stærri þátt í brotunum en hinir.

**stigur@frettabladid.is**

Tillaga Ríkisendurskoðunar:

## Fóðursjóður verði aflagður

**STJÓRNSÝSLA Ríkisendurskoðun telur að Fóðursjóður sé dæmi um óþarfa stjórnsýslu og leggur því til að sjóðurinn verði lagður niður. Þetta kemur fram í greinargerð Ríkisendurskoðunar um sjóðinn sem birt var nýverið.**

**Fóðursjóður var stofnaður árið 1995 og heyrir undir sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið. Í hann eiga að renna tollar sem lagðir eru á annars vegar fóðurblöndur og hins vegar hráefni til fóðurgerðar. Í skýrslu Ríkisendurskoðunar er bent á að á undanförnum árum hafi flestir þeir tollar sem tengjast sjóðnum verið afnumdir. Því séu tekjur sjóðsins í reynd orðnar óverulegar.** **- mþl**

Ástríðan lax í Bíó Paradís:

## Selja mynd til styrktar löxum

**UMHVERFISMÁL** Tvær íslenskar laxveiðiár eru meðal þeirra áa sem eru vettvangur bandarískrar heimildarmyndar um Norður-Atlantshafslaxinn.

Í myndinni, sem heitir Passion Called Salmon, eða Ástríðan lax, er meðal annars vikið að þeim vanda sem steðjar að stórlaxaslóðum við Norður-Atlantshafið. Auk íslensku ánna Selár og Laxár í Aðaldal er fylgst með veiðum í Noregi, Kanada og Rússlandi. Ágóði af sýningu og sölu myndarinnar rennur meðal annars til Verndarsjóðs villtra laxa (NASF). Myndin verður sýnd í Bíó Paradís á morgun. **- gar**

### LÖGREGLUFRÉTTIR

**Vopn hurfu úr læstum skáp**

Tveimur kindabyssum og riffli var stolið úr læstum skáp í bílskúr við íbúðarhús á Selfossi um helgina. Lögreglan rannsakar málið.







## VEÐURSPÁ



**Snjólaug Ólafsdóttir** veðurfréttamaður

**HITABYLGJAN AÐ FJARA ÚT** Ekki verður þó ýkja kalt næstu daga. Allhvasst N-til í dag og strekkingur þar á morgun. Væta V-til í dag og á morgun en snýst í V-átt á fimmtudag með lítils háttar rigningu N-til. Hiti 2-10 stig, hlýjast NA-til í dag en S-til á morgun og á fimmtudag.





**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 19° |
| Basel | 20° |
| Berlín | 18° |
| Billund | 17° |
| Frankfurt | 19° |
| Friedrichshafen | 16° |
| Gautaborg | 11° |
| Kaupmannahöfn | 11° |
| Las Palmas | 21° |
| London | 15° |
| Mallorca | 20° |
| New York | 10° |
| Orlando | 27° |
| Ósló | 19° |
| París | 19° |
| San Francisco | 16° |
| Stokkhólmur | 14° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Einar Davíðsson *einar.davidsson@365.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Snorri Snorrason *snorris@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Benedikt Jónsson *benediktj@365.is*, Sigríður Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Ívar Hansen *ivarorn@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*, Sigrún Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason einar.skulason@365.is

DRÖGUM
Í DAG
27. MARS

Fáðu þér miða fyrir kl. 16.00




MILLJÓNAVELTAN VELTUR ÁFRAM!

# FARA MILLJÓNIRNAR TIL ÞÍN?

Í dag **27. mars** drögum við í **Milljónaveltunni** og vinningurinn er **30 milljónir á einn miða.** Í hverri **Milljónaveltu** drögum við að auki út **5 stakar milljónir**, aðeins úr seldum miðum.

**+5x 1 milljón**

**EINN MIÐI**
**TVEIR LEIKIR**
í mánuði, fyrir aðeins 1.100 krónur.

DRÖGUM
11.
APRÍL

Aðalútdráttur

Vinningshafar eru um **3.000** í hverjum mánuði.

Spilaeyjan.is
Hluti af HHÍ

Miðaeigendur í Happdrættinu fá inneign á Spilaeyjunni!

PIPAR\TBWA • SÍA • 120900

**Tryggðu þér miða á www.hhi.is, í síma 800 66 11 eða hjá næsta umboðsmanni.**

HAPPDRÆTTI
HÁSKÓLA ÍSLANDS
VÆNLEGAST TIL VINNINGS

**KJÖRKASSINN**



*Ætlar þú að ferðast um páskana?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 24,1% |
| NEI | 75,9% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Þekkir þú dæmi um að númeraplötu hafi verið stolið af bíl?*

Segðu þína skoðun á visir.is VÍSIR

Utanríkisráðherra ræddi stöðu ESB-viðræðna á fundi með utanríkismálanefnd:

# „Hæpið" að klára viðræður fyrir kosningar

**EVRÓPUMÁL** Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra telur hæpið að ljúka aðildarviðræðum við Evrópusambandið fyrir þingkosningar á næsta ári.

Össur lét þessi orð falla á opnum nefndarfundi með utanríkismálanefnd í gær eftir spurningu frá Bjarna Benediktssyni, formanni Sjálfstæðisflokks. Utanríkisráðherra sagði að vissulega hefði Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra lýst því yfir að hennar markmið hafi verið að ljúka viðræðum fyrir kosningar.

„Ég hef áður sagt að það þurfi að ganga rösklega til þess að það sé hægt að ljúka viðræðum fyrir kosningar og tel ákaflega hæpið að ná því."

Hann vísaði í því sambandi til kaflanna um sjávarútveg og landbúnað. Össur bætti því þó við að fyrst og fremst væri litið til gæða en hraða í viðræðunum. Aðspurður um hugmyndir um þjóðaratkvæðagreiðslu um framhald aðildarviðræðnanna sagði Össur að hann teldi heilladrýgst að ljúka viðræðunum og leggja samninginn svo fyrir þjóðina.

Mörður Árnason, samfylkingsmaður Össurar í Samfylkingu, spurði hvort ráðherra teldi líkur á því að það gæti haft óhagstæð áhrif á samningsstöðu Íslands ef ákveðið væri í þjóðaratkvæðagreiðslu að halda viðræðunum áfram. Össur sagði að þau sjónarmið væru vissulega uppi en þó mætti leiða getum að því að ef útkoman stæði naumt gæti það orðið samningsstöðu Íslands til góða. - þj



**ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON** Utanríkisráðherra sagði á fundi með utanríkismálanefnd að hæpið væri að klára ESB-viðræður fyrir þingkosningarnar sem eru fyrirhugaðar á næsta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Leikskólinn flöskuháls:

## Illa gengur að fá fólk í vinnu

**ATVINNUMÁL** Mörgum austfirskum fyrirtækjum gengur illa að ráða fólk þrátt fyrir atvinnuleysið á svæðinu. Ein af ástæðunum er talin vera óhentugur opnunartími leikskóla. Sveitarfélögin eru hvött til að endurskoða hann. Atvinnuleysi hefur minnkað á svæðinu.

Þetta kemur fram í bréfi frá Vinnumarkaðsráði sem sent var austfirskum sveitarstjórnum og Austurglugginn segir frá. Þrátt fyrir að um 300 manns séu skráðir án atvinnu á svæðinu eiga fyrirtæki oft í vandræðum með að ráða fólk. - shá

UNICEF á Íslandi:

## Sannar gjafir vinsælar

**HJÁLPARSTARF Sannar gjafir UNICEF, barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna, nutu vinsælda hjá Íslendingum árið 2011.**

**Framlögin dugðu til dæmis fyrir námsgögnum handa 13.800 börnum, 55.000 töflum af ormalyfjum og 170.000 vatnshreinsitöflum. Sönnum gjöfum er dreift til barna og fjölskyldna þeirra í samfélögum þar sem þörfin er mest árið um kring. Nauðsynleg námsgögn enduðu til dæmis í Erítreu og Malí og ormalyfin fóru mörg til Norður-Kóreu og Pakistans.** - gh

# Íran og Norður-Kórea hætti við kjarnavopn

**Barack Obama Bandaríkjaforseti segir að ekki verði liðið að ríkin tvö komi sér upp kjarnorkuvopnum. Segir viðleitni Írans og Norður-Kóreu hafa haft neikvæð áhrif á ríkin. Boðaði líka frekari afvopnunarviðræður við Rússland.**

**KÓREA, AP** Barack Obama Bandaríkjaforseti varaði í gær ráðamenn í Norður-Kóreu og Íran við því að halda til streitu viðleitni sinni til að koma sér upp kjarnavopnum.

Obama beindi orðum sínum að Norður-Kóreu á leiðtogafundi 53ja ríkja um alþjóðlegt kjarnorkuöryggi og sagði ljóst að tilraunir stjórnvalda í Pjongjang til að koma sér upp slíkum vopnum hefðu ekki haft tilætluð áhrif.

„Ógranir ykkar og viðleitni til að komast yfir kjarnorkuvopn hafa ekki aflað ykkur þess öryggis sem þið stefnið að, heldur grafið undan því. Í stað þess að öðlast reisn, eins og þið stefndað að, eruð þið enn einangraðri," sagði Obama í beinskeyttum tilmælum til Norður-Kóreu.

„Þið ættuð frekar að sýna hugrekki og leita friðar."

Hann sendi einnig skýr skilaboð til Írans, en því er haldið fram að stjórnvöld í Teheran séu að reyna að þróa kjarnorkuvopn, þvert á alþjóðlegar samþykktir.

„Stjórnvöld í Íran verða að átta sig á því að þau eiga engra kosta völ. Íran verður að virða skuldbindingar sínar."

Obama sagði alþjóðasamfélagið ekki munu sætta sig við nein undanbrögð frá ríkjunum tveimur. Þau þurfi að standa við alþjóðasamninga eða mæta ellegar afleiðingum þess.

„Við neitum að sætta okkur við framtíðarsýn þar sem fleiri og fleiri komast yfir þessi hættulegustu vopn heimsins," sagði hann.

Norður-Kóreumenn ollu miklu úlfúð á dögunum með því að tilkynna að þeir myndu gera tilraunir með að skjóta upp langdrægri eldflaug í næsta mánuði. Opinber skýring á skotinu er sú að með eldflaugaskotinu sé verið að koma gervihnetti á braut um jörðu, en jafnvel Kína, sem er helsti bandamaður Norður-Kóreu, lýsti í gær yfir áhyggjum af skotinu.

Í máli sínu lagði Obama einnig áherslu á viðræður við Rússa um frekari fækkun kjarnorkuvopna. Hann sagði hreint út að Bandaríkin ættu fleiri kjarnorkuvopn en þörf væri á.

„Ég er þeirrar skoðunar að við getum tryggt bæði öryggi Bandaríkjanna og bandamanna okkar, og dregið úr hvers konar aðsteðjandi ógn, þótt við fækkum í kjarnorkuvopnabúri okkar." Obama sagðist myndu ræða málin við Vladimir Pútín í maí eftir að sá síðarnefndi sest aftur í stól forseta Rússlands.

thorgils@frettabladid.is



**GÓÐAR GÆTUR** Barack Obama Bandaríkjaforseti horfir norður yfir landamærin frá Suður-Kóreu. Hann varaði Norður-Kóreu og Íran við því að leitast við að komast yfir kjarnorkuvopn. NORDICPHOTOS/AFP

**Kjarnorkuveldin**

Níu ríki hafa þegar komið sér upp kjarnavopnum eða eru sterklega grunuð um slíkt:

- Bandaríkin
- Rússland
- Bretland
- Frakkland
- Kína
- Indland
- Pakistan
- Norður-Kórea (óstaðfest)
- Ísrael (óstaðfest)


Yfir 400 fyrirtæki velja Inkasso



Taktu innheimtuna föstum tökum

**Milliinnheimta** Innheimtuferli sérsniðið að þínum óskum.
**Löginnheimta** Ef áminningar og ítrekanir bera ekki tilskilinn árangur.

**Kynntu þér málið núna á Inkasso.is eða í síma 520-4040 og fáðu nánari upplýsingar.**

INKASSO

PIPAR\TBWA • SÍA • 120750



**Stál og plast þakrennur**

**Allir fylgihlutir fáanlegir**




Reykjavík - Reykjanesbæ
Akureyri - Húsavík
Vestmannaeyjum

Meiri gæði / Lægra verð / MÚRBÚÐIN

MÚRBÚÐIN – Afslátt eða gott verð?

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is


Ný áfengislög í Englandi og Wales miða að hækkun útsöluverðs á áfengi:

# Vínið helmingi dýrara á Íslandi

**NEYTENDUR** Þrátt fyrir að verslunar- og veitingahúsaeigendur í Englandi og Wales þurfi líklega að hækka verð á áfengi vegna nýrra laga, verður áfengisverð í Bretlandi áfram um helmingi lægra en hér á landi.

Ríkisstjórn Bretlands hyggst ákveða lágmarksverð á hverja einingu áfengis til að sporna við óhófsdrykkju. Breytingarnar þýða að verslunareigendur mega ekki selja vín og bjór undir ákveðnu verði. Breytingunni er ætlað að fæla fólk frá því að drekka ódýrt áfengi í heimahúsum áður en farið er út á lífið.

BBC greindi frá málinu í gær og lagði fram dæmi um verðhækkanir á léttvíni, viskíi og vodka. Sé hið nýja verð, yfirfært í krónur á núverandi gengi, borið saman við áfengisverð hér á landi í dag, sést að verðið á Íslandi er um helmingi hærra, þrátt fyrir töluverðar hækkanir í Bretlandi. Ódýrustu léttvínin í Vínbúðinni, sem eru 12,5 prósent í vínanda, kosta 1.099 krónur flaskan. Ódýrasta 700 millilítra flaska af viskíi í ÁTVR er Highland Gold Scotch Whisky, á 4.890 krónur. Ódýrasta lítraflaskan af vodka í ÁTVR, Life Club Classic, kostar 6.199 krónur. Ódýrustu flöskurnar af sambærilegum veigum í Bretlandi munu þrátt fyrir hækkun kosta um helmingi minna. - sv

**Lágmarksverð áfengis**

| | Léttvín | Viskí | Vodka |
|---|---|---|---|
| | 12,5% 750ml | 40% 700ml | 37,5% 1 lítri |
| Bretland | £3.75 / 755 kr. | £11.20 / 2.255 kr. | £15.00 / 3.019 kr. |
| Ísland* | 1.099 kr. | 4.890 kr. | 6.199 kr. |

* Verðið er miðað við ódýrustu vörutegund hvers flokks í ÁTVR, miðað við verð á www.vinbudin.is þann 26. mars 2012




## BLÁLANGA Í KÓKOS OG KARRÍSÓSU

*fyrir 4 að hætti Rikku*

2 msk smjör
1 laukur, sneiddur
1 rauð paprika, skorin í bita
1/2-1 msk rautt karrímauk
400 ml kókosmjólk
1 msk fiskisósa (fish sauce)
3 msk límónusafi
1-1.2 kg blálanga
salt
ristaðar kasjúhnetur
kókosflögur
1 msk ferskt saxað kóríander

Bræðið smjörið á meðalheitri pönnu og steikið laukinn og paprikuna í 5-7 mínútur. Bætið karrímaukinu saman við og steikið örstutta stund. Hellið kókosmjólk, fiskisósu og límónusafa saman við og látið malla í 10 mínútur. Þynnið sósuna með örlitlu vatni ef að ykkur finnst hún of þykk. Saltið sósuna og smakkið til. Skerið fiskinn í bita og raðið á pönnuna, smyrjið sósu yfir og látið malla í u.þ.b 8 mínútur. Stráið kasjúhnetum, kókosflögum og kóríander yfir áður en rétturinn er borinn fram. Gott er að bera réttinn fram með hrígrjónum og fersku salati.




nítjánda.
take away

**KJÖTRÉTTIR & VEFJUR**
- Svínakjöt í Panang.
- Kjúklingur í Korma með hrísgrjónum & grænmeti.
- Tandoori kjúklingur með íslensku bankabyggi & rahita jógúrtsósu.
- Tandoori lambakjöt með bankabyggi.
- Heilsuvefjur með tikkamasala lambakjöti.

**SÚPUR**
- Sterkkrydduð tómat & kjúklingabaunasúpa.
- Indversk gulrótar & kóríandersúpa.
- Bragðmikil kjúklingasúpa.

**HEILSUSAFAR**
- Með jarðarberjum, lime og myntu.
- Með ananas, grænu epli og myntu.

ÍSLENSKA HAMBORGARAFABRIKKAN 2010



„Gerðu þinn eigin fabrikkuborgara - hráefnið fæst í Hagkaup"

SUSHIGRYFJAN
8 bita gæða sushi.



**OPIÐ**
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan & Eiðistorg

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

**VEISTU SVARIÐ?**



1. *Hvað kosta tvær nýjar númeraplötur á bíl?*
2. *Hvaða stöðu gegndi Peter Cruddas hjá breska Íhaldsflokknum áður en hann sagði af sér eftir afhjúpun blaðamanna?*
3. *Íslenska kvennalandsliðið í handbolta vann Svisslendinga á sunnudag. Með hversu mörgum mörkum?*

**SVÖR**

*1. 5.200 krónur 2. Hann var gjaldkeri 3. 15.*

Örþrifaráð tíbetskra útlaga til að mótmæla yfirráðum Kína:

# Hljóp í ljósum logum um torg

**INDLAND, AP** Ungur maður frá Tíbet, Jampa Yeshi að nafni, sem er í útlegð í Indlandi kveikti í sér í gær og hljóp um torg í Nýju-Dehli, í mótmælaskyni gegn kínverskum yfirráðum í Tíbet.

Þetta er eitt af fjölmörgum álíka tilfellum síðustu mánuði en um 30 Tíbetar hafa kveikt í sér til að kalla eftir því að Kínverjar yfirgefi landið, en stjórnvöld í Peking hafa farið þar með stjórn frá árinu 1950. Níu árum síðar flúði Dalai Lama, andlegur leiðtogi Tíbeta, til Indlands. Hann hefur kennt aðgerðum Kínverja um það hversu margir hafa kveikt í sér, en kínverskir ráðamenn saka Dalai Lama um að gera illt verra og hvetja til slíks athæfis. Yeshi lifði hildarleikinn af, en var fluttur á sjúkrahús með brunasár um allan líkamann.

Hu Jintao, forseti Kína, er væntanlegur til Indlands í dag á ráðstefnu BRICS-ríkjanna svokölluðu, Brasilíu, Rússlands, Indlands, Kína og Suður-Afríku. **- þj**



**LOGANDI** Jampa Yeshi kveikti í sér í gær til að mótmæla kínverskum yfirráðum í Tíbet. Hann lifði af en er illa haldinn á sjúkrahúsi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Erlendir ríkisborgarar 6,6%:

# Tvöfalt fleiri en fyrir tíu árum

**HAGSTOFAN Hlutfall erlendra ríkisborgara hér á landi hefur tvöfaldast á síðustu tíu árum.**

**Hinn 1. janúar 2012 voru skráðir hérlendis 20.957 erlendir ríkisborgarar, eða 6,6 prósent af heildarfjölda. Hlutfallið var 3,4 prósent árið 2002. Á vef Hagstofunnar kemur fram að Pólverjar eru langfjölmennasti hópur erlendra ríkisborgara hér á landi, eða 43,2 prósent.**

**Næstfjölmennasti hópurinn er frá Litháen, 7,7 prósent og 4,4 prósent koma frá Þýskalandi. - sv**





**Af hverri seldri Hamat mottu í mars rennur 500 kr. til styrktar Krabbameinsfélags Íslands.**

Stepp | Parket & gólf - Sérfræðingar í gólfefnum!
Ármúla 32 • 108 Reykjavík • Sími 568 1888 • parketoggolf.is • Þú finnur okkur líka á Facebook
PARKET & GÓLF




**FUNDUR Á NEFNDASVIÐI ALÞINGIS** Gylfi Zoëga, Már Guðmundsson og Arnór Sighvatsson svöruðu spurningum um peningastefnuna og þróun efnahagsmála á opnum fundi efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Mættum vera líkari Kínverjum í hugsun

**Seðlabankastjóri segir afnám gjaldeyrishafta kalla á undirbúning. Bankinn þurfi að ráða yfir fleiri tækjum til að bregðast við efnahagsþróun. Efnahags- og viðskiptanefnd var með opinn fund í gær.**

**EFNAHAGSMÁL** Mest um vert er að undirbúa afnám gjaldeyrishafta með þeim hætti að dregið verði sem mest úr hættunni á gengisfalli. Þetta er meðal þess sem fram kom í máli fulltrúa peningastefnunefndar Seðlabanka Íslands á opnum nefndarfundi efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis í gær.

Á fund nefndarinnar, sem sýndur var beint á netinu, komu Már Guðmundsson seðlabankastjóri, Arnór Sighvatsson aðstoðarseðlabankastjóri, og Gylfi Zoëga hagfræðiprófessor sem með hinum tveimur á sæti í peningastefnunefnd Seðlabankans.

Fram kom í máli Más að breytingar sem nýverið voru gerðar á lögum um gjaldeyrishöft geti orðið til þess að verja betur gengi krónunnar. „En það á náttúrulega eftir að koma í ljós hvort þetta á eftir að styrkja gengið eða koma í veg fyrir veikingu sem annars hefði orðið,“ bætti hann við.

Már sagði hins vegar að tvíbent kynni að reynast að stytta gildistíma laganna þannig að þau renni út í lok næsta árs. Hann benti á að ef knýja ætti aflandskrónueigendur að samningaborðinu þá væri kjörstaða að geta sagst hafa allan tímann í veröldinni til verksins. „Að því leyti má segja að þetta geri afnám haftanna að einhverju leyti erfiðara,“ sagði hann, en kvað um leið ekki útilokað að komist yrði langt á gildistíma laganna. Núna væri unnið í útboðsleiðinni, en síðan tækju við önnur skref.

> En við gefum samt ekki verðbólgumarkmið upp á bátinn.
>
> **MÁR GUÐMUNDSSON** SEÐLABANKASTJÓRI

„Á einhverjum tímapunkti kemur að því að afnema höftin alveg og þá er einhver áhætta.“ Á þeim tíma sagði Már mjög mikilvægt að búið væri að búa vel í haginn fyrir breytinguna. Í þeim efnum kvað Már eitt ár ekki vera langan tíma. „Við hugsum ekki nóg eins og Kínverjar,“ sagði Már og benti á að með nokkrum undirbúningi, líkt og unnið væri að, mætti draga verulega úr áhættu við afnám haftanna. „Lánshæfismatsfyrirtækin og aðrir hafa mestar áhyggjur af því að við förum þarna fram með glannaskap,“ bætti hann við.

Í máli peningastefnumanna kom fram að hluti af þeim undirbúningi væri að færa Seðlabankanum frekari vopn í hendur í baráttu við verðbólgu og við að draga úr sveiflum á gengi krónunnar. Már sagði ljóst að hrein verðbólgumarkmiðsstefna væri gjaldþota eftir hrunið. „En við gefum samt ekki verðbólgumarkmið upp á bátinn,“ sagði hann og velti upp spurningunni um hver verðbólga hefði hér orðið ef ekki hefði verið hér verðbólgumarkmið. „Hún hefði verið meiri,“ sagði hann.

**olikr@frettabladid.is**


LÍFEYRISSJÓÐUR VERZLUNARMANNA

Ársfundur 2012

**Ársfundur Lífeyrissjóðs verzlunarmanna verður haldinn í dag, þriðjudaginn 27. mars kl. 18 á Grand Hótel Reykjavík.**

live.is

DAGSKRÁ FUNDARINS:

» Venjuleg ársfundarstörf
» Önnur mál

Sjóðfélagar og lífeyrisþegar sjóðsins eiga rétt til setu á ársfundinum. Fundargögn verða afhent á fundarstað.

Reykjavík, 10. febrúar 2012
Stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna

Lífeyrissjóður verzlunarmanna | Kringlunni 7, 103 Reykjavík | Sími 580 4000 | skrifstofa@live.is

ÍMYNDUNARAFL / LV



# Jón Jónsson
## heldur fræðslufund fyrir ungt fólk

Jón Jónsson **hagfræðingur**, tónlistarmaður og fótboltakappi fræðir ungt fólk um fjármál á skemmtilegan hátt í Arion banka, Borgartúni 19, þriðjudaginn 27. mars. Húsið opnar kl. 19:00 og fundurinn hefst kl. 19:30.

**Helstu atriði sem Jón fer yfir eru:**

- Hvað eru peningar?
- Hvernig á að spara?
- Að læra að velja og hafna
- Peningar og hamingja

Boðið verður upp á gos og pítsu og í lok fundar tekur Jón nokkur lög.

**Fermingarbörn eru sérstaklega velkomin ásamt foreldrum sínum.**

**Skráning á arionbanki.is**

arionbanki.is – 444 7000

Arion banki

FRÉTTASKÝRING: Frumvarp um fiskveiðistjórnun

# Engin sátt um upphæð veiðigjaldsins

**Nytjastofnar við Ísland verða ævarandi sameign þjóðarinnar samkvæmt frumvarpi um nýtt fiskveiðistjórnunarkerfi. Aflahlutdeildum verður skipt í tvo flokka: nýtingarleyfi til útgerða og leigupott á vegum ríkisins. Útvegsmenn segja að frumvarpið muni setja fjölda fyrirtækja á hausinn.**

Steingrímur J. Sigfússon, landbúnaðar- og sjávarútvegsráðherra, kynnti frumvarp um breytingar á fiskveiðistjórnunarkerfinu í gær ásamt Jóhönnu Sigurðardóttur forsætisráðherra. Þau segja frumvarpið boða miklar kerfisbreytingar og það færi arðinn af auðlindum hennar til þjóðarinnar. Frumvarpið hefur verið samþykkt í báðum stjórnarflokkunum.

„Aðalatriðið er að það er reynt að ganga frá því í eitt skipti fyrir öll að hér sé um ævarandi sameiginlega auðlind í eigu þjóðarinnar að ræða. Menn fá síðan nýtingarrétt gegn gjaldi og við búum um það í nýtingarleiðum til 20 ára. Þá er ríkið með hluta veiðiheimildanna í sínum höndum sem það ráðstafar í strandveiðar, leigu og annað sem er talið brýnt að gera,“ segir Steingrímur.

**Of hátt veiðigjald**

Bæði Steingrímur og Jóhanna hafa sagt margt í frumvarpinu eiga að höfða til Framsóknarflokksins. Steingrímur segir góða sátt um það í stjórnarflokkunum og vonast til að fleiri muni skoða málið með velviljuðu hugarfari.

„Þetta er nálægt hugmyndum annarra um að ganga frá málinu með þessum hætti, hvað varðar sameignarákvæði og auðlindarentu. Þá er komið á auðlindapottum og útgerðinni tryggður nýtingarréttur til 20 ára sem skapar stöðugleika.“

Sigurður Ingi Jóhannsson, þingmaður Framsóknarflokksins, segir nokkra jákvæða punkta í frumvarpinu, sérstaklega hvað varðar sameign þjóðarinnar á auðlindinni. Það sé einnig jákvætt að nýtingasamningar séu til 20 ára, þeir séu framseljanlegir og innan þeirra sé ákveðið framsal tryggt.

„Að okkar mati er hækkunin á veiðigjaldinu hins vegar úr öllu hófi. Við lögðum fram tillögur um hóflegt veiðigjald, en teljum að þetta sé komið út úr kortinu.“

Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, segir að þessi þriðja útfærsla ríkisstjórnarinnar á kvótamálum á þremur árum sé sama marki brennd og hinar. Ríkisstjórnin leggi mikla áherslu á að draga úr arðsemi greinarinnar.

„Miðað við það sem ég hef séð sýnist mér það stappa nærri því að hagnaður í greininni sé að mestu gerður upptækur þegar vel árar. Það gefur augaleið að það kippir öllum forsendum undan fjárfestingum í greininni ef gengið er of langt á þeirri braut.“

**Bundið arðsemi**

Það gjald sem útgerðin greiðir er tvíþætt. Annars vegar er um að ræða fast veiðigjald, svipað því sem nú er við lýði. Steingrímur segir það munu verða greitt hvernig sem árar, nema eitthvað afbrigðilegt komi upp á. Við það bætist auðlindarenta sem tengd er afkomu fyrirtækjanna.

Steingrímur segir ekki óeðlilegt að menn hrökkvi við þegar sú upphæð sé skoðuð nú um stundir, enda endurspegli hún góða afkomu greinarinnar nú.

„Gjaldið er mjög næmt fyrir afkomu greinarinnar og ætlað að fanga umframauðlindarentuna. Hún getur verið há þegar saman fer góður afli og gott verð og lækkað og orðið lítil sem engin í slæmu árferði.“



**KYNNA FRUMVARPIÐ** Frumvarp um breytingar á fiskveiðistjórnun var kynnt í gær. Steingrímur J. Sigfússon og Jóhanna Sigurðardóttir vonast eftir því að það njóti stuðnings út fyrir stjórnarflokkana. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**Áætlaðar tekjur af veiðigjöldum 2001-2010**




**Leigupottar**

Frumvarpið felur í sér að hluti aflans er settur í leigupotta á vegum ríkisins. Strax fara um 20 þúsund þorskígildistonn í þá potta.

Sigurður Ingi gagnrýnir að útgerðinni sé ekki bætt upp sú skerðing sem hún hefur tekið á sig undanfarin ár, áður en afli er settur í leigupotta. Eðlilegra hefði verið að taka í leigupotta af aflaaukningu.

Undir þetta tekur Friðrik J. Arngrímsson, framkvæmdastjóri LÍÚ. Hann segir skemmandi að koma þeirri hugsun inn að ekki borgi sig að byggja upp fiskistofna. „Við höfum tekið á okkur mikla skerðingu og ef það á hirða af okkur 40 prósent af því þegar vel gengur er það mikið stílbrot.“

Frumvarpið fer nú fyrir Alþingi og Steingrímur segist vonast til að það njóti stuðnings. Í því sé efniviður í sátt um málið.

## Allt of hátt gjald

Friðrik J. Arngrímsson, framkvæmdastjóri LÍÚ, segir frumvarpið í raun þýða að 70% af metnum hagnaði verði tekin í veiðigjald með árgreiðsluaðferð. Þá þurfi útgerðir sem ekki eru í vinnslu að greiða fyrir hagnað vinnslunnar, sem sé hrein eignataka.



FRIÐRIK J. ARNGRÍMSSON

„Þetta mun hafa sínar afleiðingar. Mörg venjuleg fyrirtæki munu ekki komast yfir þetta og fjöldi fyrirtækja mun ekki þola þetta,“ segir hann. Augljóst sé að mörg fyrirtæki muni fara á hausinn. „Við trúum þessu varla enn, hvort þessi 70% eru prentvilla eða ekki. Þetta endar með því að við búum ekki lengur við öflugan sjávarútveg.“

Þá varar Friðrik við því að ríkið ætli að leigja aflaheimildir, dæmin sýni að slík útgerð gangi ekki vel. Hann vonast til að stjórnvöld muni hlusta á sjónarmið útgerðarinnar. „Ég hef ekki enn heyrt um að farið sé í endurskoðun heillar atvinnugreinar án þess að hún komi þar að.“




Kolbeinn Óttarsson Proppé
kolbeinn@frettabladid.is








AEG
FULLKOMIN LÖGUN OG LEIKNI

# NÝ OG STÍLFÖGUR ELDHÚSTÆKI FRÁ **AEG** SEM GERA GOTT ELDHÚS ENN BETRA

Nýju ofnarnir frá AEG búa yfir miklum fjölbreytileika í lögun og leikni. Nýtanlegt innra rými ofnanna er nú 30% stærra en áður og eru þeir nú 74 lítrar að stærð án þess að ummál þeirra hafi aukist.

BE3003001-M




### Fjölkerfa blástursofn sem er sérstaklega einfaldur og auðveldur í notkun og allri umgengni

8 aðgerðir • blástur með elementi • blástur með undirhita (pizza stilling) • undir og yfirhiti • undirhiti • affrysting • grill einfalt • grill tvöfalt • grill og blástur • rafeindaklukka • sökkhnappar • þrefalt gler í ofnhurð - kaldari framhlið. Íslensk notendahandbók.

BE5303071-M




### Fjölkerfa blástursofn með hraðhitakerfi, sérstaklega þægilegur í notkun og allri umgengni

9 aðgerðir • blástur með elementi • blástur með undirhita (pizza stilling) • undir og yfirhiti • undirhiti • affrysting • grill einfalt • grill tvöfalt • grill og blástur • hraðhitun • barnalæsing á stillingum • rafeindaklukka • sökkhnappar • þrefalt gler í ofnhurð - kaldari framhlið.
**Einnig fáanlegur með sjálfhreinsikerfi.**
Íslensk notendahandbók.

BE7314401-M




### Fjölkerfa blástursofn með innbyggðum kjöthitamæli og hjálparkokki með sjálfvirkum uppskriftum

12 aðgerðir • blástur með elementi • blástur með undirhita (pizza stilling) • undir og yfirhiti • undirhiti • affrysting • grill einfalt • grill tvöfalt • grill og blástur • hæg eldun (slow cook) • frosin matvæli • halda heitu • spareldun (ECO Roasting) • barnalæsing á stillingum • stafrænn upplýsingaskjár • fjórfalt gler í ofnhurð - kaldari framhlið.
**Einnig fáanlegur með sjálfhreinsikerfi og sem gufuofn.**
Íslensk notendahandbók.

BP9304151-M




### Fjölkerfa blástursofn með innbyggðum kjöthitamæli, hjálparkokki með sjálfvirkum uppskriftum og sjálfhreinsikerfi

18 aðgerðir - Multifunction • blástur með elementi • blástur með undirhita (pizza stilling) • undir og yfirhiti • undirhiti • affrysting • grill einfalt • grill tvöfalt • grill og blástur • hæg eldun (slow cook) • frosin matvæli • halda heitu • spareldun (ECO Roasting) • hefun • brauðbakstur • gratenering • þurrkun (ávextir/grænmeti) • diskahitun • niðursuða • barnalæsing á stillingum • stafrænn upplýsingaskjár • fjórfalt gler í ofnhurð - kaldari framhlið.
**Einnig fáanlegur sem gufuofn.**
Íslensk notendahandbók.

### AÐ ELDA MEÐ AEG

Þegar þú eldar með AEG máttu búast við framþróaðri tækni, flottri hönnun og fjölmörgum stillingarmöguleikum sem bjóða upp á svo margt, margt fleira.

### FULLKOMIN HÖNNUN

AEG ofnarnir eru hannaðir til að skara fram úr á öllum sviðum. Þeir eru einstaklega fjölhæfir, áreiðanlegir og þar að auki glæsilegir útlits.

### AEG HELLUBORÐ AF ÖLLUM STÆRÐUM OG GERÐUM

Ný glæsileg lína helluborða frá AEG býður upp á fullkomnustu tækni, hvort sem þú velur spansuðu- eða venjulegt hraðsuðuhelluborð eða fyrir gas þá er úrvalið mikið og útfærslurnar fjölbreyttar.



VERSLANIR OG UMBOÐSMENN UM LAND ALLT

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800
www.ormsson.is

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

**2.853** **MILLJÓNIR KRÓNA** var velta vegna húsnæðiskaupa á höfuðborgarsvæðinu vikuna 16. til 22. mars. Vikuleg meðalvelta frá áramótum hefur verið 2.639 milljónir.

# Telja litlar líkur á að krónan styrkist

**Forstjóri WOW Air segir að hlutfallslega sé starfsemi félagsins ekki mikil viðbót í millilandaflugi héðan. Veik staða krónunnar ýtir undir frekari fjölgun ferðamanna næstu ár segir hann. Félagið ætlar að gera flug skemmtilegt aftur.**

**FERÐAIÐNAÐUR** „Við sjáum að markaðurinn er að stækka og þar með kakan sem er til skiptanna," segir Baldur Oddur Baldursson, forstjóri WOW Air, um möguleika félagsins til að marka sér sess í millilandaflugi.

Baldur vísar til þess að í fyrra hafi aukning ferðamanna til landsins numið 18 prósentum, en þá sóttu landið heim tæplega 600 þúsund ferðamenn. „Í ár er svo spáð í kring um 15 prósenta aukningu," segir hann, en bætir um leið við að með samstilltu átaki hagsmunaaðila ætti að vera hægt að ná tölu ferðamanna upp í milljón. „Við förum af stað með tvær vélar og teljum að kakan eigi eftir að stækka það mikið að pláss sé fyrir fleiri á markaðnum."

Baldur segir að þótt hrun krónunnar hafi haft slæm áhrif á íslenskt hagkerfi þá hafi það gert landið að ákjósanlegri áfangastað fyrir ferðamenn. „Ísland var náttúrulega ákaflega dýrt fyrir hrun. Svo sjáum við ekki fyrir að gjaldeyrishöftum verði lyft í bráð eða að krónan styrkist verulega á næstu árum." Þetta segir Baldur ýta undir að Ísland haldi áfram að styrkjast sem áfangastaður erlendra ferðamanna. „Síðan teljum við líka að íslenska hagkerfið sé að styrkjast og Íslendingar fari í auknum mæli að ferðast á ný."

Nú þegar er mjög mikil samkeppni í millilandaflugi frá Íslandi og nefnir Baldur í þeim efnum félög á borð við Lauda Air, Kon-Tiki, Air Berlin, German Wings og Lufthansa. Og eru þá ónefnd íslensku félögin Icelandair og Iceland Express, auk flugfélaga á borð við EasyJet og Delta Airlines. „Tilkoma okkar með tvær vélar er mjög lítil aukning í prósentum," segir Baldur.

## 60-70 starfsmenn

Í sumar verða starfmenn WOW Air 60 til 70 talsins. Baldur Baldursson, forstjóri fyrirtækisins, segir að núna séu 45 flugliðar að ljúka námskeiði hjá félaginu, en að auki verði starfandi 20 til 23 á skrifstofu félagsins. Þá verði félagið einnig með fulltrúa á áfangastöðum sínum erlendis. WOW Air flýgur á flugrekstrarleyfi Avion Express, en frá því félagi leigir WOW tvær Airbus A320 farþegaþotur. Félagið segist munu leitast við að ráða sem flesta íslenska flugmenn.

WOW Air er lággjaldaflugfélag, en Baldur segir að auk þess að bjóða hagkvæmar ferðir ætli félagið að laða til sín viðskiptavini með nýrri nálgun. Áður fyrr hafi fólki þótt gaman að fara í flug, en auknar öryggiskröfur eftir árásirnar í Bandaríkjunum 2001 hafi kannski dregið úr þeirri gleði. „Við stefnum á að gera flugið aftur skemmtilegt. Og það teljum við að hægt sé að gera með viðmótinu," segir hann og kveður hlutina verða gerða með bros á vör hjá WOW Air. „Við færum gleðina aftur í flugið án þess að slaka á nauðsynlegum öryggiskröfum."

Fyrsta flug félagsins verður frá París til Keflavíkur 1. júní næstkomandi og svo eftir áætlun. Yfir sumarið eru áfangastaðir félagsins 13, en á veturna verður áætlunarflug til Lundúna, Kaupmannahafnar og Berlínar. Síðan verður boðið upp á sérstakar ferðir tengdar fríum og hátíðum.

olikr@frettabladid.is



**BALDUR ODDUR BALDURSSON** Þangað til WOW Air flytur í nýtt húsnæði í Höfðatúni 12 í maíbyrjun heldur félagið til í bráðabirgðahúsnæði í Grímsbæ við Bústaðaveg. FRÉTTABLAÐIÐ/HAG


## „The good, the bad and the ugly"



Dr. Daniel Levin

**Umræðufundur um stjórnarhætti**

Áhugi á góðum stjórnarháttum fer vaxandi. Flestir eru sammála um að góðir stjórnarhættir og skýr ábyrgð leiði til betri langtímaárangurs í rekstri fyrirtækja. Þrátt fyrir góðan vilja er ekki sjálfgefið að fyrirtæki nái að tileinka sér breytt verklag.

Á þessum umræðufundi Festu, Viðskiptaráðs og Háskólans í Reykjavík verður leitast við að kafa dýpra og ræða þær hindranir sem standa í vegi árangurs og leiðir til úrbóta.

**Fundurinn er haldinn fimmtudaginn 29. mars kl. 8.45 – 10.00 að veitingastaðnum Nauthóli.**

Dagskrá:
Martha Eiríksdóttir, framkvæmdastjóri Kreditkorta ehf. setur fundinn.
Dr. Daniel Levin: Corporate Governance. The good, the bad and the ugly.

Dr. Daniel Levin, sem er svissneskur og bandarískur ríkisborgari hefur góða þekkingu á íslensku samfélagi eftir margvísleg störf fyrir fyrirtæki og stofnanir hér á landi. Dr. Daniel Levin á sæti í stjórn Íslandsbanka og leiðir þar umfangsmikla vinnu bankans við gerð líkans um góða stjórnarhætti og ákvarðanatöku.

Dr. Daniel Levin hefur verið ráðgjafi ríkisstjórna og stofnana í mörgum löndum um efnahagsmál og stjórnmál. Hann er með J.D. og Ph.D. gráður í lögum frá the University of Zürich í Sviss sem og LL.M. gráðu í lögum frá Columbia University í New York.






Umræður undir stjórn Mörthu Eiríksdóttur með þátttöku dr. Levins, Hreggviðs Jónssonar formanns Viðskiptaráðs, Aðalsteins Leifssonar formanns stjórnar Fjármálaeftirlitsins, og dr. Þórönnu Jónsdóttur framkvæmdastjóra hjá Háskólanum í Reykjavík.

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK REYKJAVIK UNIVERSITY
VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS ICELAND CHAMBER OF COMMERCE
FESTA SAMFÉLAGSÁBYRGÐ FYRIRTÆKJA

Þátttökugjald er 3.900 kr.
og er morgunverður innifalinn.
Skráning er á: www.opnihaskolinn.is/stjornmennt

Festa er miðstöð um samfélagsábyrgð fyrirtækja. Stofnaðilar Festu eru Alcan, Landsbankinn, Landsvirkjun, Íslandsbanki, Síminn og Össur.
Markmiðið með starfsemi Festu er að miðla þekkingu og rannsóknum á sviði samfélagsábyrgðar fyrirtækja.


Hollenskur drykkjarvöruframleiðandi í íslenskri eigu:

# Refresco tapaði 4,3 milljörðum króna

Evrópski drykkjavöruframleiðandinn Refresco tapaði 25,9 milljónum evra, um 4,3 milljörðum króna, á árinu 2011. Hagnaður fyrirtækisins fyrir afskriftir, skatta og fjármagnskostnað (EBITDA) var hins vegar 111 milljónir evra, um 18,6 milljarðar króna. Velta þess jókst um fimmtung og var um 255 milljarðar króna á síðasta ári. Þetta kemur fram í afkomutölum Refresco sem birtar voru í lok síðustu viku.

Refresco er að uppruna hollenskur drykkjavöruframleiðandi. Fyrirtækið er stærsti framleiðandi sérmerktra drykkjavara í Evrópu og er að mestu leyti í eigu íslenskra aðila. Stoðir, sem áður hétu FL Group, eiga 40,3% hlut í fyrirtækinu, þrotabú Kaupþings á um 17% og Arion banki 5%.



**JÓN SIGURÐSSON**

Refresco lauk 660 milljóna evra, um 111 milljarða króna, endurfjármögnun á lánum sínum í maí 2011. Fyrirtækið tók einnig yfir ítalska fyrirtækið Spumador á síðasta ári. Þrír Íslendingar sitja í stjórn þess: Þorsteinn M. Jónsson, Jón Sigurðsson og Hilmar Þór Kristinsson. - þsj

Icelandic Group birtir ársreikning fyrir árið 2011:

# Rekstrarhagnaður Icelandic Group minni

**VIÐSKIPTI** Hagnaður Icelandic Group nam alls 10,3 milljörðum króna á árinu 2011. Stærstan hluta hagnaðarins má rekja til sölu á erlendum eignum félagsins en rekstrarhagnaður frá áframhaldandi starfsemi fyrirtækisins var tæpar 190 milljónir króna. Til samanburðar var hagnaður af þeirri starfsemi fyrirtækisins rúmir 1,7 milljarðar árið 2010.

„Eftir viðamiklar breytingar á seinasta ári er fjárhagsstaða fyrirtækisins sterk. Í stað þeirrar áherslu sem verið hefur á vöxt leggjum við nú áherslu á arðsemi í starfsemi félagsins. Verkefnið fram undan er að auka framlegðina af rekstrinum enn frekar," segir Lárus Ásgeirsson, forstjóri Icelandic Group.

Heildareignir félagsins voru um 63 milljarðar króna í lok árs 2011 en voru tæpur 81 milljarður í lok árs 2010. Eigið fé félagsins var 29,7 milljarðar í lok síðasta árs en félagið á alls um 24,7 milljarða í reiðufé eða í bundnum innistæðum.



**LÁRUS ÁSGEIRSSON**

Þær erlendu eignir sem félagið seldi í fyrra voru verksmiðjur í Frakklandi og Þýskalandi auk verksmiðjustarfsemi í Bandaríkjunum og tengdri starfsemi í Kína. Félagið rekur þó enn viðamikla verksmiðjustarfsemi í Bretlandi. - mþl

Spænskur eigandi stærsta drykkjarvöruframleiðanda landsins setur aukið fé inn í fyrirtækið:

# Hlutafé í Vífilfelli aukið um 159 milljónir

Hlutafé í Vífilfelli, stærsta drykkjarvöruframleiðanda landsins, var aukið um 159 milljónir króna í lok febrúar síðastliðins. Hlutafé fyrirtækisins er nú samtals um 680 milljónir króna. Eigandi þess alls er Exalba S.L., dótturfélag spænska átöppunar- og drykkjavöruframleiðslufyrirtækisins Cobega. Þetta kemur fram í tilkynningu sem skilað var inn til fyrirtækjaskráar 9. mars síðastliðinn.

Vífilfell hagnaðist um 1,8 milljarða króna á árinu 2010 samkvæmt ársreikningi þess árs sem skilað var inn til Fyrirtækjaskráar í nóvember síðastliðnum. Á því ári var velta Vífilfells 10,8 milljarðar króna.

Cobega, sem er stærsti dreifingaraðili Coca-Cola á Spáni, keypti Vífilfell í janúar 2011 af tveimur félögum í eigu Þorsteins M. Jónssonar, Sólstöfum og Neanu. Kaupverðið hefur aldrei verið gefið upp en það rann allt upp í skuldir félaga Þorsteins við Arion banka. Í tilkynningu frá Arion vegna þessa kom fram að fyrir fjárhagslega endurskipulagningu hafi heildarskuldir félaga Þorsteins við bankann verið „um 6,4 milljarðar króna og heildarskuldir Vífilfells við bankann voru um 4,5 milljarðar króna“. Um fullnaðaruppgjör var að ræða á skuldum félaga Þorsteins við Arion. Skuldir Vífilfells lækkuðu í um tvo milljarða króna eftir endurskipulagninguna, og þar af voru 1,4 milljarðar króna við Arion. Skuldir Vífilfells í árslok 2010 voru sjö milljarðar króna.

Ekki náðist í Árna Stefánsson, forstjóra Vífilfells, við vinnslu fréttarinnar. - þsj



**COCA-COLA** Vífilfell framleiðir og dreifir meðal annars Coca-Cola gosdrykknum hérlendis. MYND/GETTY IMAGES



**HAGNAÐUR** Icelandair Group greiðir út 800 milljónir króna í arð til hluthafa sinna. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Icelandair Group:

## Áætla að velta muni aukast 2012

Icelandair Group gerir ráð fyrir því að velta félagsins á þessu ári muni aukast um 10% frá árinu 2011 og verði um 105 milljarðar króna. Velta Icelandair Group var 96,9 milljarðar króna í fyrra. Þetta kemur fram í tilkynningu frá félaginu til Kauphallarinnar.

Það segir einnig að EBITDA félagsins (hagnaður fyrir fjármagnskostnað og afskriftir) sé áætlaður 11-12 milljarðar króna á árinu 2012, en hann var 10,4 milljarðar króna í fyrra.

Icelandair Group hagnaðist um 3,9 milljarða króna í fyrra. Aðalfundur félagsins var haldinn síðastliðinn föstudag. Þar var samþykkt að félagið greiddi út 800 milljónir króna í arð til hluthafa félagsins, sem er um 20,3% af hagnaði ársins og 16% af nafnverði hlutafjár. Íslandsbanki (20,74%), Framtakssjóður Íslands (19,01%)og Lífeyrissjóður verslunarmanna (14,36%) eiga samtals 54,1% hlut í Icelandair Group. Því fara 433 milljónir króna af arðgreiðslunni til þeirra. - þsj


Hádegistónleikar í Fríkirkjunni
alla miðvikudaga í vetur frá kl. 12:15 til 12:45

ENGINN AÐGANGSEYRIR
ALLIR VELKOMNIR

Listrænn stjórnandi
Gerrit Schuil

LJÁÐU OKKUR EYRA



FRÍKIRKJAN Í REYKJAVÍK





Fimm rétta
HOLI
hátíðarmatseðill
4.990 kr.

FORRÉTTUR

Masala tígrisrækjur
*Pönnusteiktar tígrisrækjur með gómsætri blöndu af sinnepsfræjum, karrílaufblöðum, kóríander og chillí*

AÐALRÉTTIR

Gulabi Gosht
*Lambafillet marinerað í garam masala, engiferi, rósarblöðum, hvítlauk og kasjúhnetum. Grillað í tandoori-ofninum*

*og*

Tikka Masala kjúklingur
*Grillaðar kjúklingalundir í mildri sósu með kókos, tómötum, rjóma, kasjúhnetum og heimalagaðri kryddblöndu*

*og*

Gobi Mattar
*Ljúffeng blanda af baunum og blómkáli í kóríander, lauk, engiferi og hvítlauk*

MEÐLÆTI

Raitha
*Salat úr heimalagaðri jógúrt og gúrkum*

*og*

Basmati-hrísgrjón

*og*

Naan
*Indælis brauð úr tandoori-ofninum*

EFTIRRÉTTUR

Kulfi
*Heimalagaður ís úr pistasíuhnetum og saffrani*

*Hverfisgata 56, 101 Reykjavík*
*Sími: 552 1630*

*Opið:*
*sun.-fim. 18:00 - 22:00*
*fös. og lau. 18:00 - 23:00*

HOLI-hátíð
á Austur-Indíafjelaginu

**Lokadagur Holi er 1. apríl**
og því er enn tími til að njóta Holi-veislunnar sem slegið hefur rækilega í gegn undanfarið. Þökkum fyrir frábærar viðtökur.

Komdu og njóttu þess besta í indverskri matargerð
**– margrétta hátíðarmatseðill fyrir aðeins 4.990 kr.**

***Borðapantanir í síma 552 1630.***





*HOLI er án efa líflegasta og litríkasta hátíð Indverja. Þá fagna þeir vorkomunni og kveðja vetrardrungann. Hvítklætt fólk, jafnt háir sem lágir, flykkist út á götur bæja og borga og baðar hvað annað upp úr alls kyns litum og gleðin ræður ríkjum.*

AUSTUR-INDÍAFJELAGIÐ
INDIAN RESTAURANT
www.austurindia.is

# skoðun

greinar@frettabladid.is

## Gagnleg skýrsla um framtíð fjármálakerfisins:

# Bankar fyrir opið hagkerfi

Steingrímur J. Sigfússon, efnahags- og viðskiptaráðherra, kynnti fyrir helgi skýrslu sína til Alþingis um framtíðarskipan fjármálakerfisins. Skýrslunni er ætlað að vera umræðugrundvöllur fremur en að þar komi fram beinharðar tillögur um umbætur en þar má þó greina útlínur að breytingum, sem margar hverjar ættu að geta verið til bóta.

Þannig er í skýrslunni rætt um að setja heildarlöggjöf um fjármálamarkaðinn, regnhlífarlög sem samræmdu reglur um banka, verðbréfafyrirtæki, lífeyrissjóði og opinbera lánasjóði. Jafnframt yrði kveðið skýrt á um verkaskiptingu opinberra stofnana og hvar ábyrgðin liggur á eftirliti með stöðugleika fjármálakerfisins í heild. Hluti af breytingunum væri að setja á stofn valdamikið stöðugleikaráð.

SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen

olafur@frettabladid.is

Í skýrslunni er tekin sú skynsamlega afstaða að ekki verði farnar séríslenzkar leiðir við að tryggja stöðugleika og eftirlit á fjármálamarkaðnum. Bent er á að flest nágrannaríkin hafa rétt eins og Ísland orðið fyrir fjármálaáfalli og í farvatninu eru margs konar breytingar á alþjóðlegum reglum, sem eiga að leggja grunn að farsælu fjármálakerfi og hindra nýtt hrun.

Sömuleiðis er bent á þá grundvallarstaðreynd að hagsæld Íslendinga byggist á að reka samkeppnisfært, opið hagkerfi á grundvelli utanríkisviðskipta. Þess vegna verði lagaramminn um fjármálakerfið að virða alþjóðlegar reglur. Hins vegar þurfi í meiri mæli en fyrir hrun að nýta það svigrúm sem slíkar reglur, ekki sízt frá Evrópusambandinu, gefa til að taka tillit til séríslenzkra aðstæðna.

Þetta er algjört lykilatriði þegar fjármálakerfinu verður settur lagarammi til framtíðar. Íslenzka bankakerfið verður líklega aldrei aftur alþjóðlegt með sama hætti og á útrásartímanum, en forsenda þess að það njóti trausts er að um það gildi sambærilegar reglur og í viðskiptalöndum okkar. Eins og skýrsluhöfundar benda á, er slíkt traust forsenda þess að hægt sé að reka samkeppnisfær utanríkisviðskipti.

Bent er á fleiri staðreyndir, sem kemur kannski örlítið á óvart að sé fjallað um í skýrslu sem formaður Vinstri grænna ber ábyrgð á. Þannig er vakin athygli á því að íslenzka krónan sé „án efa […] aðgangshindrun gegn erlendri fjárfestingu og erlendri samkeppni, m.a. á fjármálamarkaði hér á landi“ og að verðtryggingin geri heldur ekki mikið til að ýta undir erlenda fjárfestingu í fjármálakerfinu. „Til þess að sigrast á þessum vanda mætti hugsa sér að Ísland gerðist aðili að stærri efnahagsheild með sameiginlegan gjaldmiðil og vaxtakjör sem gerðu kleift að afnema verðtryggingu skipulega,“ segir í skýrslunni. Allt rétt.

Í skýrslunni er vikið að sérstakri skattlagningu á fjármálafyrirtæki, sem þegar hefur komið til framkvæmda hér á landi, og hvatt til að þess sé gætt að slíkir skattar skerði ekki samkeppnishæfni innlendrar fjármálaþjónustu. Þess vegna sé alþjóðlegt samráð og samanburður nauðsynlegur. Það er líka gott hjá bankamálaráðherranum að leggja fram þessa ábendingu, vegna þess að hann gleymdi að gá að þessu þegar hann var fjármálaráðherra og setti bankaskattinn á.

Þessi skýrsla ætti að verða alveg ágætur grundvöllur umræðna um breytingar, sem tryggi opnu og samkeppnishæfu íslenzku hagkerfi bankaþjónustu við hæfi og fyrirtækjum og almenningi þann stöðugleika sem er lífsnauðsynlegur á fjármálamarkaði.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

**Aðalfundur Hestamannafélagsins Fáks**

Aðalfundur Hestamannafélagsins Fáks verður haldinn næstkomandi þriðjudagskvöld 3. apríl kl 20.00 í félagsheimil Fáks.

Allir félagsmenn hvattir til að mæta

**Dagskrá**

Venjubundin aðalfundarstörf – breytingar á lögum félagsins

Önnur mál

*Stjórn Hestamannafélagsins Fáks*

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Nefnd

Ályktunarhæfni Björns Bjarnasonar, fyrrverandi dómsmálaráðherra, er með eindæmum góð. Á bloggsíðu sinni tjáir hann sig um hugsanlegt forsetaframboð Þóru Arnórsdóttur og finnur henni það til foráttu að Samfylkingarfólk hafi á henni almenna velþóknun og að hún sé vinstrisinnuð. Og hvernig veit hann þetta síðarnefnda? Jú: „Hún hefur verið nefnd sem formannsefni í flokknum og er því vinstrisinnuð,“ skrifar Björn. Þetta er rökrétt hjá Birni. Fyrst einhver, einhvers staðar, bendlaði Þóru einhvern tímann við stjórnmálaflokk þá hlýtur hún auðvitað að aðhyllast stefnu hans.

### Lógíkin

Þetta gæti átt við um fleiri. Hvað ætli Þorsteinn Pálsson segði til dæmis við þessu? Sturla Böðvarsson, óumdeildur framámaður í Sjálfstæðisflokknum, gerði því eitt sinn skóna í blaðagrein að Þorsteinn væri á leið í Samfylkinguna, svo undirgefinn væri hann ráðherrum hennar. Samkvæmt Björnslógíkinni er ekki óvarlegt að álykta að Þorsteinn sé eftir allt saman vinstrimaður.





### Vinir á Vaktinni

Hér skal ekkert fullyrt um stjórnmálaskoðanir Þóru Arnórsdóttur. Kannski er hún vinstrisinnuð. En hver var það hins vegar sem spyrti Þóru saman við Samfylkinguna og orðaði hana við formennskuna fyrstur (og einn?) manna? Jú, það var enginn annar en Styrmir Gunnarsson, meðritstjóri Björns á vefnum Evrópuvaktinni, í febrúar síðastliðnum. Og þar með er Þóra orðin forsetaframbjóðandi Samfylkingarinnar. Það er nefnilega miklu auðveldara að draga ályktanir þegar maður smíðar forsendurnar sjálfur.

stigur@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Heilbrigðar tennur barna: Mannréttindi eða forréttindi?

Heilbrigðismál



Margrét Júlía Rafnsdóttir

verkefnastjóri hjá Barnaheillum

Við Íslendingar státum okkur af góðu heilbrigðiskerfi sem hugar að heilsuvernd barna. Í dag er staðan sú að tannheilsa íslenskra barna er í sjötta neðsta sæti af OECD-löndunum. Til eru dæmi um börn sem ekki hafa farið til tannlæknis svo árum skiptir og reglulega þarf að gera aðgerðir á leikskólabörnum með brunnar og ónýtar tennur.

Í barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna er kveðið á um þau réttindi sem börn eiga að njóta, meðal annars jafnan rétt þeirra til heilsuverndar, án tillits til stöðu þeirra eða foreldra þeirra. Ísland hefur fullgilt barnasáttmálann og er því bundið ákvæðum hans að þjóðarrétti. Fyrir dyrum stendur lögleiðing sáttmálans. Það er því ekki seinna vænna fyrir stjórnvöld að huga að því hvernig tryggja eigi öllum börnum jafnan aðgang að tannvernd á komandi árum.

Vert er að vekja athygli á því að þessi þróun tannheilsu barna hér er hvorki ný af nálinni né beintengd efnahagshruninu. Ekki hafa náðst samningar á milli tannlækna og Sjúkratrygginga Íslands svo árum skiptir, meðal annars með þeim afleiðingum að fjöldi foreldra treystir sér ekki til að greiða fyrir tannlæknaþjónustu. Þetta ástand er óásættanlegt og það er óskiljanlegt hvers vegna tannlækningar lúta ekki sömu lögmálum og önnur heilbrigðisþjónusta.

Barnasáttmálinn kveður einnig á um rétt barna til að lifa og þroskast og sérstaklega er fjallað um ábyrgð og skyldur foreldra til að veita börnum sínum leiðsögn og stuðning. Forvarnir gegn tannsjúkdómum eru ekki síður mikilvægar börnum en aðgangur að tannlæknaþjónustu. Sykurneysla íslenskra barna í formi sælgætis og sætra gosdrykkja er langt umfram það sem eðlilegt getur talist. Þar er ábyrgð foreldra mikil.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi skora á yfirvöld, foreldra og samfélagið allt að taka höndum saman um að bæta tannheilbrigði íslenskra barna. Þú getur lagt þitt lóð á vogarskálarnar með því að skrifa undir áskorun til yfirvalda á heimasíðu samtakanna, barnaheill.is, og með þátttöku í málþingi um þetta efni á morgun frá kl. 9 til 11 á Grand Hóteli í Reykjavík.

Öll börn á Íslandi eiga að njóta þeirra sjálfsögðu mannréttinda að hafa heilbrigðar tennur.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Atli Fannar Bjarkason (dægurmál) *atlifannar@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Besti læknirinn?

HEILSA



Teitur Guðmundsson
læknir

Samkvæmt reglum um eftirlit Landlæknis með heilbrigðisþjónustu og heilbrigðisstéttum kemur fram að fylgst skuli með ákveðnum þáttum og liggja því til grundvallar markmið eins og öryggi, rétt tímasetning, skilvirkni, jafnræði til þjónustu og einnig notendamiðuð þjónusta.

Við slíkt eftirlit er stuðst við skilgreindar faglegar lágmarkskröfur, skrá um rekstraraðila og unnin er heilbrigðistölfræði úr gagnagrunnum Slysaskrár og Krabbameinsskrár svo eitthvað sé nefnt. Fylgst er með lyfjaútskriftum lækna, haldið utan um kvartanir vegna þjónustu, settar fram klínískar leiðbeiningar og stuðst við gæðavísa.

Þegar farið er yfir þetta kemur í ljós að við söfnum geysimiklu magni af upplýsingum sem eru nauðsynlegar til að við getum áttað okkur á gæðum kerfisins. Almennt virðumst við standa okkur býsna vel sem er ánægjulegt.

Víða erlendis eru framkvæmdar þjónustukannanir sem eiga að upplýsa um hug notenda/sjúklinga og gefa innsýn í það hvernig gengur að uppfylla þau markmið sem lögð eru til grundvallar þjónustu heilbrigðiskerfisins gagnvart skjólstæðingum.

Hér á landi hafa verið gerðar slíkar kannanir en þær eru flestar orðnar nokkurra ára gamlar. Í mastersritgerð Kristjönu S. Kjartansdóttur í opinberri stjórnsýslu frá árinu 2009, er farið ítarlega yfir gæðakannanir í heilsugæslu og reynslu hinna ýmsu landa af þeim. Þar kemur fram að hún er misjöfn og áreiðanleika geti verið ábótavant, auk þessa er bent á að þær stuðli ekki endilega að jákvæðum breytingum fyrir sjúklinga og hafi jafnvel ekki nein áhrif.

Ég hnaut um þann þáttinn að þjónustukannanir leiði ekki til aukinna áhrifa sjúklinga né breytinga á heilbrigðisþjónustu samkvæmt þeirra óskum, líklega vegna tregðu kerfisins og mismunandi áherslna þjónustuþega annars vegar og veitenda hins vegar. Í því felst ákveðin þversögn. Ég hef reyndar verið talsmaður þess að slíkar þjónustukannanir séu gerðar reglubundið og að þær séu gerðar almenningi aðgengilegar. Auðvelt er að vinna úr þeim á rafrænan hátt í dag og birta á vefsíðu sem er öllum aðgengileg. Þær þyrftu að vera reglubundnar og mættu sýna þróun einstaka heilsugæslustöðva og annarra þjónustuaðila og samanburð þar á milli.

Áhugavert væri að fá upplýsingar um meðferðarárangur þjónustuaðila eins og við háum blóðþrýstingi, sykursýki, offitu og lífsstílssjúkdómum, rannsóknarkostnaði og lyfjanotkun auk margra fleiri, en þessu er öllu safnað hvort sem er en ekki brotið niður á einstaka einingar.

Þá mætti einnig gefa einstaka læknum og heilbrigðisstarfsfólki stig eða einkunn eftir frammistöðu og birta þær niðurstöður á netinu svipað og gert er víða erlendis. Þetta er afar viðkvæmt og þyrfti að útfæra og samræma en þannig gætu sjúklingar fundið besta lækninn eða þjónustuaðilann.

Opna ætti fyrir skráningu á heilsugæslustöðvar óháð búsetu og leyfa sjúklingum að velja sinn þjónustuaðila samkvæmt þessum þáttum auk fleiri sem eflaust má tína til.

Í umhverfi þar sem ekki ríkir nein samkeppni um sjúklinga eða fjármagn, verður ekki neinn hvati til að standa sig enn betur en við gerum í dag. Það verður að vera til staðar umbunarkerfi til að vinna gegn stöðnun og kulnun, hvernig slíkt kerfi lítur út er hluti af framtíðarstefnumótun heilbrigðiskerfisins.

Í umhverfi þar sem ekki ríkir nein samkeppni um sjúklinga eða fjármagn verður ekki neinn hvati til að standa sig enn betur en við gerum í dag.

# Fíklar hér og þar

Spilavandi



Stefán J. Arngrímsson
Íslandsmeistari í póker 2010

Ég á mér draum sem er líklega svipaður og hjá tugþúsundum Íslendinga hvar sem þeir eru staddir á lífsleiðinni. Ég á mér markmið sem svipar til annarra markmiða samlanda minna, hvort sem þeir eru staddir hér á landi eða í Evrópu, Bandaríkjunum eða þess vegna Kína. Ég legg á mig mikla vinnu og tíma til að ná þessum markmiðum. Ég læri á kvöldin eftir vinnu, les mér til og æfi mig reglulega.

Ég verð oft af dýrmætum tíma með fjölskyldu minni enda er mín íþrótt tímafrek sem krefst oft fjarveru. Ég þekki til fjölda fólks sem er í svipuðum aðstæðum, enda leggur það mikið á sig til að ná árangri, þetta fólk, þessir Íslendingar, eru ekkert endilega að stunda sömu íþrótt og ég.

Við vitum öll að margt afreksfólk keppir upp á peninga. Margir hafa sína atvinnu af því að keppa og í raun skiptir ekki máli hvar maður lítur niður í þjóðfélaginu, peningar eru kannski ekki aðaldriffjöðurin en án þeirra væri landslagið í mörgum greinum allt annað. Ég viðurkenni það að ég keppi upp á peninga. Verðlaunafé gerir mér kleift að stunda mína íþrótt og verða betri í því sem ég geri. Ég vinn ekki alltaf, ég viðurkenni það líka að ég þoli ekki að tapa. Ég þekki ekki nokkra manneskju sem vill ekki ná árangri í sinni íþrótt. Ef svo er þá er sú manneskja væntanlega ekki á réttri hillu í lífinu.

Ég þarf að borga þátttökugjald í minni íþrótt til að taka þátt, og hef lúmskan grun um að það sé þannig í mjög mörgum íþróttagreinum. Þannig er það í minni grein og þeir sem komast í verðlaunasæti fá greitt af þessu þátttökugjaldi að frádregnum kostnaði mótshaldara.

Ég hef val um hveru mikinn kostnað ég ber af minni íþrótt, ég get eytt mjög litlu, t.d. eins miklu og pulsu, kók og prins póló eða sem samsvarar bíla- húsnæðis- og símastyrk ráðherra í eitt mót. Ég hef einnig það val að keppa á erlendum netsíðum, erlendum keppnisstöðum eða einhvers staðar hér innanlands. Það er mitt val eins og það er val Íslendinga sem spila golf að spila uppi í Grafarvogi eða Orlando hvort sem það er til ánægju, æfinga eða keppni.

Ég gæti sagt að eitthvert golfáhugafólk væri fíklar, hestafólk eða veiðimenn eru mögulegir á þennan lista líka. Ég sé engan tilgang í því þótt veiðileyfi geti t.d. kostað fleiri hundruð þúsund og ekkert veiðist eða einn hestur sem kostar fleiri milljónir og skilar svo ekki sínu. Mér finnst það vera mikil áhætta að borga veiðileyfi og eiga það á hættu að fá ekki neitt. Mjög mörgum finnst það einnig vera áhætta að borga þátttökugjald í keppni í spilum og skil ég það mjög vel. Alveg eins og ég skil að Íslendingar vilji veiða í bestu ám landsins, þó ég geri það ekki.

Mér finnst það mjög leitt ef fólk misstígur sig á lífsleiðinni. Ég hef gert það og veit að aðrir hafa gert það líka. En það að takmarka möguleika mína til að stunda mína íþrótt og möguleika mína til að ná árangri vegna áfalla örfárra annarra eru brot á mínum mannréttindum.

Póker er viðurkennd hugaríþrótt, alveg eins og skák eða bridds.


# GRÆDDU Á GULLI

## CenterHotel Klöpp, Klapparstíg 26



**AFTUR Á ÍSLANDI VEGNA MIKILS ÁHUGA!**
**UPPRUNALEGA GULL OG SILFUR KAUPSTEFNAN.**

**Boðið verður upp á verðmat á skartgripum. Engin skuldbinding til að selja.**

**AÐEINS ÞESSA ÞRJÁ DAGA:**
Þriðjudaginn **27. mars,** miðvikudaginn **28. mars**
og fimmtudaginn **29. mars** frá kl. 11 til 18.

**Falinn fjársjóður?**
Líklega gerir þú þér ekki grein fyrir því að gömlu skartgripirnir sem þú ert hætt/hættur að nota geta hugsanlega verið mjög verðmætir og jafnvel tugþúsunda ef ekki hundruð þúsunda virði. Nú er tækifærið til að komast að því hvort það leynist fjársjóður í rykföllnum skartgripaskrínum enda safnanar á höttunum eftir ónotuðum gömlum skartgripum um þessar mundir.

Nú þegar verð á gömlu gulli er í sögulegu hámarki er um að gera að láta leggja faglegt mat á ónotaða skartgripi. Matið er ókeypis og því fylgir engin skuldbinding til að selja. Sé hins vegar vilji til þess verður gengið frá viðskiptunum með reiðufé á staðnum.

**Að hverju er verið að leita? Hvað ætti að taka með?**
Það er sama hversu stórir eða litlir munirnir eru. Hér eru nokkur dæmi um muni sem farandsalarnir gætu haft áhuga á:
- Gömlu gulli: skartgripum, sígarettuhulstrum úr gulli eða öðrum gullmunum.
- Demöntum yfir einu karati.
- Úrum og vasaúrum en þá frá virtum framleiðendum á borð við Rolex, Cartier, Patek Philippe, Vacheron, Universal, Breitiling, IWS og Omega.
- Skartgripum með gimsteinum, jafnvel þó þeir séu brotnir eða þó vanti steina.
- Gömlu silfri.

„Ég hef áralanga reynslu af því að meta og kaupa skartgripi og hef á þeim tíma séð fólk koma með hluti sem voru í þeirra augum lítils virði. Þeir hinir sömu hafa svo gengið út með umtalsverða peninga á milli handanna," segir Franks. Hann segir markaðinn fyrir herraúr aldrei hafa verið betri og að verð á gulli sé í sögulegu hámarki.

**Einkaviðtal við verðmat.**

**Vinsamlegast athugið að skilríkja er krafist við viðskipti.**

**Nánari upplýsingar á www.pandhjewellers.com**

# tímamót

timamot@frettabladid.is



74 **STYRMIR GUNNARSSON** fyrrverandi ritstjóri er 74 ára í dag.

*„Ég er búinn að fylgjst með þessu þjóðfélagi í 50 ár. Þetta er ógeðslegt þjóðfélag, þetta er allt ógeðslegt. Það eru engin prinsipp, það eru engar hugsjónir, það er ekki neitt. Það er bara tækifærismennska, valdabarátta.“* Styrmir í Rannsóknarskýrslu Alþingis 2010.

✝



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**UNNUR JÓNSDÓTTIR**

lést 23. mars á Heilbrigðisstofnun Suðurlands á Selfossi.

**Hannes Ólafsson**
**Ingibjörg Ólafsdóttir**
**Jón Þröstur Ólafsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**
**Ragnheiður Alfreðsdóttir**
**Halldór Leifsson**

✝



Elskulegur bróðir okkar,

**EGGERT MAGNÚSSON**

andaðist á Heilbrigðisstofnun Suðurlands fimmtudaginn 22. mars. Útför hans fer fram frá Selfosskirkju fimmtudaginn 29. mars kl. 13.30.

**Sigurþór Magnússon**
**Eyþór Magnússon**
**Arnheiður Magnúsdóttir**

✝



Ástkær bróðir okkar og vinur

**SIGURÐUR EINARSSON**
**bóndi Stóra-Fjalli,**
**Borgarbyggð,**

andaðist á Sjúkrahúsi Akraness 25. mars síðastliðinn. Jarðarförin auglýst síðar.

**Ragnhildur og Unnur Einarsdætur.**

✝



Systir okkar, mágkona og frænka,

**SIGRÍÐUR BENEDIKTSDÓTTIR**
**Fáfnisnesi 8,**

lést að heimili sínu sunnudaginn 18. mars. Jarðsungið verður frá Áskirkju miðvikudaginn 28. mars kl. 15.00. Þeim sem vildu minnast hennar er bent á Grensásdeild.

**Ragnhildur Benediktsdóttir**
**Brynhildur Benediktsdóttir**
**Egill Björgvinsson**
**Björgvin Friðriksson**

✝



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð, stuðning og vinarhug með blómum, samúðarkortum og gjöfum við andlát og útför okkar elskulega eiginmanns, föður, sonar og tengdasonar,

**MARCIN ANDRZEJ MAZUL**
**Grundargerði 2g, 600 Akureyri.**

Sérstakar þakkir fær heimahlynningin og dag- og göngudeild FSA.

**Heiðrún Frímannsdóttir**
**Róbert Atli Didron**
**María Helena Mazul**
**Daníel Ingi Mazul**
**Marian Mazul**
**Ingibjörg Guðjónsdóttir**
**Zofía Mazul**
**Sigursveinn Hallsson**

✝



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**GUÐFINNUR ÞORGEIRSSON**
**skipstjóri,**
**Brimhólabraut 8, Vestmannaeyjum,**

lést á Heilbrigðisstofnun Vestmannaeyja fimmtudaginn 22. mars. Útför hans verður gerð frá Landakirkju í Vestmannaeyjum laugardaginn 7. apríl kl. 14.

**Valgerður Helga Eyjólfsdóttir**
**Jakobína Guðfinnsdóttir**
**Hafsteinn G. Guðfinnsson**
**Sigurleif Guðfinnsdóttir**
**Guðfinna Guðfinnsdóttir**
**Þorgeir Guðfinnsson**
**Helga Guðmundsdóttir**
**Lilja Guðný Guðmundsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**
**Kristmann Kristmannsson**
**Hildur K. Oddgeirsdóttir**
**Óðinn Haraldsson**
**Guðrún Þórey Ingólfsdóttir**
**Páll Emil Beck**

**ÞETTA GERÐIST: 27. MARS 1625**

## Karl I verður konungur Englands



Karl I varð konungur Englands, Skotlands og Írlands þennan dag árið 1625. Karl átti alla sína valdatíð í miklum deilum við enska þingið sem vildi takmarka völd konungs sem var Karli mjög á móti skapi enda trúði hann því að valdið kæmi af himnum ofan. Margir þegnar ríkisins voru mótfallnir gjörðum hans og þá sérstaklega afskiptum hans af ensku og skosku kirkjunni og skattheimtu án samþykkis þingsins. Trúardeilur einkenndu sömuleiðis stjórnartíð Karls sem varð ekki til að auka traust þegnanna á honum en konungur þótti færa ensku biskupakirkjuna of nærri þeirri kaþólsku. Síðustu ár valdatíðar hans var borgarastríð í landinu sem lauk með ósigri Karls sem var fundinn sekur um landráð og hálshöggvinn árið 1649.



**MARÍA KRISTJÁNSDÓTTIR LEIKHÚSFRÆÐINGUR** „Ég heiti á samlanda mína á þessu fimmtíu ára afmæli alþjóðlega leikhússdagsins að streyma í leikhús og gera til þess kröfur,“ segir hún. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

ALÞJÓÐLEGI LEIKHÚSDAGURINN: HALDINN HÁTÍÐLEGUR Í HÁLFA ÖLD

# Ég held að leikhúsið verði lífseigt eins og bókin

„Það eru hin miklu forréttindi leikhússins sem listforms að vera háð samfélagi. Einn getur maðurinn krotað mynd af dýri á hellisvegg. Einn getur maðurinn krotað ljóð í sand. En einn getur maðurinn ekki skapað leikhús. Hann þarf að gera það í samvinnu við aðra, fyrir framan aðra og fyrir tilstuðlan samfélags.“ Þessi orð eru tekin úr ávarpi sem María Kristjánsdóttir leikhúsfræðingur setti saman, að beiðni Leiklistarsambands Íslands, í tilefni hins alþjóðlega dags leiklistar. Hann er ávallt haldinn hátíðlegur 27. mars og í dag eru 50 ár síðan það var gert í fyrsta skipti.

Í samtali telur María leikhúsið hafa á síðustu fjórum áratugum verið að færast út á jaðarinn, vegna allra tæknibyltinganna sem hafi átt sér stað og hinna fjölþættu forma sem leiklistin birtist í, svo sem í gegnum sjónvarp, kvikmyndir og nú síðast tölvuleiki. „Ég held samt að leikhúsið verði lífseigt eins og bókin enda koma þangað vikulega þúsundir manna,“ segir hún og telur leikhúsið ákjósanlegan vettvang þar sem hægt sé að eiga góða stund án utanaðkomandi áreitis. „Þess gætir æ meira í hinu daglega lífi að fólk einangrist og hafi mest samskipti við aðra í gegnum boðtæki ýmiss konar en í leikhúsinu mætir maður manni og þar fer fram samtal milli fólks – ekki í gegnum tölvur, síma eða aðra miðla,“ bendir hún á.

En hvað finnst Maríu um leikhúslífið á Íslandi? „Hér er ótrúlega mikið sett á svið miðað við hversu fámenn við erum og hversu litlir peningar eru til í þessu landi. Þannig að ég er bara bjartsýn fyrir leikhússins hönd,“ segir María og eins og í byrjun kemur hér í lokin tilvitnun í ávarpið hennar. „Við vitum að þegar leikhúsinu tekst best þá förum við þaðan jafnan hæfari til að hugleiða og skilja eigin gjörðir. Það hefur mátt merkja viðleitni í þessa átt innan leikhússins frá hruni og tilraunir hafa verið gerðar til að nálgast áhorfendur eins og hugsandi tilfinningaverur.“

gun@frettabladid.is

# Skráning í sumarbúðir byrjar vel

„Skráningin fer vel af stað. Sumarbúðirnar eru alltaf vinsælar og þátttakan góð, þó hún sé að sjálfsögðu misgóð eftir árum,“ segir Ársæll Aðalbergsson, framkvæmdastjóri sumarbúðanna í Vatnaskógi, um skráningu í sumarbúðir KFUM og KFUK á Íslandi.

Klukkan 12 á hádegi síðastliðinn laugardag var opnað fyrir skráningu í öllum sumarbúðum félagsins, Vatnaskógi, Vindáshlíð, Ölveri, Kaldárseli og Hólavatni. „Við slógum upp svaka flottri vorhátíð í tilefni þess að skráning var að hefjast. Það var mjög góð stemning í húsum okkar bæði við Holtaveg í Reykjavík, og Sunnuhlíð á Akureyri, og 560 börn voru skráð í sumarbúðirnar á þremur tímum,“ segir Ársæll og bætir við að þrátt fyrir margmenni hafi allt gengið áfallalaust fyrir sig.

Ársæll segir fyrirspurnum rigna inn og greinilegt að fólk sé enn að skipuleggja sumarið. „Það eru nokkrir flokkar byrjaðir að fyllast og að minnsta kosti kominn biðlisti á einn,“ segir hann og bætir við að skráning sé nú í fullum gangi á hverjum degi í aðalstöðvum KFUM og KFUK á Íslandi að Holtavegi 28, í síma 588-8899 eða á netinu á kfum.is.

Sumarbúðablaðið hefur verið sent á öll heimili og þar má lesa nánar um sumarbúðirnar og flokkaskrá sumarsins, auk þess sem allar upplýsingar er að finna á kfum.is.

- trs



**GAMAN Í SUMARBÚÐUM** Ársæll segir margar fyrirspurnir hafa borist undanfarna daga, og augljóst að margir séu byrjaðir að skipuleggja sumarið og umhugað um að koma börnum sínum í ákveðna flokka.

# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ

## BRJÓSTAPÚÐAR OG KRABBAMEIN

**Geir Gunnlaugsson landlæknir ræðir um brjóstapúða í tengslum við uppbyggingu brjósts í kjölfar brottnáms vegna brjóstakrabbameins og svarar fyrirspurnum í opnu húsi hjá Samhjálp kvenna, Skógarhlíð 8, húsi Krabbameinsfélagsins, 4. hæð, í kvöld kl. 20.00.**




ÝMIS TILBOÐ Á FERMINGARDÖMUNA



Til dæmis þessi sem hneppist að framan á kr. 3.990,- mjúkar buxur við kr. 1.200,-

Misty - fyrir allar konur

Laugavegi 178 - Sími: 551 3366
Þú mætir - við mælum og aðstoðum
www.misty.is
Opið frá 10-18 virka daga.
10-14 laugardaga

Vertu vinur



Eirberg

Nuddrúlla
–mýkir upp stífa vöðva
Verð: 4.980 kr.



Opið kl. 9 -18 • laugardaga kl. 11-16 • Stórhöfða 25 • 569 3100 • eirberg.is



friendtex

LAGERSALA
FRAM AÐ PÁSKUM
KÍKTU ÞVÍ HÉR ERU
VERÐ SEM ÞÚ HEFUR EKKI SÉÐ ÁÐUR



opnunartimi Lagersölu mánudag-föstudag; 11-18.00
laugardag; 11-14.00

Bonito ehf. Friendtex
Faxafen 10, 108 Reykjavík, sími: 568 2870 - www.friendtex.is





BYLGJAN 989 25 ÁRA

Heimir & Kolla
vakna með þér í bítið
Fréttir, fróðleikur og frábær tónlist
alla virka morgna kl. 6.50 – 9.00


# GUACAMOLE ER HOLLT OG GOTT

**CULIACAN KYNNIR** *Veitingahúsið Culiacan, á Suðurlandsbraut 4a, býður upp á mexíkóskan mat á góðu verði. Eingöngu er boðið upp á ferskt og hollt hráefni. Salsa, sósur og guacamole eru gerðar á staðnum.*



Culiacan hefur verið starfrækt frá árinu 2003. Strax í upphafi var lögð áhersla á hollan skyndibita. Sólveig Guðmundsdóttir, eigandi staðarins, kynntist mexíkóskri matargerð þegar hún var við nám í Bandaríkjunum og heillaðist af henni. „Þegar ég kom heim fannst mér vanta svona stað hér þannig að ég ákvað að setja hann upp," segir Sólveig, sem hannaði alla rétti staðarins með tilliti til hollustu.

Elizabeth Villafuerte starfar sem matreiðslumaður á Culiacan en hún er frá Mexíkó. Elizabeth hefur komið með ferskan blæ inn á staðinn. Hún lagar guacamole á hverjum morgni úr ferskum lárperum, grænmeti og kryddjurtum af hjartans lyst. Engin aukefni eru í matnum á Culiacan, sem er stútfullur af vítamínum. „Sumir halda að guacamole séu grænu sósurnar sem seldar eru úti í búð í krukkum en það eru gjarnan cheddar-sósur með grænum lit í, kallaðar guacamole dip. Þetta er ekkert líkt alvöru guacamole," segir Sólveig.

**FERSKT GRÆNMETI**

Áhugi Íslendinga á mexíkóskum mat hefur aukist mikið á undanförnum árum. Eftir því sem þeir kynnast þessari matreiðslu betur eykst neysla á burrito og öðrum frægum mexíkóskum réttum. Sólveig segir að kjúklingaréttirnir séu afar vinsælir. „Við notum ferskasta grænmeti sem völ er á og eingöngu kjúklingabringur. Quesadillas hefur til dæmis verið mjög vinsæll réttur hjá okkur.

Quesadillas er tortilla með osti, kjöti að eigin vali, heitri sósu, og fersku eða kornsalsa. Brotin saman og grilluð þar til osturinn bráðnar og tortillan verður stökk. Borið fram með sýrðum rjóma. Hægt að velja kjúklinga-, nautakjöts- eða grænmetisquesadillas.

Aðrir réttir á matseðli eru burritos, tacos, tostada og salöt. Afgreiðslan gengur hratt fyrir sig og auðvelt er fyrir hvern og einn að velja hráefni í sinn rétt.

Bæði er hægt að borða á staðnum og taka með sér. Þráðlaust net er á staðnum.

Á heimasíðunni culiacan. is er hægt að kynna sér matseðilinn.



**FERSKLEIKI**
Ferskt guacamole er einstaklega holt og bragðgott. Elizabeth Villafuerte matreiðslumaður starfar á Culiacan en hún er frá Mexíkó.




Stuðnings stöngin

LÉTTU ÞÉR LÍFIÐ

Yfir 5000 notendur á Íslandi síðan 1999



Stuðningsstöngin er hjálpar- og öryggistæki sem auðveldar fólki að vera virkt og athafnasamt við daglegt líf án þess að þurfa að reiða sig á aðra. Margir Iðjuþjálfarar, sjúkraþjálfarar og læknar hafa mælt með stuðningsstöngunum fyrir sína skjólstæðinga.

- Auðveld í uppsetningu.
- Engar skrúfur eða boltar.
- Tjakkast milli lofts og gólfs.
- Hægt að nota við hallandi loft, 0–45° timbur/gifsloft.

Vilji
vilji.is
...léttir þér lífið
Sími 856 3451 • www.vilji.is

- Margir aukahlutir í boði.
- Falleg og nútímanleg hönnun.
- Passar allstaðar og tekur lítið pláss.
- Stillanleg frá 225–307 cm lofthæð, togátak allt að 205 kg.

Stuðningsstangirnar hafa fengið verðlaun fyrir notagildi, öryggi og hönnun á alþjóðlegum hjálpartækjasýningum í USA.
















# OFMETIÐ OFURFÆÐI?

*__OFURFÆÐI__ er hugtak sem notað er til að lýsa fæðu með háu næringargildi og háu hlutfalli andoxunarefna. Það er talið hafa jákvæð áhrif á heilsuna og sumir eigna einstökum fæðutegundum jafnvel ótrúlegan lækningamátt. Aðrir setja við það spurningamerki.*

Dæmi um vel þekkt ofurfæði eru bláber sem innihalda andoxunarefni, C-vítamín, mangan, trefjar og hafa lágt kaloríugildi. Af öðru ofurfæði má nefna ber, hnetur, fræ, grænmeti á borð við hvítkál, garðakál og spergilkál, sítrusávexti, fituríkan fisk eins og lax, makríl og sardínur, rauðrófur, sætar kartöflur, linsubaunir og heilkorn. Þá hafa ýmsar framandi fæðutegundir náð töluverðum vinsældum og verið markaðssettar sérstaklega sem ofurfæði. Þar má nefna goji, undraberin frá Himalajafjöllum, maca, sem kallað er gingseng Inkanna í Perú og er jurt sem vex hæst allra jurta í heiminum og spírulína, og blágræna þörunga, sem fást bæði í duft- og töfluformi.



**NÆRINGARFRÆÐINGUR** Steinar B. Aðalbjörnsson, næringarfræðingur hjá Matís, leggur áherslu á gagnrýna hugsun þegar fólk les sér til um ýmsar staðhæfingar varðandi ofurfæði.

**ÝKT UMRÆÐA**

Nokkur ágreiningur er um notkun orðsins ofurfæði eða superfoods eins og það kallast á ensku. Flestir eru sammála því að sú fæða sem fellur undir skilgreininguna sé almennt holl en ekki eru allir ánægðir með hvernig hugtakið er notað til að markaðssetja einstaka fæðutegundir. Þá hefur einnig komið upp sú gagnrýni að fleygt sé fram ýmsum staðreyndum um heilsufarsleg áhrif vissra fæðutegunda sem sjaldnast eru skilgreind út frá vísindalegum rannsóknum. Gervivísindalegar aðferðir séu notaðar til að halda ofurfæðutegundum á lofti og áhrif þeirra oft á tíðum ýkt.

**ERFIÐ VÍSINDI**

Steinar B. Aðalbjörnsson, næringarfræðingur sem starfar hjá Matís, var inntur eftir sinni skoðun á ofurfæði. „Það er með ofurfæði eins og allt annað í lífinu, það er ekki allt gull sem glóir," segir Steinar sem hefur ávallt lagt áherslu á að fólk horfi gagnrýnum augum á allar fullyrðingar. „Maður verður að spyrja sig hvaðan upplýsingarnar koma, hvort verið sé að reyna að selja manni eitthvað, hvort staðhæfingar séu studdar með vísindalegum rannsóknum og þá hver hafi kostað þá rannsókn. Var það fyrirtæki sem stóð að baki henni eða óháður aðili?" segir hann og bendir á að það sem hljómi of gott til að vera satt sé oft í raun ósatt. „Oft er erfitt að átta sig á því sem haldið er fram bæði á netinu og í fjölmiðlum, meira að segja ég sem næringarfræðingur á stundum erfitt með að vinsa út vísindi og gervivísindi og því erfitt fyrir leikmann að átta sig á því hvað er rétt í þessum málum."

**HOLLUR MATUR**

Steinar hefur þó litið við þær fæðutegundir sem falla undir ofurfæði að athuga. „Margt af þessu ofurfæði kemur úr jurtaríkinu og það er auðvitað það sem næringarfræðingar, læknar og annað fagfólk hafa mælt með að fólk borði meira af í langan tíma," segir Steinar. Hið neikvæða við ofurfæðið sé hins vegar þegar menn vilji skapa sér sérstöðu í markaðssetningu og geri það með miklum og óábyrgum yfirlýsingum sem ekki sé hægt að staðfesta. „Þó komi fram ein rannsókn sem segir að tiltekið efni í ávexti geti gert það að verkum að við höfum fulla sjón til níræðs verður alltaf að líta til annarra rannsókna líka," segir Steinar en tekur fram að vissulega séu ýmis efni sem stuðli að ákveðinni virkni. „Það hefur verið kallað markfæði og er fæði sem fólk neytir í sérstökum tilgangi umfram það að fá hitaeiningar í kroppinn," útskýrir hann og tekur dæmi af benekol, sem tekið sé í þeim tilgangi að lækka blóðfitu. „Oft á tíðum getur ofurfæði fallið undir markfæði."

**AF HINU GÓÐA**

Steinar segir þó meginniðurstöðuna þá að flestar fæðutegundir sem falli undir ofurfæðu séu af hinu góða svo lengi sem þær hafi ekki verið settar í pilluform. „Hins vegar má taka fram að oft er alveg jafn heilsusamlegt að borða epli, appelsínur og bláber eins og dýrar framandi fæðutegundir sem haldið hefur verið að fólki."

**- sg**





**„Það er með ofurfæði eins og allt annað í lífinu, það er ekki allt gull sem glóir."**

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is** s 512 5473
**Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is** s 512 5432
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**



# SÉREIGNARSPARNAÐUR

ÞRIÐJUDAGUR **27. MARS 2012**

**Kynningarblað** Lífeyrissparnaður. lagabreytingar, upphaf lífeyristöku og góð ráð.



# Enn besta leiðin til sparnaðar

**Íslandsbanki býður marga góða valkosti þegar kemur að fjárfestingarleiðum í viðbótarlífeyrissparnaði. Boðið er upp á einstaklingsbundið mat á viðhorfi til áhættu svo stilla megi upp sparnaði sem hentar hverjum og einum, en mikilvægi sparnaðar hefur aldrei verið talið meira.**

Lífeyrissparnaður er enn einn besti kosturinn sem menn geta valið í sparnaði. Það hefur ekki breyst þrátt fyrir breytingarnar sem tóku gildi um síðustu áramót,“ útskýrir Lárus Páll Pálsson hjá lífeyrisþjónustu Íslandsbanka.

Hann segir helsta kost viðbótarlífeyrissparnaðar vera mótframlag vinnuveitenda, sem bundið er í flestum kjarasamningum.

„Það ákvæði hefur ekki breyst og enn verður boðið upp á ákveðin skattafríðindi. Í því samhengi má nefna að enginn fjármagnstekjuskattur er greiddur af ávöxtuninni, en í dag er sá skattur 20 prósent.“

Að sögn Lárusar Páls er séreignarsparnaður einstaklinga oftast til fjölda ára og ávöxtun því talsverður hluti lokasparnaðar. Því er þessi skattaívilnun mikilvægari en ella og getur skipt talsverðu máli við lok starfsævinnar þegar fólk vill taka sparnaðinn út.

„Þá skiptir meira máli nú en áður að séreignarsparnaður er lögvarinn sem þýðir að lánardrottnar geta ekki gengið að honum við gjaldþrot.“

Lárus Páll segir launamenn, sem á annað borð geta lagt fyrir, eiga hiklaust að hefja viðbótarlífeyrissparnað og halda því ótrauðir áfram þrátt fyrir að á móti hafi blásið undanfarin ár.

„Til dæmis hefur verðtryggð lífeyrisbók staðið af sér áföllin og er mikilvægt að skoða vel í upphafi hvaða fjárfestingarleiðir henta hverjum og einum með persónulegri ráðgjöf hjá okkur.“

Að mati sérfræðinga Íslandsbanka hefur mikilvægi sparnaðar aldrei verið meira.

„Við teljum að auka þurfi fjárfestingu í landinu og sparnaður er alla jafna fjárfesting sem kemur atvinnulífinu til góða. Hins vegar er mikilvægt að séreignarsparnaður njóti ákveðinna skattafríðinda því slíkt hvetur almenning til að leggja fyrir í langtímasparnað.“

En hver er besti kosturinn?

Lífeyrisþjónusta Íslandsbanka býður fjölmargar fjárfestingarleiðir og viðskiptavinir geta valið úr verðtryggðum bankareikningi upp í fjárfestingarleiðir með ríkisskuldabréf og hlutabréf,“ útskýrir Lárus Páll.

„Allir viðskiptavinir njóta góðs af því að koma til okkar í bankann og gangast undir einstaklingsbundið mat á viðhorfi til áhættu svo stilla megi upp sparnaði sem hentar hverjum og einum. Sumar fjárfestingarleiðir geta sveiflast mjög í ávöxtun á meðan aðrar, eins og Lífeyrisbókin, sveiflast lítið, nema í takt við verðbólgu. Þá má alltaf blanda saman fjárfestingarleiðum og setja hluta sparnaðar inn á Lífeyrisbók og annan hluta í fjárfestingarleiðir sem sveiflast meira.“



Lárus Páll Pálsson hjá lífeyrisþjónustu Íslandsbanka. MYND/STEFÁN




# Hver vilt þú vera?




Einstaklingur 1

Einstaklingur 1 valdi bara skyldulífeyri og fær aðeins 55% af launum sínum við starfslok.




Einstaklingur 2

Einstaklingur 2 bætti við sig **Allianz viðbótarlífeyri** og fær 72% af launum sínum við starfslok.

**Hafðu samband og við stillum upp framtíðinni með þér eins og þú vilt hafa hana.**

**Allianz**

\- tryggir þína framtíð

Allianz Ísland hf. | Digranesvegi 1 | 200 Kópavogi | 595 3300 | allianz@allianz.is | allianz.is

# Breyting á lögum um séreignarsparnað

**Breytt lög um séreignarsparnað tóku gildi um áramótin. Heimild til að draga iðgjöld launþega frá tekjuskattstofni lækkaði úr 4 prósentum í 2 prósent. Breytingin gildir út árið 2014.**

Alþingi samþykkti rétt fyrir jólahlé þingsins 2011 breytingu á lögum um séreignarsparnað. Heimild til að draga iðgjöld launþega frá tekjuskattstofni er nú tvö prósent í stað fjögurra áður. Breytingin er tímabundin næstu þrjú ár, til loka árs 2014.

Breytingin hefur í för með sér að hámark á framlagi launþega í séreignarsparnað er lækkað úr fjórum prósentum í tvö, en eins og áður ber launagreiðanda að greiða 2% mótframlag samkvæmt kjarasamningi. Möguleiki á sjóðmyndun í séreign hefur því minnkað um þriðjung, úr 6 prósentum af tekjum í fjögur prósent. Áfram nýtur þó launþegi góðs af þeim mikilvæga ávinningi að launagreiðandi leggur fram tvö prósent, sem jafngildir viðbótarlaunum.

Lagasetningin kallar ekki á að breyta þurfi núgildandi samningum um séreignarsparnað, heldur ber launagreiðanda að tryggja að frjálst framlag launafólks í séreignarsparnað verði ekki umfram tvö prósent af iðgjaldastofni, nema launþeginn óski sjálfur eftir því. Það er þó almennt ekki ráðlegt vegna tvísköttunar. Iðgjöld umfram tvö prósent eru þá skattlögð áður en þau eru lögð inn í séreignarsjóð og eru síðan skattlögð aftur þegar þau eru tekin út.

Að óbreyttum þessum nýsamþykktu lögum verður heimildin til frádráttar iðgjalda í séreignarsparnað frá tekjuskattstofni hækkuð á ný frá og með árinu 2015. Launagreiðandi á þá sömuleiðis að eigin frumkvæði að hækka framlag launþegans aftur í fjögur prósent frá og með janúarlaunum 2015, nema launþeginn óski annars. *Heimild: live.is*



Breytingar á lögunum um séreignarsparnað tóku gildi um áramótin.



## HVER KRÓNA TELUR

**Peningar stýra** ekki hamingju fólks. Án þeirra er þó erfitt að komast af og því gott að kunna með þá að fara. Besta leiðin til að læra að nota peninga er að byrja snemma að umgangast þá til dæmis með því að safna krónum í sparibauk strax og við getum sagt orðið „peningar" svo vel skiljist. Foreldrar geta innrætt börnum sínum gildi peninga með því að láta þau vinna fyrir aurunum. Með því að greiða „laun" fyrir vel unnin heimilisverk, sendiferðir og önnur viðvik koma foreldrar þeim skilaboðum til barnanna að peninar vaxa ekki á trjánum. Aurarnir ættu síðan að rata í sparibaukinn og í lok mánaðar yrði hann tæmdur inn á reikning í banka. Sniðugt er að setja eitthvert takmark til að safna fyrir, svo sem leikfang, sem barnið kaupir þegar upphæðinni er náð.

## SKEMMDIR PENINGAR EKKI GLATAÐUR AUR

**Peningaseðlar geta** gleymst í vasa þegar flíkum er hent í þvottavél, rifnað eða þeir orðið fyrir ýmiskonar hnjaski. Seðill þarf þó ekki að vera alveg ónýtur en Seðlabankinn innleysir skemmda seðla upp að vissu marki.




Ef sést í bæði númer seðils greiðist hann að fullu, en sjáist aðeins annað númerið greiðist einungis hálft verð hans, enda fylgi að minnsta kosti fjórðungur seðils í einu lagi. Seðlar, sem svo eru skemmdir, að hvorugt númera sjáist, verða ekki innleystir. Bankinn innleysir slegna peninga, þótt slitnir séu eða skemmdir og áletranir á þeim máðar, ef verðgildi er örugglega læsilegt.
Heimild: www.sedlabanki.is

## SKÍNANDI MYNTSAFN



**Tómatsósa er** fínasti fægilögur á gull, silfur og kopar og gefur myntsafninu góðan ilm. Tómatsósunni er einfaldlega nuddað vel á yfirborðið með tusku og látið bíða stutta stund. Hreinsið síðan af með rökum klút þar til allar leifar af sósunni eru á bak og burt. Pússið síðan yfir með þurrum klút til að fá skínandi glans.
www.ehow.com

## SPARNAÐUR SEM ERFIST



**Séreignarlífeyrir er** laus til útborgunar við 60 ára aldur, örorku eða fráfall sjóðfélaga. Í lok árs 2008 var samþykkt sú breyting á lífeyrislögunum að vörsluaðila sé heimilt að greiða séreignarlífeyri út í einu lagi við 60 ára aldur, en samkvæmt eldri lögum skyldi greiðslu dreift á árin frá upphafi lífeyristöku þar til rétthafi næði 67 ára aldri. Séreignarlífeyrir erfist og er laus til útborgunar við andlát sjóðfélaga. Öðru máli gegnir um samtryggingarlífeyrinn sem við andlát rétthafa er greiddur út í formi maka- eða barnalífeyris, gjarnan tímabundið, að uppfylltum tilteknum skilyrðum.





# Fólkið í landinu les Fréttablaðið

Ný fjölmiðlakönnun Capacent Gallup staðfestir vinsældir Fréttablaðsins enn einu sinni. Til dæmis lesa **70%** íbúa höfuðborgarsvæðisins milli átján og fimmtugs að meðaltali hvert tölublað Fréttablaðsins - næstum þrefalt fleiri en lesa það dagblað sem kemur næst á eftir.

Við erum stolt af þessum glæsilega árangri og munum halda áfram að miðla skemmtilegu og upplýsandi efni, hlusta á raddir lesenda og vera líflegur vettvangur fyrir skoðanaskipti.

| 18-49 ára | Höfuðbsv. | Landið allt | 12-80 ára | Höfuðbsv. | Landið allt |
|---|---|---|---|---|---|
| Fréttablaðið | 70% | 57,5% | Fréttablaðið | 73,0% | 59,4% |
| Morgunblaðið | 25% | 26,8% | Morgunblaðið | 32,1% | 33,1% |
| DV | 13,1% | 11,6% | DV | 13,3% | 12,2% |
| Fréttatíminn | 48,4% | 35,9% | Fréttatíminn | 54,8% | 40,8% |
| Finnur.is | 30,2% | 22,6% | Finnur.is | 38,8% | 29,5% |
| Monitor | 25,3% | 22,5% | Monitor | 25,5% | 23,7% |
| Viðskiptablaðið | 7,6% | 7,6% | Viðskiptablaðið | 10,2% | 9,1% |

**Prentmiðlakönnun Capacent Gallup.** Október til desember 2011, meðallestur á tölublað.




Allt sem þú þarft...

## Þjónusta



Næsta BYRJENDANÁMSKEIÐ Í YOGA hefst 27. mars. Yogastöðin Heilsubót www.yogastodin.com S: 5885711 og 6918565

## HEIMILIÐ

## Húsgögn

**Rúllugardínur**
Þessar gömlu góðu, gluggakappar s. 567 1086.

## Dýrahald



Allt fyrir hænur. Jón bóndi, Réttarhálsi 2, 110 Rvk, www.jonbondi.is Opið mán-fös 10-18

## HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**GÓÐ GISTING Í MIÐBÆ RVK**
**Gott verð, dags, viku- og mánaðarleiga.**

**www.hotel105.com**
**GISTIHÚSIÐ VÍKINGUR**
**sími 896 4661**

**Gistiheimili - Guesthouse**

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.og stúdíó Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj M/ baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person and studio. Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshraun 13 Hfj Whith Bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

Fullbúin 4ja herb. íbúð til leigu á Akureyri. Vikulega kr. 60 þ. leiga fimtud.-sunnud. 25 þ. Uppl. í s. 867 3953.

Stúdíóíbúð til leigu á svæði 104. Verð 65 þús. pr.mán. Laus 1. apríl. Studio apartment for rent. Price 65 thous pr.month. Available april 1st. contact number 698 3211.

Herb. til leigu í Kóp. Laust. V. 30þ. á mán. + 3 mán. fyrirf. S. 868 7283 eða 692 3397.

60fm íbúð til leigu í 105, laus frá 1 júní, langtímaleiga. Upplýsingar í síma 777 5444.

Tveggja herb. íbúð í hfj. til leigu í 4 mán. Tveir mánuðir trygging + tveir mánuðir fyrir fram. Leiga 100 þ. Uppl. í s. 865 4015.

Til leigu 2 herb. íbúð í miðbæ 101 Rvk. 120 pr. mán. 2 mán. fyrirfram. Uppl. 776 3260.

**Nálægt HÍ**
2 herb. íbúð til leigu hjá Háskóla Íslands. Sérinng., 2hæð. Leiga 99 þús. per mánuð með hita. Sími: 899 6221

## Geymsluhúsnæði

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**Geymslur.com**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Aðgangur 8-22 alla daga. Búslóðir - fyrirtæki - iðnaðarm. Upphitað og öryggisvöktun. S: 564-6500.

## Þjónusta

**Leiguumsjón**
**láttu okkur sjá um fasteignina þína.**

**Gerð leigusamninga.**
**Auglýsingar, samskipti og upplýsingagjöf gagnvart leigutaka og leigusala.**
**Samskipti við banka vegna tryggingа. Innheimta leigugjalds - skilvirk eftirfylgni innheimtu.**
**Umsjón og eftirlit með fasteigninni.**
**Markmið með leigu-umsjón er að auðvelda fasteignaeiganda útleigu fasteignar og halda verðgildi eignar.**
**Hjá Leiguliðum starfa 3 löggiltir leigumiðlarar með mikla reynslu á sviði útleigu á íbúðar- og atvinnuhúsnæði.**
**Sjá www.leigulidar.is leiguumsjón eða s- 517-3440**

## Atvinna

UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

### Tölvusérfræðingur

Starf tölvusérfræðings í ráðuneytinu er laust til umsóknar. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Tölvusérfræðingur starfar í tölvudeild er heyrir undir rekstrar- og þjónustusvið ráðuneytisins. Starfið felst í uppsetningu, viðhaldi og þjónustu við notendur tölvukerfa utanríkisþjónustunnar. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra og Félags starfsmanna stjórnarráðsins.

**Kröfur til umsækjenda:**
- Menntun á sviði upplýsingatækni
- Staðgóð þekking í íslensku og ensku
- Samskiptalipurð, frumkvæði, færni til að vinna sjálfstætt og góð framkoma

Æskilegt er að umsækjendur hafi reynslu af Lotus Notes-forritun.

**Umsóknarfrestur er til og með 9. apríl 2012.**

Umsóknir skulu berast á netfangið umsokn@mfa.is, merkt „Tölvusérfræðingur 2012". Litið verður svo á að umsóknir gildi í sex mánuði frá því að umsóknarfresti lýkur. Konur jafnt sem karlar eru hvattar til sækja um starfið.

Nánari upplýsingar veita Helga Hauksdóttir (helga.hauksdottir@utn.stjr.is) og Anna Ósk Kolbeinsdóttir (anna.osk.kolbeinsdottir@utn.stjr.is) í síma 545-9900.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

## Tilkynningar

Skipulags stofnun

### Málstofa um miðhálendi Íslands vegna landsskipulagsstefnu 2013-2024

Skipulagsstofnun heldur málstofu um miðhálendi Íslands fimmtudaginn 29. mars 2012 kl. 13.00 til 16.00 á Hilton Reykjavík Nordica, Suðurlandsbraut 2 í Reykjavík. Málstofan er hluti af vinnu við mótun fyrstu landsskipulagsstefnu og dagskrá og nánari upplýsingar er að finna á vefsetri landsskipulagsstefnu http://www.landsskipulag.is og heimasíðu Skipulagsstofnunar http://www.skipulagsstofnun.is/.

Málstofan er öllum opin en tilkynna þarf þátttöku á netfangið landsskipulag@skipulagsstofnun.is í síðasta lagi 28. mars.

**Skipulagsstofnun**

## Fasteignir

RÍKISKAUP

### Tilboð óskast í 94,4m² íbúðarhúsnæði á efri hæð í fjórbýlishúsi í Grundarfirði.



**15230. Eyrarvegur 5. Grundarfirði.**
Um er að ræða 94,4m².íbúð á efri hæð í fjórbýlishúsi byggðu úr steinsteypu árið 1966, samkv.Fasteignaskrá Íslands. Húsnæðið skiptist í forstofu, hol, stofu, eldhús, búr, tvö svefnherbergi og baðherbergi.
Geymsluloft er yfir íbúðinni. Íbúðin þarfnast töluverðra endurbóta.
Brunabótamat er kr. 18.450.000,- og fasteignamat er kr. 12.700.000,- Húseignin verður til sýnis í samráði við Pétur Kristinsson hdl í síma 438-1199 og Ríkiskaup, Borgartúni 7, 105 Reykjavík í síma 530 1400.

Tilboðseyðublöð liggja frammi á sama stað ásamt reglum um frágang og útfyllingu á tilboðseyðublaði.
Tilboð skulu berast Ríkiskaupum, Borgartúni 7, Reykjavík fyrir kl. 10.00 þann 3. apríl 2012 þar sem þau verða opnuð í viðurvist bjóðenda er þess óska.

Borgartúni 7c, 105 Reykjavík
Sími 530 1400
www.rikiskaup.is

RÍKISKAUP

## ATVINNA

## Atvinna í boði

**Vélstjóri**
Björgun ehf óskar eftir vélstjóra með 1000 hestafla réttindi, reynsla í vélaviðgerðum og suðu nauðsynleg. Umsóknir sendist á johann@bjorgun.is eða í s. 843 5640.

Óska eftir vinnukonu/manni í sauðburð á Suðurlandi þyrfti að koma fljótlega. Nauðsynlegt að kunna á vélar og tæki. Uppl. í s. 864 2146 & 487 4791.

Duglega menn vantar á hjólbarðaverkstæði. Þarf að geta byrjað sem fyrst. Barðinn Hjólbarðaverkstæði, Skútuvogi 2. Sími 568 3080.

## TILKYNNINGAR

## Einkamál

**MyPurpleRabbit.com**
Djörf stefnumót, heit samskipti. Einstaklingar, pör, hjón. Íslenskt viðmót.

## Atvinna

UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

### Bókarar og starfsmaður í móttöku

**Tvö störf bókara í ráðuneytinu eru laus til umsóknar.**

Bókarar starfa í deild er heyrir undir rekstrar- og þjónustusvið ráðuneytisins. Starfið felst í færslu bókhalds fyrir utanríkisþjónustuna og ráðuneytið sjálft. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra og Félags starfsmanna stjórnarráðsins.

**Kröfur til umsækjenda:**
- Stúdentspróf eða sambærileg menntun
- Reynsla af almennum skrifstofustörfum og færslu bókhalds, þekking á notkun Oracle-bókhaldskerfisins er kostur
- Góð tölvukunnátta
- Staðgóð þekking í íslensku og ensku
- Samskiptalipurð, frumkvæði, færni til að vinna sjálfstætt og góð framkoma

**Umsóknarfrestur er til og með 9. apríl 2012.**
Umsóknir skulu berast á netfangið umsokn@mfa.is, merkt „Bókarar 2012". Litið verður svo á að umsóknir gildi í sex mánuði frá því að umsóknarfresti lýkur.

**Starf í móttöku ráðuneytisins er laust til umsóknar.**

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst. Starfsmaður í móttöku heyrir undir rekstrar- og þjónustusvið ráðuneytisins og annast móttöku gesta og símsvörun, dreifingu pósts innanhúss og heldur utan um lager með skrifstofuvörum. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra og Félags starfsmanna stjórnarráðsins.

**Kröfur til umsækjenda:**
- Stúdentspróf eða sambærileg menntun
- Reynsla af almennum skrifstofustörfum
- Staðgóð þekking í íslensku og ensku, æskilegt er að hafa vald á einu Norðurlandatungumáli
- Góð tölvukunnátta
- Þjónustulund, frumkvæði, færni til að vinna sjálfstætt og góð framkoma

**Umsóknarfrestur er til og með 9. apríl 2012.**
Umsóknir skulu berast á netfangið umsokn@mfa.is, merkt „Móttaka 2012". Litið verður svo á að umsóknir gildi í sex mánuði frá því að umsóknarfresti lýkur.

Karlar jafnt sem konur eru hvattir til sækja um framangreind störf.

Nánari upplýsingar veita Helga Hauksdóttir (helga.hauksdottir@utn.stjr.is) og Anna Ósk Kolbeinsdóttir (anna.osk.kolbeinsdottir@utn.stjr.is) í síma 545-9900.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð, vináttu og hlýhug við andlát og útför elskulegrar móður minnar, tengdamóður og ömmu,

**HALLDÓRU ÁRNADÓTTUR**
**Ársölum 5, Kópavogi.**

Sérstakar þakkir viljum við færa starfsfólki hjúkrunar- og ráðgjafarþjónustu Karitasar fyrir einstaka alúð og umönnun.

**Árni S. Pétursson** **Silja Huld Árnadóttir**
**Elín Kolfinna, Birta og Sigtryggur Haukur ömmubörn.**



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**BJÖRN KARLSSON**
**Blesugróf 7, Reykjavík,**

sem lést á Landspítalanum föstudaginn 23. mars, verður jarðsunginn frá Bústaðakirkju föstudaginn 30. mars kl. 13.30.
Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vildu minnast hans er bent á Samtök lungnasjúklinga.

**Smári Björnsson** **Aníta Fríða Oddsdóttir**
**Helga Kristjánsdóttir**
**Karl Björgúlfur Björnsson**
**Baldur Árni Björnsson** **Jónína Heiðarsdóttir**
**Kristín Björnsdóttir** **Valur Magnússon**
**Lilja Björnsdóttir** **Einar Jes Guðmundsson**
**Sigrún Bryndís Björnsdóttir**
**Ólöf Birna Björnsdóttir** **Sigurður Finnsson**
**Helga Agnes Björnsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Eiginkona mín,

**ELÍSABET GUÐMUNDSDÓTTIR**
**Kleppsvegi 62, Reykjavík,**

lést á hjartadeild Landspítalans 17. mars.
Útför hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Valdimar Björnsson og fjölskylda.**



**INGÓLFUR AÐALSTEINSSON**
**veðurfræðingur og fyrrv. forstjóri**
**Hitaveitu Suðurnesja,**
**Kirkjusandi 3, Reykjavík,**

lést að Hrafnistu sunnudaginn 25. mars.
Útförin fer fram frá Fossvogskirkju, föstudaginn 30. mars kl. 15.00.

**Aðalsteinn Ingólfsson** **Janet S. Ingólfsson**
**Ólafur Örn Ingólfsson** **Ingibjörg Guðmundsdóttir**
**Birgir Ingólfsson** **Auður Jónsdóttir**
**Ásrún Ingólfsdóttir** **Magnús Snæbjörnsson**
**Leifur Ingólfsson** **Lilja M. Möller**
**Atli Ingólfsson** **Þuríður Jónsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**KRISTÍN GISSURÍNA GISSURARDÓTTIR**
**hjúkrunarkona**

er látin. Gína, eins og hún var jafnan nefnd, lést á Sjúkrahúsinu á Seyðisfirði 25. mars 2012.

**Gissur Þór Árnason** **Stefanía Steinþórsdóttir**
**Halldór Árnason** **Þórunn S. Einarsdóttir**
**Þórhallur Árnason** **Guðlaug Bachmann**
**Gunnar Árnason**
**Anna Guðný Árnadóttir**
**Rannveig Árnadóttir**
**og fjölskyldur.**



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**ELÍN JÚLÍANA GUÐLAUGSDÓTTIR**
**Hrútsstöðum, Dalasýslu,**

lést á Heilbrigðisstofnun Vesturlands á Akranesi þann 21. mars.

**Böðvar Bjarki Magnússon** **Bergþóra Jónsdóttir**
**Guðlaugur Ellertsson** **Kristbjörg Einarsdóttir**
**Guðrún Ellertsdóttir** **Ragnar M. Hauksson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

# Blái naglinn – frumsýning

Heimildarmyndin Blái naglinn eftir Jóhannes Kr. Kristjánsson og Inga R. Ingason verður frumsýnd í kvöld, þriðjudag, klukkan 20 í Eldborgarsal Hörpu. Í myndinni segir frá fjölskylduföðurnum Jóhannesi Valgeiri Reynissyni sem greindist með krabbamein í blöðruhálskirtli fyrir rúmu ári og fylgst með hvernig hann og fjölskyldan takast á við meinið.

Sýningin er upphaf átaks til vitundarvakningar um krabbamein í blöðruhálskirtli, sem jafnframt er fjáröflunarátak til styrktar rannsóknum, fræðslu og tækjakaupum.

Í tilefni frumsýningarinnar flytja 220 söngvarar úr karlakórum nokkur lög við undirleik sinfóníuhljómsveitar, en Garðar Cortes stjórnar. Kynnir er Valgeir Guðjónsson.



**BLÁI NAGLINN** Jóhannes Kr. Kristjánsson gerði heimildarmyndina um baráttu við krabbamein í blöðruhálskirtli ásamt Inga R. Ingasyni.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**EES** Fyrirlesturinn fer fram í fyrirlestrasal Þjóðarbókhlöðunnar.

# Opinn fyrirlestur í Bókhlöðunni

EES-samningurinn – Innan eða utan Evrópusambandsins? er yfirskrift opins fyrirlestrar á vegum Alþjóðamálastofnunar og norska sendiráðsins sem haldinn er í dag, þriðjudaginn 27. mars, klukkan 12 til 13.30 í fyrirlestrasal Þjóðarbókhlöðunnar.

Síðastliðin tuttugu ár hafa Ísland og Noregur hagað þátttöku sinni í Evrópusamrunanum á sama hátt, með aðild að EES-samningnum og Schengen-samstarfinu, og með annars konar samningum við Evrópusambandið.

Fredrik Sejersted, prófessor og formaður norsku EES-endurskoðunarnefndarinnar, og Ulf Sverdrup, prófessor og framkvæmdastjóri nefndarinnar, kynna meginniðurstöður skýrslu sem kynnt var í janúar, en hún greinir áhrif samningsins á Noreg og hvernig hann hefur þróast á þessu tímabili.

# Fékk fágæt og verðmæt verk að gjöf

Náttúrufræðistofa Kópavogs fékk veglega bóka- og tímaritagjöf frá Vatnalíffræðideild Kaupmannahafnarháskóla fyrr í vetur. Upplýsingar um þann kost eru nú aðgengilegar á Netinu á bókasafnskerfinu Gegni.

Bækurnar eru um 560 talsins og meðal þeirra eru fágæt og verðmæt verk að sögn Hilmars J. Malmquist, forstöðumanns Náttúrufræðistofu Kópavogs, sem veitti gjöfinni viðtöku. „Þessi bókakostur er gamall og gegn, grundvallarrit með fróðleik og upplýsingum sem menn ná ekki í annars staðar. Kaupmannahafnarháskóli var brautryðjandi í vatnalíffræði í Evrópu og er að vissu leyti enn," segir Hilmar, sem lauk meistara- og doktorsprófi við skólann á sínum tíma.

Bókakosturinn fjallar ekki einungis um vatnalíffræði, að sögn Hilmars, heldur líka almenna skordýrafræði, dýrafræði og vistfræði. „Ritakosturinn ætti að höfða til breiðs hóps náttúrufræðinga og til sælkera í bókmenntum, því hér eru langar tímaritaraðir frá miðri 19. öld, bundnar inn í leður með gyllingu á kili. Elsta handbókin er frá 1805 og hún er með lituðum dýrateikningum sem var sjaldgæft á þeim tíma. Svo þetta eru glæsileg verk og falleg, fyrir utan upplýsingagildið," segir hann.

Frumkvæði að gjöfinni átti Pétur M. Jónasson, fyrrverandi prófessor við Hafnarháskóla og forstöðumaður Vatnalíffræðideildarinnar. Flest ritin eru á ensku en einnig þýsku, frönsku, dönsku og pólsku. Þau verða lánuð innanhúss á Náttúrufræðistofunni, þar sem fólk getur setið með þau við borð og jafnvel fengið ljósrit.

- gun



**VIÐ VATNALÍFFRÆÐIDEILDINA** Pétur M. Jónasson, fyrrverandi prófessor, og Hilmar J. Malmquist, forstöðumaður Náttúrufræðistofu Kópavogs.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**INGA SIGURLAUG ERLENDSDÓTTIR**
**Silla frá Vatnsleysu,**
**Rauðalæk 55,**

lést þann 21. mars sl. að hjúkrunarheimilinu Skjóli. Jarðsungið verður frá Fossvogskirkju fimmtudaginn 29. mars kl. 11.00.

**Tómas Hjálmarsson**
**Kristín Hjálmarsdóttir** **Valgeir Þórðarson**
**Birna Reynisdóttir**
**Linda Heide Reynisdóttir** **Sigfús Agnar Jónsson**
**Heiðbjört, Hjálmar Jón, Hlynur Jón**



Okkar ástkæri faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**VILHELM S. SIGURÐSSON**
**frá Görðum við Ægisíðu,**

lést á hjúkrunarheimilinu Skógarbæ að kvöldi föstudagsins 23. mars.

**Eva Vilhelmsdóttir** **Ólafur Haukur Matthíasson**
**Elín Vilhelmsdóttir** **Stefán Ó. Helgason**
**Sigurður Vilhelmsson** **Sigurlaug Sveinsdóttir**
**Málfríður Vilhelmsdóttir** **Kristján Thorarensen**
**Ingvar Vilhelmsson** **Kristín Sandholt**
**Olga Þorsteinsdóttir**
**barnabörn og langafabörn.**



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug vegna fráfalls og útfarar okkar ástkæru móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**GUÐRÚNAR HÁLFDANARDÓTTUR**
**Miðtúni 8, Höfn í Hornafirði.**

Sérstakar þakkir fær starfsfólk Heilbrigðisstofnunar Suðausturlands fyrir einstaka umönnun og hlýhug.

**Guðný H. Svavarsdóttir** **Ingvar Þórðarson**
**Haukur H. Þorvaldsson**
**Vigfús Svavarsson** **Sigurlaug Hauksdóttir**
**Snæfríður H. Svavarsdóttir** **Stefán Stefánsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**BJÖRGVIN ÓLAFSSON**
**tæknifræðingur**
**Kirkjulundi 6, Garðabæ,**

lést á Landspítalanum 25. mars. Jarðarför verður auglýst síðar.

**Halldóra Sigurjónsdóttir**
**Edda G. Björgvinsdóttir**
**Birgir Björgvinsson** **Ásta Edda Stefánsdóttir**
**Áslaug Högnadóttir** **Páll Haraldsson**
**Andri Björn Birgisson**
**Brynja Dóra Birgisdóttir**
**Týr Fáfnir Stefánsson**

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# FISKUR Á GÓÐU VERÐI Í BÓNUS



**1259** KR. KG

## FERSK NÝ LÍNUÝSA

*ROÐ OG BEINLAUS*



**998** KR. KG

NORÐANFISKUR FROSNIR
**ÞORSKBITAR ROÐ/BEINL.**



**1798** KR. KG

NORÐANFISKUR FROSINN
**LÉTTSALTAÐUR ÞORSKHNAKKI**



**998** KR. KG

BEINL. FROSNIR
**ÚTVATNAÐIR SALTFISKBITAR**



**798** KR. 800G

BÓNUS FROSNIR
**ÝSUBITAR Í RASPI 800G**




**398** KR. KG

FISKBÚÐIN OKKAR
**FERSKAR FISKBOLLUR**




**598** KR. 6 STK

NORÐANFISKUR 120 GRAMMA
**FROSNIR FISKBORGARAR**




**498** KR. 500ML

BÓNUS 500ML
**ÞORSKALÝSI**




**998** KR. KG

1 KG. TILBÚINN / AÐEINS AÐ HITA
**GRÍMS PLOKKFISKUR**




**198** KR. 120G

NORÐANFISKUR
**REYKT ÞORSKLIFUR**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 6 | | | 5 | | | 9 | |
| 7 | 4 | | | | 6 | | | 5 |
| 8 | | | 2 | | 4 | | 6 | |
| | | 7 | | | | | | 8 |
| 9 | 1 | | | | | | 5 | 4 |
| 4 | | | | | | 1 | | |
| | 3 | | 7 | | 5 | | | 9 |
| 5 | | | 9 | | | | 8 | 1 |
| | 8 | | | 6 | | | 7 | |

ÚRLAUSN Á SUDUKO GÁTU Á BONUS.IS 60

# BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** plat, **6.** samtök, **8.** drulla, **9.** kvk nafn, **11.** slá, **12.** aðfall, **14.** skrölt, **16.** drykkur, **17.** húsfreyja, **18.** angra, **20.** stöðug hreyfing, **21.** horfðu.

**LÓÐRÉTT**
**1.** ævintýri, **3.** frá, **4.** þegn, **5.** augnhár, **7.** hagnaður, **10.** þrá, **13.** heyskaparamboð, **15.** koddi, **16.** samræða, **19.** bardagi.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** gabb, **6.** aa, **8.** for, **9.** gró, **11.** rá, **12.** aðsog, **14.** skrap, **16.** te, **17.** frú, **18.** ama, **20.** ið, **21.** litu.
**LÓÐRÉTT: 1.** saga, **3.** af, **4.** borgari, **5.** brá, **7.** arðsemi, **10.** ósk, **13.** orf, **15.** púði, **16.** tal, **19.** at.


ÍSLENSKA HAMBORGARAFABRIKKAN

**Ertu í káli?**

Okkur vantar starfsmann á salatstöð í eldhúsi Fabrikkunnar. Reynsla æskileg.
**100% starf í boði.**

Við gerum kröfur um metnað og hressleika, samskiptahæfni og þjónustulund, heiðarleika og jákvætt viðhorf til lífsins.

Umsóknir ásamt mynd sendist á fabrikkan@fabrikkan.is

**Hamborgarafabrikkan**



www.hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐARBÆJAR
STRANDGATA 6
220 HAFNARFJÖRÐUR
SÍMI 585 5500
FAX 585 5599

**Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar**
**Innritun í grunnskóla fyrir skólaárið 2012-2013**

Innritun nemenda í fyrsta bekk, sem fæddir eru árið 2006 verður í grunnskólum Hafnarfjarðar
**26. - 30. mars klukkan 9:00 – 15:00.**
Sömu daga fer fram innritun nemenda sem flytjast á milli skólahverfa og þeirra sem flytja í Hafnarfjörð fyrir næsta skólaár. Innritunin fer fram í grunnskólunum en einnig er hægt að sækja um rafrænt á **Mínar síður** www.hafnarfjordur.is

Nemendur eiga rétt á skólavist í sínu skólahverfi en eins og undanfarin ár geta foreldrar sótt um að hafa barnið sitt í öðrum grunnskóla og er leitast við að koma til móts við þær óskir.

**Áslandsskóli** **s. 585 4600** aslandsskoli@aslandsskoli.is
**Hraunvallaskóli** **s. 590 2800** hraunvallaskoli@hraunvallaskoli.is
**Hvaleyrarskóli** **s. 565 0200** hvaleyrarskoli@hvaleyrarskoli.is
**Lækjarskóli** **s. 555 0585** skoli@laekjarskoli.is
**Setbergsskóli** **s. 565 1011** setbergsskoli@setbergsskoli.is
**Víðistaðaskóli** **s. 595 5800** vidistadaskoli@vidistadaskoli.is
**Öldutúnsskóli** **s. 555 1546** oldutunsskoli@oldutunsskoli.is

**Sérstök athygli er vakin á því að umsóknarfrestur um heimild til að stunda nám í sjálfstætt reknum skólum eða grunnskólum annarra sveitarfélaga á næsta skólaári er til 1. maí sjá www.hafnarfjordur.is**

Fræðslustjórinn í Hafnarfirði


# Hegðun til hliðsjónar

**BAKÞANKAR**
**Magnús Þorlákur Lúðvíksson**



Fyrir Alþingi liggur þingsályktunartillaga sem felur í sér að lögum um líffæragjafir verði breytt þannig að gert sé ráð fyrir „ætluðu samþykki“ við líffæragjafir í stað „ætlaðrar neitunar“. Nái tillagan fram að ganga verður látinn einstaklingur sjálfkrafa líffæragjafi nema hinn látni hafi látið í ljós vilja til hins gagnstæða þótt einnig sé kveðið á um að taka skuli tillit til óska aðstandenda. Er það markmið þeirra þingmanna sem að tillögunni standa að fjölga líffæragjöfum á Íslandi.

**TILLAGAN** sækir fyrirmyndir sínar til nokkurra nágrannalanda Íslands en segja má að hún byggi á ákveðnum niðurstöðum úr atferlissálfræði. Kannski helst þeim að það hvernig valkostum er stillt upp hefur talsverð áhrif á val einstaklinga og hins vegar því að fólk hefur tilhneigingu til að velja auðveldasta valkostinn hverju sinni, yfirleitt þann sjálfgefna.

**TVEIR** bandarískir sálfræðingar, Eric Johnson og Dan Goldstein, framkvæmdu árið 2003 tilraun þar sem þeir spurðu þrjá stóra hópa af fólki hvort þeir vildu verða líffæragjafar að sér látnum. Spurningin sem lögð var fyrir hvern hóp var hins vegar ólík. Fyrsti hópurinn fékk spurningu sem byggði á „ætlaðri neitun“ en fólk gat þó valið að gerast líffæragjafar. Spurningin sem lögð var fyrir annan hópinn var nákvæmlega eins nema hún byggði á „ætluðu samþykki“ þó fólk hefði þann valkost að gerast ekki líffæragjafar. Þriðja hópnum var svo gert að velja á milli kostanna án þess að öðrum væri stillt upp sem sjálfgefnum. Uppstilling spurningarinnar reyndist skipta miklu máli. Þegar gert var ráð fyrir „ætlaðri neitun“ völdu einungis 42% svarenda að gerast líffæragjafar en þegar gert var ráð fyrir „ætluðu samþykki“ kusu alls 82% svarenda að gerast líffæragjafar. Það merkilega er að í tilfelli hlutlausu spurningarinnar völdu 79% að gerast líffæragjafar.

**FJALLAÐ** er um þessa tilraun og raunar margar fleiri í bókinni Nudge eftir þá Richard Thaler og Cass Sunstein sem kom út árið 2008. Bókin fjallar um þá möguleika sem felast í notkun atferlissálfræði og -hagfræði við opinbera stefnumótun. Halda höfundar því fram að auka megi virkni og hagkvæmni hins opinbera með því að hafa niðurstöður úr þessum fræðigreinum til hliðsjónar við stefnumótun. Óhætt er að segja að bókin hafi vakið mikla athygli en höfundar hennar hafa síðan verið fengnir til að veita ríkisstjórnum víða um heim ráðgjöf. Þannig hefur Sunstein unnið fyrir ríkisstjórn Obama í Bandaríkjunum og Thaler meðal annars unnið fyrir ríkisstjórn Camerons í Bretlandi og fyrir dönsku ríkisstjórnina. Sú litla reynsla sem komin er af þessari nálgun er jákvæð og þess vegna ber að fagna því að hún sé að ryðja sér til rúms á Íslandi.

## myndasögur

**Pondus** Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** Eftir Tony Lopes




**Barnalán** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





**NÝ PLATA** Marilyn Manson sendir frá sér nýja plötu í vor.

# Manson með nýja plötu

**Fjórtán lög verða á áttundu hljóðversplötu rokkarans Marilyn Manson, Born Villain, sem kemur út 30. apríl. Þrjú ár eru liðin síðan sú síðasta, The High End Of Low, kom út.**

**Eitt aukalag verður á plötunni, You´re So Vain, þar sem leikarinn og vinur hans, Johnny Depp, spilar á trommur og gítar. Níu ára sonur Depps, Sam, kemur einnig við sögu í laginu. Manson og Depp hafa verið vinir síðan þeir hittust við tökur á sjónvarpsþáttunum 21 Jump Street. Manson spilar í Bretlandi í sumar á Sonisphere-hátíðinni ásamt Kiss, Faith No More og Queen.**



**ORÐASKAK** Kate Moss og Gwyneth Paltrow eru sagðar hafa átt snörp orðaskipti. NORDICPHOTOS/GETTY

# Moss reifst við Paltrow

Kate Moss og Gwyneth Paltrow áttu í snörpum orðaskiptum í afmæli Sir Philips Green, eiganda Topshop, ef marka má frétt tímaritsins The Sun.

Green fagnaði afmæli sínu í Mexíkó og bauð þangað mörgum vinum og samstarfsfélögum, þar á meðal Paltrow og Moss. Orðaskipti kvennanna áttu sér stað er Paltrow skokkaði fram hjá Moss sem sat í makindum sínum og borðaði kartöfluflögur. Fyrirsætan á að hafa kallað á eftir leikkonunni „Af hverju ertu úti að skokka?“ og mun leikkonan hafa svarað um hæl: „Svo ég endi ekki eins og þú þegar ég verð gömul.“

Talsmaður Paltrow hefur þó neitað sögusögnunum og segir engan fót fyrir fréttinni.

# Spilar með Vedder

Írski Óskarsverðlaunahafinn Glen Hansard hitar upp fyrir Eddie Vedder á tónleikum hins síðarnefnda í Evrópu í sumar.

Hansard, sem spilaði á tónlistarhátíðinni Bræðslunni á Borgarfirði eystri í fyrra, hefur áður hitað upp fyrir Vedder. Það gerði hann á tónleikaferð hans um Bandaríkin í fyrra. Hansard syngur einmitt með Vedder á sólóplötu í Pearl Jam, Ukulele Songs.

Fimm tónleikar með þeim eru fyrirhugaðir í Evrópu, þar af tvennir í Hollandi og tvennir í Bretlandi í júlí. Vedder fer einnig í heljarinnar tónleikaferð um Evrópu sem hefst 10. apríl í Las Vegas.



**HITAR UPP** Írski tónlistarmaðurinn Glen Hansard hitar upp fyrir Eddie Vedder.

# Bjartsýn líkt og Kani

Victoria Beckham segist vera bjartsýnismanneskja í eðli sínu og þess vegna líði henni vel í Bandaríkjunum.

Beckham segist hafa verið spennt fyrir mögulegum flutningi fjölskyldunnar til Parísar, en á tímabili stóð til að David Beckham færi til Saint-Germain fótboltaliðsins. „Ég er bjartsýnismanneskja, þess vegna líður mér vel í Bandaríkjunum. Það hefði verið gaman að flytja til Parísar, sérstaklega vegna vinnu minnar í tísku, en við ákváðum að dvelja áfram í Los Angeles barnanna vegna. Þau eru okkur mikilvægust og þeim líður vel hér,“ sagði söngkonan fyrrverandi um fjölskyldulíf sitt og fótboltamannsins David Beckham.



**ÁNÆGÐ Í LOS ANGELES** Victoria Beckham segist sátt í Bandaríkjunum, enda sé hún mikil bjartsýnismanneskja. NORDICPHOTOS/GETTY


Skráðu þig í netklúbbinn - VITA.is




Skemmtileg, vikulöng konuferð í sólina á Spáni þar sem fléttað er saman hreyfingu, gleði, dekri og fræðslu. Fjölbreytt og lífleg dagskrá fyrir hópinn eins og gönguferðir, leikfimi og teygjur á ströndinni, leirbað í náttúrunni og vínsmökkunarferð. Gist á Hotel Costa Narejos sem er vel staðsett fallegt strandhótel í bænum Los Alcazares, sunnan Alicante.

**Upplýsingar um ferðina eru veittar í Heilsuborg Faxafeni 14 og hjá VITA Suðurlandsbraut 2.**

**Heilsuborgarferð**
23.–30. maí.
HEILSUBORG

**Verð frá 164.900 kr.***
**og 15.000 Vildarpunktar**
á mann m.v. 2 í tvíbýli
Innifalið: Flug til Alicante, flugvallarskattar, allur akstur, gisting með hálfu fæði, íslensk fararstjórn, fritt vikukort í Heilsuborg og fritt eintak af bókinni Blómstraðu í einkalífi og starfi eftir Sirrý.
* Verð án Vildarpunkta 174.900 kr.



Frábær ferð í skemmtilegum félagsskap, mjög uppbyggileg bæði fyrir líkama og sál.
*Lilja Ragnarsdóttir hársnyrtimeistari*




Sirrý, félags- og fjölmiðlafræðingur, og Anna Borg, sjúkra- og einkaþjálfari, sjá um fararstjórn og námskeið á Spáni.

ÍSLENSKA SIA.IS VIT 59093 03.2012

Vildarklúbbur

Þú getur notað Vildarpunktana hjá okkur

Hjá VITA getur þú lækkað verðið á ferðinni þinni um allt að 10.000 kr. með 15.000 Vildarpunktum. Auk þess eru veittir 2.500 Vildarpunktar fyrir allar keyptar ferðir í leiguflugi með VITA. Þannig öðlast þú stöðugt fleiri tækifæri til þess að njóta lífsins.

VITA er í eigu Icelandair Group.
ICELANDAIR GROUP

VITA er lífið

VITA | Suðurlandsbraut 2 | Sími 570 4444 | VITA.is

vita

# menning

menning@frettabladid.is



**VILBORG DAGBJARTSDÓTTIR** rithöfundur ræðir skáldskapinn, börnin og kvennabaráttuna í Bókakaffi í Gerðubergi annað kvöld, miðvikudaginn 28. mars, klukkan 20. Vilborg hefur skilað drjúgu verki á sinni ævi sem kennari, ljóðskáld, rithöfundur, þýðandi og fleira. Nýjasta verk hennar er ævisagan Úr þagnarhyl sem hún skrifaði ásamt Þorleifi Haukssyni.

## Tónleikar Jaðarbers

**Gramsað verður í dótakassanum á tónleikum Jaðarbers næstkomandi miðvikudagskvöld á Kjarvalsstöðum. Í kassanum leynast ýmiss konar leikföng sem fá algjörlega nýjan tilgang á tónleiknum, en útgangspunktur tónskáldanna og flytjenda er að dótið sé fyrst og fremst skemmtilegt, fjölbreytt og litskrúðugt.**

**Á tónleikunum verða frumflutt verk eftir nokkra af helstu dóta- og leikjatónlistarsérfræðingum landsins, meðal annars Charles Ross, Pál Ivan frá Eiðum og Jesper Pedersen.**

**Einnig munu ung tónskáld innan flytjendahópsins kveðja sér hljóðs, en öll eiga þau það sameiginlegt að hafa mjög gaman af alls kyns dóti. Á tónleikunum verða líka flutt eldri dóta- og leikjaverk eftir Þráin Hjálmarsson, Áka Ásgeirsson og Inga Garðar Erlendsson. Tónleikunum lýkur svo á einum alls herjar dóta- og leikjagjörningi flytjendanna. Sérstakir gestir og flytjendur eru: Una Sveinbjarnardóttir fiðluleikari, Katie Buckley hörpuleikari, Frank Aarnink slagverksleikari**

**Tinna Þorsteinsdóttir dótapíanóleikari, Páll Ivan Pálsson, tónsmiður og ýmis hlutverk, Jesper Pedersen tónsmiður og Skúli mennski.**



# SPRELLFJÖRUGT ÞUNGLYNDI

Leikhús ★★★☆☆

**Hótel Volkswagen**

Höfundur: Jón Gnarr

**Leikarar:** Hallgrímur Ólafsson, Þorsteinn Gunnarsson, Bergur Þór Ingólfsson, Dóra Jóhannsdóttir, Halldór Gylfason, Jörundur Ragnarsson; **Leikmynd:** Halla Gunnarsdóttir; **Búningar:** Eva Vala Guðjónsdóttir; **Lýsing:** Þórður Orri Pétursson; **Tónlist:** Davíð Þór Jónsson; **Hljóðhönnun:** Thorbjörn Knudsen; **Leikgervi:** Elín S. Gísladóttir

Leiksýningin Hótel Volkswagen eftir Jón Gnarr var frumsýnd í Borgarleikhúsinu síðastliðið laugardagskvöld. Hér er á ferðinni heilmikil sýning um fólk sem lendir saman á hóteli vegna erfiðra aðstæðna í þeirra persónulega lífi. Þar ræður ríkjum kæruleysislegur hippa-reddari að nafni Svenni og reynir hann að gera dvöl þeirra sem besta á þessum óræða stað. Trúverðugleikinn er enginn enda varla ætlunin þar sem leikið er með öll þau tabú sem hægt er að grafa upp á ekki skemmri tíma. Persónurnar eru skrautlegar; Nasistaforingi með nafn gyðings sem tveir ofurþjálfaðir og blíðlegir sjefferhundar fylgja. Siggi litli og pabbi hans; Siggi er með áráttuhegðun eða athyglisbrest og pabbinn er orðinn bugaður af eilífðarspurningum barnsins. Á hótelinu eru einnig bresk hjón, tveir herramenn þar sem annar kemur fram í gervi konu en er þó karl sem tyggur geðlyf eins og nammi og hafa þeir ættleitt barn sem í raun og veru er kona og ekki bara venjuleg kona heldur rússneskur alkóhólisti. Hér áður fyrr þýddi orðið greindur, líklega að vera gáfaður en nú stendur þetta hugtak fyrir það hvort búið sé að hólfa viðkomandi niður í eitthvert annarlegt ástand. Hver einasta persóna þessa verks passaði inn í þessa greiningaráráttu.

Hláturgusurnar gengu eins og bylgjur um salinn millum þeirra sem kyngdu og pirruðu sig á pissuhúmornum og bullinu. Jörundur Ragnarsson í hlutverki Pauls Jenkins, karlsins í konugervinu, var stórkostlega fyndinn og líkamsbeiting hans og geiflur með eindæmum. Halldór Gylfason sem eiginmaðurinn breski var einnig ótrúlega fyndinn. Dóra Jóhannsdóttir lék Sigga litla og náði að pirra bæði áhorfendur og umhverfi sitt á stórkostlegan hátt en endurtekningar voru allt of margar.

Þorsteinn Gunnarsson naut sín mjög vel, skemmtilega írónískur í styrk sínum í hinu klofna hlutverki Ludvigs Rosencrantz, þar sem lífinu í útrýmingarbúðunum var lýst eins og hvaða vinnu sem væri. Bergur Þór Ingólfsson, sem hinn bugaði faðir, var einnig mjög góður. Það var helst hlutverk Svenna, hóteleigandans, sem var ekki alveg nógu skýrt.



**GÓÐUR LEIKUR** Halldór Gylfason var ótrúlega fyndinn og Þorsteinn Gunnarsson naut sín mjög vel segir gagnrýnandi Fréttablaðsins.

Leikmynd og skreyting salar leiddu hugann ótvírætt í átt til skemmtikvölds hjá foringjum þriðja ríkisins, nú eða innréttingu pútnahúss. Öll umgjörðin var mjög smart og greinilegt að leikhópurinn náði vel saman, hitt er svo annað mál hvort verkið í sjálfu sér sé boðlegt með sinni prumpu-aulafyndni í nær þrjá klukkutíma. Það er mikið talað um klámvæðingu, spurningin er hvort listaverk af þessum toga auki ekki á kjánavæðingu? Eða, er þetta kannski alveg stórkostlegt verk þar sem verið er að sýna fram á að við séum orðin svo ruglingslega umburðarlynd? Dæmi hver fyrir sig.

**Elísabet Brekkan**

**Niðurstaða:** Góður leikur í sýningu með rýran boðskap.


ENNEMM / SÍA / NM51285

Fermingargjöfin er stereógræja, GPS-tæki,

... og auðvitað sími svo að fermingarbarnið geti hringt í þig til að segja „takk“!



**ZTE Blade**

Ódýr en flottur Android sími

1.790 kr.

á mánuði í 12 mánuði*

Staðgreitt: 19.990 kr.

500 kr. inneign á mánuði í 6 mánuði fylgir



**Samsung Galaxy Y**

Nettur snjallsími á frábæru verði

2.090 kr.

á mánuði í 12 mánuði*

Staðgreitt: 22.990 kr.

500 kr. inneign á mánuði í 6 mánuði fylgir




**HTC Explorer**

Flottur Android sími

2.690 kr.

á mánuði í 12 mánuði*

Staðgreitt: 29.900 kr.

500 kr. inneign á mánuði í 6 mánuði fylgir

siminn.is

Inneignin gildir fyrir eitt símanúmer

* Greiðslugjald 325 kr. bætist við mán. gjald

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Þriðjudagur 27. mars 2012**

### Félagsvist

**20.00** Félagsvist er spiluð hjá Félagi eldri borgara í Reykjavík, Stangarhyl 4.

### Málþing

**15.00** Málstofa verður haldin í fundarsal Seðlabankans, Sölvhóli. Frummælandi er Jósef Sigurðsson og leitast verður við að svara spurningum varðandi sveiflur á íslenskum vinnumarkaði.

### Tónlist

**12.15** Ágúst Ólafsson barítónsöngvari og Antonía Hevesi píanóleikari bjóða til tónleika undir yfirskriftinni Tælingarsöngvar í sal Norðurljósa í Hörpu. Um er að ræða hádegistónleika á vegum Íslensku óperunnar.

**20.30** Stórhljómsveitin HAM kemur fram á margverðlaunuðu tónleikaröðinni Kaffi, kökur & rokk & ról. Upphitun verður í höndum þungarokksveitarinnar Gona Postal sem vann Íslandsriðilinn í Wacken Metal Battle fyrir skömmu. Tónleikarnir fara fram í Edrúhöllinni, Efstaleiti 7 og er aðgangseyrir kr. 500.

**20.30** Tropicalia-sveit Kristínar kemur fram á jazztónleikaröðinni á KEX Hostel, Skúlagötu 28. Sveitin flytur frumsamið efni í bland við tónlist meðlima brasilísku Tropicalia-hreyfingarinnar og aðra brasilíska tónlist. Aðgangur er ókeypis.

### Fyrirlestrar

**12.00** Fredrik Sejersted og Ulf Sverdrup tala á opnum fyrirlestri sem ber heitið EES-samningurinn – Innan eða utan Evrópusambandsins?. Fyrirlesturinn er á vegum Alþjóðamálastofnunar og norska sendiráðsins og verður haldinn í fyrirlestrasal Þjóðarbókhlöðunnar.

**12.05** Hildur Hákonardóttir heldur fyrirlestur um Röggvarfeldinn í sal Þjóðminjasafns Íslands. Aðgangur er ókeypis og allir eru velkomnir.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is og einnig er hægt að skrá þá inni á visir.is.**



**MIKIL LITAGLEÐI** Í Gallerí Fold sýnir Þorsteinn Helgason olíu- og akrílverk sem öll eiga það sameiginlegt að heita tónlistartengdum nöfnum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Að mála mynd er eins og að semja lag

„Djass er mikill áhrifavaldur," segir Þorsteinn Helgason um ástæðu þess að málverk hans heita tónlistartengdum nöfnum. Um þessar mundir stendur yfir sýning á verkum hans, undir heitinu Samspil, í Gallerí Fold.

Verkin eru með náttúruívafi og tilheyra abstrakt expressionisma en það sem helst einkennir þau er litagleði og stærð. Þorsteinn notar olíu og akríl og nær með því fram andstæðum sem finnast í íslenskri náttúru eins og ís og eldur, ljós og myrkur. Það sem veitti innblástur að sýningunni var blanda af reynsluheimi Þorsteins í arkitektúr og tónlist en hann er meðeigandi í stofunni Ask arkitektar. „Arkitektúr og myndlist er sama tóbakið, til dæmis í formum og jafnvægi og svo hefur djass líka mikil áhrif. Það að semja lag eða mála mynd er ekki svo ólíkt. Stundum horfi ég á málverk og sem lag eða hlusta á lag og mála mynd, það er tenging hér á milli," segir Þorsteinn.

Sýningin stendur til 4. apríl.

- msj

# Rússnesk söngveisla

Efnt verður til söngveislu í Salnum fimmtudaginn, 29. mars, klukkan 20. Þá munu Þóra Einarsdóttir sópran, Nathalía Druzin Halldórsdóttir mezzósópran, Gunnar Guðbjörnsson tenór og píanóleikarinn Nína Margrét Grímsdóttir flytja perlur úr rússneskum tónbókmenntum á Tíbrártónleikum.

Á dagskránni eru aríur og ljóð eftir Tsjaíkovskí, Rimskí-Korsakov, Rachmaninov og Glinka. Einnig ljóðaflokkurinn Úr þjóðlögum gyðinga op. 79 sem Sjostakovits samdi árið 1948 en var ekki fluttur opinberlega fyrr en sjö árum síðar, eftir lát Stalíns. Hann verður nú fluttur í fyrsta skipti í heild sinni hér á landi.



**SÓPRANINN** Þóra Einarsdóttir verður meðal flytjenda í Salnum.


PÁSKAVERÐ*



Miele

Miele þvottavél W1634
áður kr. 184.500
nú kr. 169.900

Miele þvottavél W1714
áður kr. 202.500
nú kr. 184.900

* á meðan byrgðir endast

EIRVÍK
Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is



myndbandstökuvél og leikjatölva ...



Samsung Galaxy ACE
Flottur sími úr Galaxy línunni
3.590 kr.
á mánuði í 12 mánuði*
Staðgreitt: 39.900 kr.
500 kr. inneign á mánuði í 6 mánuði fylgir

Samsung Galaxy SII
Flaggskipið úr Galaxy línu Samsung
5.990 kr.
á mánuði í 12 mánuði*
Staðgreitt: 99.900 kr.
1000 kr. inneign á mánuði í 6 mánuði fylgir

iPhone 4
Frábær sími frá Apple
5.990 kr.
á mánuði í 12 mánuði*
Staðgreitt: 99.900 kr.
1000 kr. inneign á mánuði í 6 mánuði fylgir

Síminn

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ midi.is

HEIMURINN FYLGIST AGNDOFA MEÐ
★★★★ STERK BYRJUN, MANN ÞYRSTIR Í MEIRA! T.V. - VIKAN/SÉÐ OG HEYRT
THE HUNGER GAMES
EINN STÆRSTI KVIKMYNDAVIÐBURÐUR ALLRA TÍMA
LÚXUS ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ

ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ ACT OF VALOR
ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ THE VOW
★★★★ KVIKMYNDIR.IS LÚXUS 48.000 MANNS SVARTUR Á LEIK ★★★★ MBL ★★★★ PRESSAN.IS ★★★★ DV

| SMÁRABÍÓ | GLERAUGU SELD SÉR | 5% |
|---|---|---|
| HUNGER GAMES | KL. 4 - 5 - 8 - 10.20 - 11 | 12 |
| HUNGER GAMES LÚXUS | KL. 5 - 8 - 11 | 12 |
| ACT OF VALOR | KL. 8 - 10.30 | 16 |
| THE VOW | KL. 5.30 - 8 | L |
| SVARTUR Á LEIK | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| TÖFRATENINGURINN | KL. 3.30 | L |
| ALVIN OG ÍKORNARNIR 3 | KL. 3.30 | L |

| HÁSKÓLABÍÓ | NÁNAR Á MIÐI.IS | 5% |
|---|---|---|
| HUNGER GAMES | KL. 6 - 9 - 10.30 | 12 |
| ACT OF VALOR | KL. 8 - 10.30 | 16 |
| THE VOW | KL. 5.40 - 8 | L |
| SVARTUR Á LEIK | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| LISTAMAÐURINN | KL. 5.45 | L |

| BORGARBÍÓ | NÁNAR Á MIÐI.IS | |
|---|---|---|
| HUNGER GAMES | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| ACT OF VALOR | KL. 10 | 16 |
| SVARTUR Á LEIK | KL. 8 | 16 |
| THE VOW | KL. 6 | L |

facebook/smarabio • facebook/haskolabio

midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075 5%
HEIMURINN FYLGIST AGNDOFA MEÐ THE HUNGER GAMES 750 KR. ★★★★ T.V. - Vikan/Séð og Heyrt
SVARTUR Á LEIK
PROJECT X 750 KR.
ÞRIÐJUDAGUR ER TILBOÐSDAGUR

| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| HUNGER GAMES | 5.20, 7, 10 |
| PROJECT X | 8, 10 |
| SVARTUR Á LEIK | 5.50, 8, 10.15 |

SAMBÍÓIN SAMbio.is
Kristen Wiig, Jon Hamm, Maya Rudolph og Chris O'Dwod úr BRIDESMAIDS eru æðisleg í þessari frábæru gamanmynd
friends with kids TILBOÐ
Geðveikt grín í geggjuðustu partýmynd allra tíma!
FROM PRODUCER TODD PHILLIPS, THE DIRECTOR OF THE HANGOVER
„Hin brjálæðislega fyndna Project X er málið. Hún fer alla leið og auk þess kærulaus og tilbúin í fjörið. Hverjum líkar ekki við það?" Rolling Stone
PROJECT X TILBOÐ
FYRSTA STÓRMYND ÁRSINS. JOHN CARTER ★★★★ TILBOÐ
FRÁBÆR ÆVINTÝRAMYND FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA TILBOÐ
MÖGNUÐ ÞRÍVÍDD JOURNEY 2
VANESSA HUDGENS, MICHAEL CAINE OG DWAYNE „THE ROCK" JOHNSON TRYGGJA ÓSTÖÐVANDI BÍÓSKEMMTUN

| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | | |
|---|---|---|---|
| FRIENDS WITH KIDS | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 2D | 12 |
| FRIENDS WITH KIDS VIP | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 2D | VIP |
| PROJECT X | kl. 8 - 10:10 | 2D | 16 |
| JOHN CARTER | kl. 5:20 - 8 - 10:40 | 3D | 7 |
| JOHN CARTER | kl. 10:10 | 2D | 7 |
| THE WOMAN IN BLACK | kl. 8 - 10:10 | 2D | 16 |
| JOURNEY 2 | kl. 5:50 | 2D | 7 |
| A FEW BEST MEN | kl. 8 | 2D | 12 |
| HUGO Með texta | kl. 5:30 | 2D | 10 |
| STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN M/ísl. Tali | kl. 5:50 | 2D | L |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | | | |
|---|---|---|---|
| FRIENDS WITH KIDS | kl. 8 - 10:10 | 2D | 12 |
| PROJECT X | kl. 8 | 2D | 16 |
| JOHN CARTER | kl. 10:10 | 3D | 7 |

| SAMBÍÓIN SELFOSS | | |
|---|---|---|
| FRIENDS WITH KIDS | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| JOHN CARTER | kl. 5:20 - 8 - 10:20 | 7 |
| SKRÍMSLI Í PARÍS m/ísl. tali | kl. 6 | L |

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | | | |
|---|---|---|---|
| FRIENDS WITH KIDS | kl. 8 - 10:20 | 2D | 12 |
| PROJECT X | kl. 8 - 10:10 - 10:40 | 2D | 16 |
| JOHN CARTER | kl. 5:20 | 2D | 7 |
| JOHN CARTER | kl. 5:20 - 8 | 3D | 7 |
| JOURNEY 2: THE MYSTERIOUS ISLAND | kl. 5:40 | 3D | 7 |
| THE WOMAN IN BLACK | kl. 8 - 10:10 | 2D | 16 |
| FRÍÐA OG DÝRIÐ m/ísl tali | kl. 6 | 3D | L |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI | | | |
|---|---|---|---|
| FRIENDS WITH KIDS | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 2D | 12 |
| PROJECT X | kl. 6 - 8 - 10:10 | 2D | 16 |
| JOHN CARTER | kl. 5:20 - 8 - 10:40 | 3D | 7 |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | | | |
|---|---|---|---|
| THE HUNGER GAMES | kl. 10:10 | 2D | 12 |
| FRIENDS WITH KIDS | kl. 8 - 10:20 | 2D | 12 |
| PROJECT X | kl. 8 | 2D | 16 |
| JOHN CARTER | kl. 5:30 | 3D | 7 |
| SKRÍMSLI Í PARÍS m/ísl. tali | kl. 6 | 2D | L |

ÞRIÐJUDAGSBÍÓ Í DAG
TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMBIO.IS



**MEÐALMENNSKA** Þessa rómantísku gamanmynd skortir helst rómantík og gaman. Leikararnir standa sig hins vegar vel.

# Meðalmennska á Manhattan

Bíó ★★☆☆☆

**Friends with Kids**

Leikstjórn: Jennifer Westfeldt

**Leikarar:** Adam Scott, Jennifer Westfeldt, Jon Hamm, Kristen Wiig, Maya Rudolph, Chris O'Dowd, Megan Fox, Edward Burns

Einhleypingunum Jason og Julie finnst þau vera útundan þegar pörin í vinahópnum byrja að eignast börn. En einnig taka þau eftir því að barneignir félaganna virðast hafa eyðileggjandi áhrif á ástarlífið. Þau fá því þá vafasömu hugmynd að eignast saman barn og hjálpast að við uppeldið, en aðeins sem vinir. Að sjálfsögðu reynist gjörningurinn ekki eins einfaldur og hann átti að vera, og áður óþekktar tilfinningar ógna framtíð vináttunnar.

Það sem þessa rómantísku gamanmynd skortir helst er annars vegar rómantík og hins vegar gaman. Sterkur leikhópurinn nær þó að forða áhorfandanum frá því að leiðast. Adam Scott, sem fer með stærsta karlhlutverkið, er reyndar áberandi sístur en hinum tekst að draga hann í land. Það er samt eitthvað pínulítið pirrandi við hann. Allavega myndi mig ekki langa að ala honum börn.

Handritið er ekkert sérlega frumlegt og atburðarásin því oftast fyrirsjáanleg. Samtölin eru þó ágætlega skrifuð og ég er þess fullviss að handritshöfundurinn, leikstýran og aðalleikkonan, Jennifer Westfeldt, hefur ekki sungið sitt síðasta. Þá er umhverfið notað á skemmtilegan máta og ætti að kitla ferðataugar hvers þess sem hefur sótt Manhattan heim.

**Haukur Viðar Alfreðsson**

**Niðurstaða:** Lítið merkilegt en ekki leiðinlegt. Leikararnir halda þessu á floti.



**ALDREI AFTUR** Jack White segir engar líkur á því að hljómsveitin The White Stripes verði endurvakin. NORDICPHOTOS/GETTY

# Aldrei aftur saman

Tónlistarmaðurinn Jack White mun ekki endurvekja hljómsveitina The White Stripes og stendur fastur á þeirri skoðun sinni.

White sagði NME að það væru engar líkur á því að þau Meg White myndu taka höndum saman aftur og endurvekja hljómsveitina, nema svo illa kynni að fara að hann yrði gjaldþrota. „Ég sé enga ástæðu til þess. Ég er ekki sú manngerð að ég segist ætla að hætta einhverju en byrja aftur ári síðar. Hefði mér ekki verið alvara með þessu hefði ég ekki haft fyrir því að segja fólki frá þessu."

The White Stripes hefur ekki spilað saman frá árinu 2007 og ætlar White nú að einbeita sér að sólóferli sínum. „Ein af ástæðunum er að ég vildi koma í veg fyrir að fólk ruglaðist á mér sem sólólistamanni og Jack White í White Stripes."



**HREKKIR BÖRNIN** Julia Roberts hefur gaman af því að hrekkja börnin sín.

# Hrekkir börnin sín

**Juliu Roberts finnst gaman að hrekkja börnin sín, Henry sem er fjögurra ára og tvíburana Hazel og Phinnaeus sem eru sjö ára.**

**„Þegar ég heyri að þau eru á leiðinni og þau vita ekki að ég er í húsinu beygi ég mig niður og þegar þau koma inn í herbergið stekk ég fram," sagði leikkonan í viðtali við Ellen DeGeneres.**

**Þess vegna ákvað DeGeneres að hrekkja Roberts við tökur á þættinum og lét hana hrökkva við á baðherberginu heima hjá leikkonunni. Hún hrökk einnig við þegar maður í Mjallhvítarbúningi læddi sér upp að henni.**

# Vilja spila með Jimmy Page

**Hljómsveitin Red Hot Chili Peppers er að reyna að sannfæra Jimmy Page, fyrrum gítarleikara Led Zeppelin, um að spila með henni þegar hún spilar næst í Englandi.**

**Sveitin kemur þangað í júní og vonast til að hann verði gestur á einum tónleikum. „Jimmy Page verður að koma á eina tónleika með okkur. Við höfum ekki enn fengið tækifæri til að spila með honum," sagði trommarinn Chad Smith. „Það væri mjög svalt ef það myndi gerast. Ég sá hann einu sinni spila með Foo Fighters á Wembley."**



**VILJA PAGE** Söngvarinn Anthony Kiedis og félagar vilja endilega spila með Jimmy Page í sumar.

BÍÓ ★ PARADÍS
MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS
CAFÉ/BAR, opið 17-23 / www.bioparadis.is / midi.is ■ Hluti af Europa Cinemas

ÞRIÐJUDAGUR: MARGIN CALL 17:50, 20:00, 22:30 ■ PÓLSKIR: ERRATUM 18:00 ■ PÓLSKIR: LITTLE ROSE 20:00 ■ PÓLSKIR: ALL THAT I LOVE 22:00 ■ BLACK'S GAME (SVARTUR Á LEIK) 17:40, 20:00, 22:20 ■ MY WEEK WITH MARILYN 18:00 ■ THE DESCENDANTS 20:00 ■ THE SKIN I LIVE IN 22:00 ÍSL. TEXTI ENG. SUBS

ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ: 950 kr. miðinn!

MARGIN CALL
PÓLSKIR KVIKMYNDADAGAR ÓKEYPIS INN! SÍÐASTI SÝNINGARDAGUR
"MOVES LIKE A SNAKE ON SPEED" -TWITCHFILM SVARTUR Á LEIK (BLACK'S GAME) ENGLISH SUBTITLES



HYUNDAI
NEW THINKING.
NEW POSSIBILITIES.
5 ÁRA
ÁBYRGÐ
VEGAAÐSTOÐ
GÆÐASKOÐUN
ÓTAKMARKAÐUR AKSTUR
UPPLIFÐU NÝJA TÍMA MEÐ HYUNDAI
5 ÁRA ÁBYRGÐ
ÓTAKMARKAÐUR AKSTUR
5 ÁRA ÁBYRGÐ
Öllum nýjum Hyundai bílum fylgir nú 5 ára verksmiðjuábyrgð og ótakmarkaður akstur út ábyrgðartímabilið. Þú sinnir einungis reglubundnu eftirliti og bíllinn er í ábyrgð til ársins 2017.
5 ÁRA VEGAAÐSTOÐ
Til að tryggja ánægju og uppfylla væntingar til gæða bílanna býður Hyundai viðskiptavinum sínum upp á 24 tíma neyðarþjónustu, 365 daga á ári, fyrir alla þá sem kaupa nýjan Hyundai.
5 ÁRA GÆÐASKOÐUN
Öllum nýjum Hyundai bifreiðum fylgir árleg Gæðaskoðun sem er eigendum að kostnaðarlausu og léttir undir við rekstur bílsins.
Hyundai i30
Verð frá 3.190 þús. kr.
Eyðsla frá 4,1l/100km í blönduðum akstri.
$CO_2$ útblástur frá 109 g/km.
HYUNDAI i30
Aukahlutir á mynd: álfelgur og glerþak
Verið velkomin í kaffi og reynsluakstur
KYNNTU ÞÉR 5 ÁRA ÁBYRGÐINA
Sölumenn okkar hafa alltaf tíma til að setjast niður með þér yfir rjúkandi bolla. Líttu inn í kaffi og fáðu allar upplýsingar um þau fríðindi sem fylgja Hyundai 5 ára ábyrgðinni.
B|L
Bílahúsið / Reykjanesbæ / 421 8808 – Bílasalan Bílás / Akranesi / 431 2622 – Bílasala Akureyrar / Akureyri / 461 2533
BL Sævarhöfða 2 110 Reykjavík 525 8000

# sport

sport@frettabladid.is



**ALEXANDER PETERSSON** gefur ekki kost á sér í íslenska landsliðið fyrir leikina í forkeppni Ólympíuleikanna en riðill Íslands fer fram í Króatíu um páskana og verður í beinni útsendingu á Stöð 2 Sport. Alexander er enn í vandræðum með öxlina en hann missti eins og kunnugt er af öllum leikjum Íslands í milliriðlinum á EM í Serbíu. Fjarvera Alexanders er áfall fyrir íslenska landsliðið sem þarf að ná tveimur efstu sætunum í riðlinum í keppni við Króatíu, Japan og Síle.

## ÚRSLIT Í GÆR

*Iceland Exp. kvenn. úrslitak.*

**Undanúrslit - annar leikur**

**Haukar - Keflavík 73-68 (39-33)**

**Stig Hauka:** Jence Ann Rhoads 29, Tierny Jenkins 15 (22 frák./7 stoðs./5 varin), Margrét Rósa Hálfdanardóttir 11, María Lind Sigurðardóttir 8, Gunnhildur Gunnarsdóttir 8 (5 stolnir), Guðrún Ósk Ámundardóttir 2.

**Stig Keflavíkur:** Jaleesa Butler 24 (13 frák./8 varin), Birna Ingibjörg Valgarðsdóttir 14, Eboni Monique Mangum 13 (8 stoðs.), Helga Hallgrímsdóttir 6, Sara Rún Hinriksdóttir 6, Pálína Gunnlaugsdóttir 4, Sandra Lind Þrastardóttir 1. **Staðan er 2-0 fyrir Hauka.**

*Enska úrvalsdeildin:*

**Manchester United - Fulham 1-0**

1-0 Wayne Rooney (42.)

**STAÐA EFSTU LIÐA:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Man. United** | **30** | **23** | **4** | **3** | **74-27** | **73** |
| Man. City | 30 | 22 | 4 | 4 | 72-22 | 70 |
| **Arsenal** | **30** | **18** | **4** | **8** | **61-39** | **58** |
| Tottenham | 30 | 16 | 7 | 7 | 53-35 | 55 |
| **Chelsea** | **30** | **14** | **8** | **8** | **49-34** | **50** |
| Newcastle | 30 | 14 | 8 | 8 | 44-42 | 50 |
| **Liverpool** | **30** | **11** | **9** | **10** | **36-31** | **42** |
| Sunderland | 30 | 11 | 7 | 12 | 39-34 | 40 |
| **Everton** | **30** | **11** | **7** | **12** | **30-32** | **40** |
| Swansea | 30 | 10 | 9 | 11 | 34-36 | 39 |



**WAYNE ROONEY** Fagnar hér sigurmarki sínu á móti Fulham í gær. AFP

# Náði ekki meti Eiðs Smára

**Gylfi Þór Sigurðsson skoraði ekki fyrir Swansea um helgina og náði því ekki sínu fimmta marki í mars sem hefði jafnað markamet Eiðs Smára Guðjohnsen.**

**FÓTBOLTI** Gylfi Þór Sigurðsson og félagar í Swansea City urðu að sætta sig við tap á heimavelli um helgina og frábær mánuður íslenska landsliðsmannsins endaði því á súru nótunum. Gylfa vantaði eitt mark til að jafna markamet Íslendings í einum mánuði. Eiður Smári Guðjohnsen á því enn metið einn en hann náði því þrisvar sinnum að skora fimm mörk í einum mánuði í ensku úrvalsdeildinni, fyrst í desember 2000, svo í desember ári seinna og síðan í þriðja og síðasta skiptið í janúar 2002.

Eiður Smári varð fyrsti Íslendingurinn til að skora fimm mörk í sama mánuði í ensku úrvalsdeildinni þegar hann skoraði 5 mörk í 5 leikjum sínum með Chelsea í desember 2000. Eiður Smári skoraði tvö mörk í leikjum á móti Derby (4-1 sigur) og Ipswich (2-2 jafntefli) og að auki eitt mark í 3-0 sigri á Bradford.

Eiður skoraði í fjórum leikjum af sjö í desember 2001. Hann hóf mánuðinn á því að skora í 3-0 sigri á Manchester United á Old Trafford og endaði hann á því að skora bæði mörkin í 2-1 útisigri á Newcastle. Eiður Smári skoraði einnig í heimasigrum á Liverpool (4-0) og Bolton (5-1) í jólamánuðinum 2001.

Eiður Smári var áfram í miklu stuði í janúar 2002 og skoraði þá í öllum fjórum deildarleikjum sínum með Chelsea, samtals fimm mörk.



**GYLFI ÞÓR SIGURÐSSON** Með Swansea í mars 2012. NORDICPHOTOS/GETTY



**EIÐUR SMÁRI GUÐJOHNSEN** Með Chelsea í desember 2000. NORDICPHOTOS/GETTY

Hann skoraði eitt mark á móti Southampton (2-4 tap), Bolton (2-2) og Leeds (2-0 sigur) og skoraði síðan tvö mörk í 5-1 sigri á West Ham á Stamford Bridge.

Gylfi skoraði tvö mörk í báðum útileikjum Swansea í mars, 2-0 sigri á Wigan og 3-0 sigri á Fulham. Hann náði ekki að skora í heimaleikjunum á móti Manchester City og Everton og á enn eftir að opna markareikning sinn á Liberty Stadium í Swansea.

Nú er að sjá hvort að Gylfi geti bætt við einhverjum mörkum í aprílmánuði en Swansea spilar þá alls sex leiki. ooj@frettabladid.is

**Flest mörk Íslendings í einum mánuði**

- 5 - Eiður Smári, Chelsea desember 2000
- 5 - Eiður Smári, Chelsea desember 2001
- 5 - Eiður Smári, Chelsea janúar 2002
- 4 - Eiður Smári, Chelsea október 2004
- 4 - Heiðar Helguson, Fulham, febrúar 2006
- 4 - Gylfi Þór Sigurðsson, Swansea mars 2012
- 3 - Eiður Smári, Chelsea mars 2001
- 3 - Eiður Smári, Chelsea janúar 2003
- 3 - Eiður Smári, Chelsea apríl 2005
- 3 - Heiðar Helguson, QPR nóvember 2011



**ÍRIS SVERRISDÓTTIR** Meiddist illa í gær og var flutt á sjúkrahús. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Haukar í 2-0 á móti Keflavík:

# Íris úr hnjálið

**KÖRFUBOLTI** Haukakonur eru komnar í 2-0 á móti Íslands- og deildarmeisturum Keflavíkur í undanúrslitum Iceland Express-deildar kvenna eftir 73-68 sigur í gær. Haukaliðið vantar nú einn sigur til þess að komast í úrslit.

Þegar rétt rúmar þrjár mínútur voru liðnar af öðrum leikhluta ætlaði Íris Sverrisdóttir, leikmaður Hauka, í sniðskot eftir hraðaupphlaup en varð fyrir því áfalli að fara úr og aftur í lið á hægra hné.

Uppi varð fótur og fit og kom Henning Hennings, aðstoðarþjálfari Hauka, hlaupandi að áhorfendapöllunum og hrópaði hvort læknir væri í húsinu og bað um að hringt yrði á sjúkrabíl.

Það var sjúkraliði í húsinu sem gat hugað að Írisi á meðan beðið var eftir sjúkrabílnum sem tók um 20 mínútur að komast á völlinn. Tæplega hálftíma hlé þurfti að gera á leiknum vegna meiðsla Írisar. - gmi



VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 SPORT INNIHELDUR 2 SPORT 2 SPORT 2 SPORT 2 SPORT 2 SPORT 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

## BULLOCK OG BENEDIKT VALDIR BESTIR Í SEINNI HLUTANUM

**KÖRFUBOLTI** J'Nathan Bullock, leikmaður Grindavíkur, og Benedikt Guðmundsson, þjálfari Þór úr Þorlákshöfn, voru kosnir bestir í seinni hluta Iceland Express-deildar karla í körfubolta.

Magnús Þór Gunnarsson úr Keflavík og Finnur Atli Magnússon úr KR voru valdir í úrvalsliðið í seinni umferð alveg eins og í fyrri umferðinni. Bullock, Justin Shouse í Stjörnunni og Jón Ólafur Jónsson í Snæfelli voru líka í úrvalsliðinu. Emil Barja í Haukum var kosinn dugnaðarforkurinn og Jón Guðmundsson þótti standa sig best af dómurunum í deildinni. - óój



**BROSMILDUR** Tiger fékk loksins að lyfta bikar um helgina og leiddist það ekki mikið.
NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Tiger Woods er loksins að vakna til lífsins á ný:

# Eyðimerkurgöngu Tigers lauk loksins

**GOLF** Eftir 923 daga eyðimerkurgöngu kom loksins að því um helgina að Tiger Woods vann golfmót. Það sem meira er þá vann hann mótið með yfirburðum og glans.

Allt frá því glansímynd Tigers hrundi er upp komst um vafasama tilburði hans í einkalífinu hefur hvorki gengið né rekið hjá honum á golfvellinum. Ekki bara hefur honum gengið illa á vellinum heldur hefur hann verið mikið meiddur þess utan.

Sigurinn á Bay Hill um helgina var sjöundi sigur kylfingsins á vellinum og líka 72. sigur hans á golfmóti. Biðin frá því í september árið 2009 var aftur á móti orðin ansi löng.

„Þessi sigur var hrein unun," sagði brosmildur Tiger eftir mótið á sunnudag en þar sýndi hann gamalkunnuga takta ásamt því sem brosið var einnig komið aftur.

„Þetta var virkilega erfitt. Aðstæður voru krefjandi og mikill vindur sem var síbreytilegur. Það var virkilega vel gert hjá þeim að ná flötunum hröðum og holustaðsetningarnar verða ekki mikið erfiðari."

Leiðin aftur á toppinn hjá Tiger hefur verið grýtt og oftar en ekki hefur hann klikkað á ögurstundu. Því áttu menn ekki að venjast er Tiger hafði mikla yfirburði á andlega sviðinu og þessi andlegi styrkur á stóran þátt í því að Tiger hefur unnið 14 risamót. Margir efuðust um að hann hreinlega næði sér aftur á strik.

Þó svo flest bendi til að Tiger sé kominn aftur í gamla formið mun hann sjálfur líklega ekki fagna of snemma. Hann þarf að ná aftur upp meiri stöðugleika áður en andstæðingar hans verða jafn hræddir við hann og þeir voru áður.

„Það var frábært að vera með sæti í fremstu röð og fylgjast hugsanlega með besta kylfingi allra tíma gera það sem hann gerir best – að vinna golfmót," sagði Graeme McDowell auðmjúkur, en hann lék lokahringinn með Woods og átti ekkert í hann.

Þessi sigur gefur Tiger heldur betur byr í seglin fyrir fyrsta stórmót ársins, Masters, sem haldið er um páskana.

Þar fær Tiger gullið tækifæri til þess að sanna að hann sé raunverulega kominn aftur. Heimurinn mun vafalítið fylgjast spenntur með. - hbg





Fjöldi námsleiða í boði

Kynning á framhaldsnámi við Verkfræði- og náttúruvísindasvið HÍ á Háskólatorgi
miðvikudaginn 28. mars kl. 16-18

Kennarar og nemendur í framhaldsnámi taka á móti gestum og kynna fjölbreytt framhaldsnám í öllum deildum sviðsins:

>> Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild
>> Jarðvísindadeild
>> Líf- og umhverfisvísindadeild
>> Rafmagns- og tölvuverkfræðideild
>> Raunvísindadeild
>> Umhverfis- og byggingarverkfræðideild

Umsóknarfrestur til 15. apríl
Sjá nánar á www.von.hi.is
Allir velkomnir

HÁSKÓLI ÍSLANDS
VERKFRÆÐI- OG NÁTTÚRUVÍSINDASVIÐ



Nýr Landspítali Háskólasjúkrahús

Haldinn verður opinn kynningarfundur á nýju deiliskipulagi fyrir Landspítala Háskólasjúkrahús í Ráðhúsi Reykjavíkur, Tjarnarsal kl. 17–19 næstkomandi fimmtudag þann 29. mars. Um er að ræða lögboðinn kynningarfund.*

Einnig verða kynntar breytingar á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins og aðalskipulagi Reykjavíkur** ásamt breytingu á deiliskipulagi fyrir Hringbraut. Hvort tveggja tengist hinu nýja deiliskipulagi og er kynnt samhliða því.

Kynning þessi fer fram áður en tillögurnar verða teknar til afgreiðslu hjá borgaryfirvöldum.

Sjá nánari kynningargögn á vef Reykjavíkurborgar, www.skipbygg.is og á vef Nýs Landspítala www.nyrlandspitali.is

Tillögurnar verða einnig til sýnis í Ráðhúsi Reykjavíkur og þjónustuveri Reykjavíkurborgar í Borgartúni 12-14.

Reykjavíkurborg
Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðins

*skv. 4.mgr. 40.gr. skipulagslaga nr. 123/2010 **skv. 2.mgr.23.gr.sbr. 27.gr. og 2.mgr.30.gr. sbr.1.mgr.36.gr.skipulagslaga nr.123/2010

Reykjavíkurborg

www.skipbygg.is
www.nyrlandspitali.is

## > Stöð 2 Sport kl. 18.30

### Benfica - Chelsea

***Bein útsending frá leik Benfica og Chelsea í 8-liða úrslitum Meistaradeildar Evrópu. Núna er Fernando Torres byrjaður að skora fyrir Chelsea á ný og spennandi að sjá hvort hann nær að finna leiðina í netið í Lissabon. Á sama tíma er leikur APOEL og Real Madrid í beinni á Sport 3.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ KJARTAN GUÐMUNDSSON HORFIR Á GETTU BETUR

# *Föstudags-stökkbreytingin nálgast*

Ég kom sjálfum mér á óvart fyrir um það bil einu ári. Ekki þó skemmtilega á óvart, heldur þvert á móti í raun, því á einu augabragði stökkbreyttist ég úr ábyrgum launþega á fertugsaldri í froðufellandi unglingspilt. Tilefnið var sigurganga Kvennaskólans í Reykjavík, gamla menntaskólans míns, í Gettu betur.

Þegar ég var nemandi gat Kvennó aldrei neitt í þessari keppni og var hending ef liðið drattaðist upp úr undanriðlunum í útvarpinu. Nánast óslitin sigurganga MR olli djúpstæðri andstyggð og í kjölfarið áunnu áhugaleysi á Gettu betur. Það var því alveg úr karakter að fríka út af spenningi yfir úrslitaviðureigninni milli Kvennó og MR í fyrra, en sú varð nú samt raunin og mikið var ég æstur, þrútinn og stoltur í leikslok. Um það geta vinir mínir á Facebook vottað.



Í undanúrslitum í ár bar Kvennó sigurorð af MH, þar sem spurning um íslenskan poppara sem kúkaði á sig á sviði í Brussel réði úrslitum. Í hinni viðureigninni, þar sem MR vann Versló, uppgötvaði ég að óbeit mín á Lærða skólanum er jafn sterk og fyrir fimmtán árum og mun líklega aldrei dvína. Ég vona því að Kvennóhetjurnar mínar sjái til þess að Gaudeamus igitur, hinn hrollvekjandi pirrandi sigursöngur MR-inga, eyðileggi ekki helgina fyrir froðufellandi unglingspiltinum. Hvað ætti ég þá eiginlega að setja í status?

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.36** Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Á Búsúkíslóðum **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Fyrr og nú **14.00** Fréttir **14.03** Sker **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Dagbók frá Diafani **15.25** Málstofan **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Víðsjá **17.00** Fréttir **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Leynifélagið **20.30** Í heyranda hljóði **21.20** Tríó **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Lestur Passíusálma **22.15** Fimm fjórðu **23.05** Matur er fyrir öllu **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**16.00 Íslenski boltinn** (e)
**16.40 Leiðarljós** (Guiding Light)
**17.20 Tóti og Patti** (51:52)
**17.31 Með afa í vasanum** (1:14) (Grandpa in My Pocket)
**17.45 Skúli skelfir** (13:52)
**17.56 Hið mikla Bé** (11:20)
**18.18 Fum og fát** (2:20)
**18.25 Táknmálsfréttir**
**18.35 Nýgræðingar** (Scrubs)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.00 Skólahreysti** Í Skólahreysti keppa grunnskólar landsins sín á milli í hinum ýmsu greinum sem reyna á kraft, styrk og þol keppenda.
**20.45 Fjórmenningar** (1:6) (The Inbetweeners) Bresk gamanþáttaröð um fjóra skólabræður sem eru hálfgerð viðundur.
**21.10 Djöflaeyjan**
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Dulnefni: Hunter** (3:6) (Kodenavn Hunter II) Norsk spennuþáttaröð um baráttu lögreglunnar við glæpagengi. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.20 Aðþrengdar eiginkonur** (13:23) (Desperate Housewives VIII) (e) Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**00.05 Kastljós** (e)
**00.30 Fréttir**
**00.40 Dagskrárlok**

## 2 BÍÓ

**08.00 Stuck On You**
**10.00 Temple Grandin**
**12.00 The Sorcerer's Apprentice**
**14.00 Stuck On You**
**16.00 Temple Grandin**
**18.00 The Sorcerer's Apprentice**
**20.00 Run Fatboy Run**
**22.00 The Condemned**
**00.00 War**
**02.00 Bug**
**04.00 The Condemned**
**06.00 Knight and Day**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** (7:23)
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 Doctors** (120:175)
**10.15 Wonder Years** (16:23)
**10.45 The Middle** (6:24)
**11.10 Matarást með Rikku** (6:10)
**11.40 Hank** (2:10)
**12.10 Two and a Half Men** (9:22)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Frasier** (14:24)
**13.20 The X Factor** (23:26)
**14.20 The X Factor** (24:26)
**15.00 Sjáðu**
**15.30 iCarly** (15:25)
**15.55 Barnatími Stöðvar 2**
**17.05 Bold and the Beautiful**
**17.30 Nágrannar**
**17.55 The Simpsons**
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Malcolm In the Middle** (4:22)
**19.45 Perfect Couples** (13:13)
**20.10 Modern Family** (17:24)
**20.35 Two and a Half Men** (5:24) Í þessari níundu þáttaröð hinna geysivinsælu gamanþátta Two and a Half Men dregur heldur betur til tíðinda, en serían er sú fyrsta þar sem Ashton Kutcher mætir til leiks.
**21.00 White Collar** (4:16)
**21.45 Burn Notice** (12:20)
**22.30 Community** (25:25)
**22.55 Schmatta: Rags To Riches To Rags** Áhugaverð heimildarmynd frá HBO um fataiðnaðinn í Bandaríkjunum. Hér er fjallað um þróunina sem hefur átt sér stað frá sjöunda áratugnum og fram til dagsins í dag.
**00.10 New Girl** (6:24)
**00.35 Mildred Pierce** (3:5)
**01.40 Gossip Girl** (8:24)
**02.25 Pushing Daisies** (7:13)
**03.10 Big Love** (8:9)
**04.05 Modern Family** (17:24)
**04.30 Two and a Half Men** (5:24)

## 2 SPORT *besta sætið*

**17.30 Fréttaþáttur Meistarad. Evrópu**
**18.00 Þorsteinn J. og gestir: upphitun**
**18.30 Meistaradeild Evrópu: Benfica - Chelsea** BEINT frá 8 liða úrslitum.
**20.45 Þorsteinn J. og gestir: meistaramörk** Sýnt frá öllum leikjunum í Meistaradeild Evrópu i knattspyrnu.
**21.10 Meistaradeild Evrópu: APOEL - Real Madrid** 8 liða úrslit.
**23.00 Tottenham - Bolton**
**00.45 Sunderland - Everton**
**02.30 Meistaradeild Evrópu: Benfica - Chelsea**
**04.20 Þorsteinn J. og gestir: meistaramörk**

## 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00 Man.United - Fulham**
**14.25 Bolton - Blackburn**
**16.15 Chelsea - Tottenham**
**18.05 Premier League Review 2011/12**
**19.00 WBA - Newcastle**
**20.50 Man.United - Fulham**
**22.40 Football League Show** Sýnt frá síðustu leikjum í neðri deildum enska boltans. Glæsileg mörk og mögnuð tilþrif.
**23.10 Liverpool - Wigan**

## 2 EXTRA

**19.30 The Doctors** (78:175)
**20.10 Monk** (2:16)
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.50 Smash** (4:15)
**22.40 The Glades** (13:13)
**23.25 V** (8:10)
**00.10 Supernatural** (8:22)
**00.55 Twin Peaks** (14:22)
**01.40 Malcolm In the Middle** (4:22)
**02.05 Perfect Couples** (13:13)
**02.25 Monk** (2:16)
**03.10 The Doctors** (78:175)
**03.50 Íslenski listinn**
**04.15 Sjáðu**
**04.40 Fréttir Stöðvar 2**
**05.30 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Pepsi MAX tónlist**
**15.00 Minute To Win It** (e)
**15.45 90210** (10:22) (e)
**16.35 Dynasty** (12:22) Ein þekktasta sjónvarpsþáttaröð veraldar.
**17.20 Dr. Phil**
**18.05 Got to Dance** (4:15) (e)
**18.55 America's Funniest Home Videos** (1:48) (e)
**19.20 Everybody Loves Raymond** (e)
**19.45 Will & Grace** (3:24) (e)
**20.10 Matarklúbburinn** (7:8) Hrefna fylgist með Margréti Dórótheu Sigfúsdóttur elda hefðbundinn íslenskan heimilismat og nútímavæðir hann svo í eigin eldhúsi.
**20.35 Innlit/útlit** (7:8) Það eru þær Sesselja Thorberg og Bergrún Íris Sævarsdóttir sem stýra skútunni á ný í þessum skemmtilegu þáttum. Þær munu leggja áherslu á spennandi hönnun, húsráð og sniðugar lausnir fyrir heimilið með áherslu á notagildi. Nýtt og notað verður saman í bland og Fröken Fix verður á sínum stað.
**21.05 The Good Wife** (9:22) Það gengur allt í haginn hjá Will og Aliciu en að þessu sinni þurfa þau að mæta fyrir herrétt.
**21.55 Prime Suspect** (10:13) Demantasali deyr og Jane og Augi rannsaka málið á meðan Matt fær óvæntar en góðar fréttir.
**22.45 Jimmy Kimmel**
**23.30 CSI** (12:22) (e)
**00.20 The Good Wife** (9:22) (e)
**01.10 Flashpoint** (12:13) (e)
**02.00 Everybody Loves Raymond** (e)
**02.25 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **08.10** Arnold Palmer Invitational 2012 (1:4) **11.10** Golfing World **12.00** The Tavistock Cup 2012 (1:2) **15.00** Arnold Palmer Invitational 2012 (2:4) **18.00** Golfing World **18.50** PGA Tour - Highlights (12:45) **19.45** The Tavistock Cup 2012 (2:2) **22.00** Golfing World **22.50** Presidents Cup Official Film 2011 (1:1) **23.40** ESPN America

## N4

**18.00** Að norðan **18.30** Tveir gestir **21.00** Bæjarstjórnarfundur

## BBC entertainment

**06.05** Keeping Up Appearances **07.05** Dalziel and Pascoe **08.50** Come Dine With Me **09.40** EastEnders **10.10** Come Dine With Me **11.00** My Family **12.35** Keeping Up Appearances **14.40** QI **15.40** Top Gear **16.30** Michael McIntyre's Comedy Roadshow **17.15** Come Dine With Me **18.05** QI **19.10** Lee Evans XL Tour **20.00** The Graham Norton Show **20.45** My Family **21.45** Live at the Apollo **22.35** Keeping Up Appearances **00.35** Dalziel and Pascoe **02.20** The Graham Norton Show **03.05** My Family

## DR 1

**10.10** Horisont **10.35** Lykke **11.35** Aftenshowet **12.30** Nye hvide verden **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Lægerne **14.00** Mira og Marie **14.05** Dyk Olli dyk **14.20** Timmy-tid **14.30** Lille Nørd **15.00** Pacific Paradise Police **15.50** DR Update - nyheder og vejr **16.00** Vores Liv **16.30** TV Avisen med Sport **17.05** Aftenshowet **18.00** Bonderøven **18.30** Blod, sved og ris **19.00** TV Avisen **19.25** Kontant **19.50** SportNyt **20.00** Irene Huss. Glasdjævlen **21.30** En chance til **22.00** OBS **22.05** En splittet familie

## NRK 1

**11.45** Full storm ved Stad **12.00** NRK nyheter **12.05** Valdres Teens **12.35** Norge rundt **13.00** NRK nyheter **13.10** Jessica Fletcher **14.00** NRK nyheter **14.10** Naturens undere **15.00** NRK nyheter **15.10** Norsk attraksjon **15.40** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Tegnspråknytt **16.00** Førkveld **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.45** Ut i naturen **18.15** Min idrett **18.45** Extra-trekning **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Brennpunkt **20.30** Humorama **21.00** Kveldsnytt **21.15** Winter **22.15** Brille

## svt1

**10.45** Coacherna **11.15** Bakom 30 grader i februari **11.20** Skavlan **12.20** Ministern **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.30** The Big C **15.00** Lyckan är en bluff **15.30** Sverige idag **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Go'kväll **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport **18.00** Så levde de lyckliga **19.00** Född 2010 **20.00** Hübinette **20.30** Dox **22.05** Rapport **22.10** Kulturnyheterna **22.15** The Squid and the whale **23.35** Rapport **23.40** 30 grader i februari

## iNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Græðlingur **21.30** Svartar tungur

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 97,7** X-ið | **FM 99,4** Útvarp Saga | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 91,9** Kaninn | **FM 95,7** FM957 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,2** Útvarp Latibær | **FM 105,5** Útvarp Boðun |



# Í DAG VEITIR DÆLULYKILL ATLANTSOLÍU

# 7 KRÓNA AFSLÁTT

AUKAAFSLÁTTUR DAGSINS BÆTIST EKKI OFAN Á ÖNNUR AFSLÁTTARKJÖR.

ÍSLENSKA ÁNÆGJUVOGIN



HVERNIG VÆRI AÐ HALDA ATLANTSOLÍUDAGINN HÁTÍÐLEGAN OG FÁ SÉR ÆRLEGA Á TANKINN Í DAG?

SÆKTU UM DÆLULYKIL Á WWW.ATLANTSOLIA.IS

LENGI LIFI SAMKEPPNI

ATLANTSOLÍA

Atlantsolía var stofnuð til að veita stóru olíufélögunum samkeppni. Við rufum einokun olíurisanna þriggja árið 2003 og höfum haldið keppinautunum við efnið síðan.

Dælulykill gefur afslátt hjá þessum frábæru fyrirtækjum:

kemi · GÚMMÍVINNSLAN

**BESTI BITINN Í BÆNUM**



*„Það er núðlusúpan á Noodle Station á Skólavörðustíg. Hún er voðalega góð og ég fæ mér hana mjög oft. Ég mæli með henni.“*

Fabúla, söngkona, laga- og textasmiður.

# Framhaldslíf ofbeldismyndbands

Myndband hljómsveitarinnar Moon við lagið My Husband The Corpse hefur flakkað um samskiptasíðuna Facebook undanfarnar vikur. Texti lagsins og myndbandið þykja skuggaleg enda er umfjöllunarefni þess heimilisofbeldi.

Snædís Snorradóttir er nemandi á tæknibraut við Kvikmyndaskóla Íslands og söngkona hljómsveitarinnar Moon. Hún segir myndbandið hafa verið skólaverkefni sem hún vann árið 2010. „Lagið varð til þannig að ég fékk sendan lagstúf og þegar ég hlustaði á hann kom yfir mig einhver andi. Ég settist við skriftir og kláraði textann á mjög stuttum tíma. Myndbandið tókum við svo upp 2010 og það var ákveðið að ég færi með aðalhlutverkið þó ég sé engin leikkona,“ útskýrir Snædís.

Einar Örn Kristjánsson og Snorri Páll Haraldsson eru ásamt Snædísi í hljómsveitinni og segir hún að þeim hafi þótt erfitt að vera vitni að tökunum á myndbandinu. „Þetta tók á alla. Ég fékk frábæran mótleikara sem fór mjög djúpt í karakterinn og þar sem hann sést toga í hárið á mér, er hann í alvöru að toga í hárið á mér. En lagið er svo dimmt að það var ekki hægt að gera annað en að fara alla leið í myndbandinu.“

Snædísi segir myndbandið hafa dúkkað upp á Netinu reglulega frá árinu 2010 og segist hún ánægð með að myndbandið skuli enn lifa góðu lífi. „Mér finnst gaman að þetta skuli ekki gleymast því mér finnst umræðan um heimilisofbeldi oft falla í skuggann.“

Þeim sem hafa áhuga á að skoða myndbandið er bent á vefsíðuna enterthemoon.co. **- sm**



**MYRKIR TÓNAR** Snædís Snorradóttir, söngkona hljómsveitarinnar Moon. Myndband við lag sveitarinnar flakkar nú um Netið og hefur vakið nokkra athygli fyrir umfjöllunarefnið. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

norden
Halló Norðurlönd

EURES

Upplýsingaþjónusta Norrænu ráðherranefndarinnar, Halló Norðurlönd, og EURES, Evrópsk vinnumiðlun standa fyrir upplýsingafundum um að flytja til hinna Norðurlandanna. Á fundunum gefur fulltrúi EURES góð ráð varðandi atvinnuleit og starfsmaður Halló Norðurlanda veitir hagnýtar upplýsingar um skráningu inn í landið, félagslegar bætur til barnafólks, nám, húsnæðisleit og fleira.

- Fimmtudaginn 29. mars kl. 18:00: Að flytja Danmerkur
- Fimmtudaginn 29. mars kl. 20:30: Að flytja til Noregs
- Fimmtudaginn 12. apríl kl. 18:00: Að flytja til Svíþjóðar

Upplýsingafundirnir, sem haldnir eru í húsnæði Norræna félagsins, Óðinsgötu 7 eru ókeypis og öllum opin og henta jafnt þeim sem hyggja á atvinnuleit eða stefna á nám á Norðurlöndum en einnig þeim sem flytja af öðrum ástæðum.

Skráning fer fram hjá Norræna félaginu í síma 5510165 og á netfanginu hallo@norden.is.



**EKKI SÁTTIR** Ragnar Hansson, leikstjóri gamanþátta Mið-Íslands, er ekki ánægður með að hafa verið meinað að taka upp atriði í Leifsstöð. Hér er Ragnar ásamt grínistunum Jóhanni Alfreð, Dóra DNA, Berg Ebba og Ara Eldjárn. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**RAGNAR HANSSON:** ÞEIR VORU EKKI HRIFNIR AF ÞESSARI TEGUND AF GRÍNI

# MIÐ-ÍSLANDI MEINAÐUR AÐGANGUR AÐ LEIFSSTÖÐ

„Ég verð eiginlega bara pirraður þegar ég tala um þetta,“ segir Ragnar Hansson, leikstjóri gamanþátta Mið-Ísland-hópsins, sem fékk ekki að taka upp í Leifsstöð þegar tökur stóðu yfir síðastliðið haust.

Hópurinn þurfti að taka upp atriði í flugstöð og framleiðslufyrirtækið lagði því inn umsókn hjá Isavia til að fá leyfi fyrir tökum í Leifsstöð. Tökuliðið fór á fund með öryggisfulltrúa flugstöðvarinnar sem var boðinn og búinn að hjálpa þeim. Ragnar varð því mjög hissa þegar umsókninni var að lokum synjað og Mið-Ísland-hópnum því bannað að taka upp í Leifsstöð.

„Við vorum ekki að biðja um leyfi fyrir því að taka upp á stöðum sem hefur ekki verið tekið upp á áður. Mér finnst þetta mjög skrýtið og skil ekki hvers vegna ríkisstyrktu verkefni eins og þessu sé meinaður aðgangur að einu millilandaflugstöð landsins. Það er ekki auðvelt að skapa svona umhverfi og varla hægt að fara á Reykjavíkurflugvöll sem er eins og bílskúr,“ segir Ragnar sem var það pirraður yfir ákvörðun Isavia að hann hóf að grennslast fyrir um ástæðu synjunarinnar, meðal annars hjá innanríkisráðuneytinu.

„Þar fékk ég staðfestingu á því að stjórnendur Isavia, sem taka ákvarðarnir eins og þessa, voru einfaldlega ekki hrifnir af þessari tegund af gríni. Þetta var eins og þeir vildu ritstýra okkur,“ segir Ragnar og bætir við að hann hafi öruggar heimildir fyrir því að Ögmundi Jónassyni innanríkisráðherra hafi blöskrað framferði Isavia í málinu og komið þeim skoðunum sínum á framfæri.

Friðþór Eydal, talsmaður Isavia, segir ekki leyfilegt að taka upp við öryggishlið flugstöðvarinnar af öryggisástæðum. „Við förum eftir ákveðnum starfsreglum í þessum málum og skoðum hvert tilvik sérstaklega. Nú þekki ég ekki þetta tiltekna mál en þær útskýringar sem þeir fengu með synjuninni hljóta að standa,“ segir hann.

Atriðið sem um ræðir er mjög saklaust að sögn Ragnars en það fjallar um mann sem er á leiðinni til London en tollverðir og öryggishlið flækja för hans með ýmsum hætti. „Þetta er mjög einfalt grín og atriðið var ekki beint í uppáhaldi í fyrstu. Eftir þetta vesen varð ég hins vegar harðákveðinn í að taka það upp og við bjuggum bara til okkar eigin flugstöð með einhverju skítamixi. Nú er atriðið eitt það besta í þættinum að mínu mati,“ segir Ragnar en umrætt atriði má sjá á fimmtudaginn kemur þegar Mið-Ísland-hópurinn beinir sjónum sínum að gríni tengdu flugsamgöngum.

alfrun@frettabladid.is

# Mynduðu Krumma á hvolfi

„Við reynum að hrista fólk úr dróma hversdagsins til að ná góðri mynd, ýta því út á ystu nöf,“ segir Rebekka Kolbeinsdóttir, semvinnur að ljósmyndaverkefninu Vakna ásamt Magnúsi Haraldssyni, eiginmanni sínum.

Hjónin hafa myndað nokkra þekkta einstaklinga og má þar nefna tónlistarmenina Krumma og Herbert Guðmundsson, listamanninn Ómar Stefánsson og hljómsveitirnar Indigó og Sólstafi. „Við mynduðum Krumma þar sem hann hékk á fótunum í fimm metra hæð og notuðum vörulyftu til að hífa hann upp,“ segir Rebekka.

Hugmyndin að verkefninu fæddist síðasta sumar og hyggst parið halda sínu fyrstu sýningu á næstu mánuðum. „Við höfum bæði mikinn áhuga á ljósmyndun og ákváðum að fara af stað með Vakna síðasta sumar. Okkur finnst skemmtilegt að mynda listafólk og annað áhugavert fólk og reyna að draga fram innri mann þess á myndunum,“ útskýrir Rebekka og bætir við að nafnið Vakna vísi meðal annars til hugarástandsins er þau fara í á meðan þau mynda. „En það má líka finna merkingu nafnsins í verkferlinu þar sem við leitumst við að mynda djúpa reynslu fólks þegar það er komið á ystu nöf.“



**VAKNA** Vakna nefnist ljósmyndaverkefni hjónanna Rebekku Kolbeinsdóttur og Magnúsar Haraldssonar. Þau hafa meðal annars myndað tónlistarmennina Krumma og Herbert Guðmundsson. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Vakna er ekki eina samstarfverkefni hjónanna því þau eru einnig í hljómsveitinni Homeless og stefna á plötuútgáfu innan skamms. Hægt er að skoða verk Rebekku og Magnúsar og hafa samband við þau á Facebook undir nafninu Vakna Photography. **- sm**

# ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ DOMINO'S

# 1.000 KR.

Sími 58·12345
www.dominos.is

**Þú sækir miðstærð af pizzu með þremur áleggstegundum á 1.000 kr.**




Kynntu þér nýjan og spennandi matseðil okkar. Skemmtilegar nýjungar, þrjár mismunandi gerðir af ljúffengum botnum og ennþá betra álegg og meðlæti. **Kíktu á úrvalið!**



FRÉTTABLAÐIÐ
VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR
Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja
9 771670 387005
Póst dreifing
DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
vísir
Meiri Vísir.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Valtari Sigur Rósar

Eins og fram hefur komið í Fréttablaðinu er ný plata væntanleg frá **Georg Holm** og félögum í hljómsveitinni Sigur Rós á þessu ári. Platan hefur fengið nafnið Valtari og er væntanleg 28. maí. Sjö lög eru á Valtara og fylgir hún eftir plötunni Með suð í eyrum við spilum endalaust, sem kom út árið 2008. Sigur Rós hyggst koma fram víða um heim í kjölfar útgáfu plötunnar og er bókuð á tónlistarhátíðir í Bretlandi, Kanada, Frakklandi, Japan og á Írlandi í sumar.



### Regla til eftirbreytni

Á fundi með efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis í gær fór **Már Guðmundsson** seðlabankastjóri yfir reglur sem stuðst er við í peningastefnunefnd bankans. Þar er hver og einn hvattur til að tjá sig út á við um ákvarðanir í stjórn peningamála og um efnahagsmál almennt. „En við höfum þá reglu að forðast að tjá okkur, og sér í lagi með neikvæðum hætti, um viðhorf annarra nefndarmanna," sagði Már. Ekki var laust við að greina mætti glettni hjá **Helga Hörvari**, formanni nefndarinnar, þegar hann í kjölfarið sagði: „Þessar starfsreglur eru íhugunarefni fyrir okkur sem störfum hér á Alþingi." **- afb, óká**



## Mest lesið vísir

1. Hafnaði tugmilljónum í typpin
2. Lögreglan lýsir eftir pólskri konu
3. James Cameron komst niður á 11 kílómetra dýpi
4. Kvótafrumvörp kynnt – bein útsending á Vísi
5. Númerum stolið af 600 bílum
6. Íslendingur fékk 52 milljóna styrk til rannsókna á Grænlandi




